

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B133

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 133

Nr. 1097-1244

2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1097	12. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000, 67/2002, 65/2003, 79/2004 og 1017/2004	2509
1098	6. des.	Auglýsing um breytingu á grunnfjárhæðum erfðafjárskatts skv. lögum nr. 83/1984	2510
1099	2. des.	Reglur um afnám reglna nr. 470, 15. júní 2001 um fyrsta sölundag almennra útboða verðbréfa	2510
1100	5. des.	Reglur um bókhald og reikningskil ferðaskrifstofa	2511-2512
1101	1. des.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi	2513-2515
1102	1. des.	Samþykkt um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði	2516-2520
1103	7. des.	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	2521
1104	24. nóv.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Arnargerði, Blönduósi	2522
1105	9. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár	2523-2527
1106	8. des.	Auglýsing um breytingu auglýsingar um takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi, nr. 779/2005	2528
1107	7. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Valla 4. áfanga, Fléttuvellir 6, Hafnarfirði	2528
1108	7. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Valla miðsvæðis, Tjarnarvellir 15, Hafnarfirði	2529
1109	7. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Eyrróð 3, Hafnarfirði	2529
1110	8. des.	Reglur um gerð og staðsetningu skilta í Vestmannaeyjum	2530-2532
1111	20. des.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	2533
1112	21. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Bláskógabyggð	2534
1113	29. nóv.	Samþykkt um bann við lausagöngu stórgripa á Fljótsdalshéraði	2535-2538
1114	7. des.	Reglugerð um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum	2538
1115	7. des.	Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga	2539
1116	7. des.	Reglugerð um (15.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanþjónustu fyrir aldraða	2540
1117	7. des.	Reglugerð um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2006	2541
1118	9. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um Hapdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976, með síðari breytingum	2542
1119	8. sept.	Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Auðkúluheiði	2543-2546
1120	8. des.	Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grimstungu- og Haukagilsheiði	2547-2550
1121	2. des.	Samþykkt um kattahald í Blönduóssbæ	2551-2552
1122	8. des.	Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Eyvindarstaðaheiði	2553-2556
1123	12. des.	Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum	2557-2574
1124	22. des.	Reglugerð um úrvinnslugjald	2575-2583
1125	25. nóv.	Reglugerð um innköllun þriggja seðlastærða	2584
1126	13. des.	Auglýsing um staðfestingu á breyttu stjórnsýsluheit Vatnsleysustrandarhrepps	2585
1127	13. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum	2586
1128	12. des.	Reglugerð um fjárhagslegan stuðning við sveitarfélög vegna einkaframkvæmda (eignar- og rekstrarleigu) á sviði fráveitumála á árinu 2005	2587
1129	12. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð um ábyrgðir Jöfnunarsjóðs sókna nr. 865/2001	2588
1130	12. des.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 206/1991 um Jöfnunarsjóð sókna	2589
1131	19. des.	Auglýsing um yfirlit vaxta fyrir árið 2005	2590-2591
1132	8. des.	Gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík	2592-2600
1133	8. des.	Gjaldskrá fyrir kattahald í Reykjavík	2601
1134	8. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík	2602
1135	8. des.	Gjaldskrá Meindýravarna Reykjavíkurborgar	2603
1136	22. des.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 873/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	2604
1137	13. des.	Auglýsing ríkisskattstjóra um mat á verði bústofns vegna tekna og eigna í árslok 2005	2605-2606
1138	19. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 717, 6. október 2000, um veiðar á gulllaxi	2607
1139	14. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit	2608
1140	14. des.	Reglugerð um verndun kóralsvæða við suðurströndina	2609-2610
1141	13. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, vegna Völu-teigs 25-31, Mosfellsbæ	2611

STJÓRNARTÍÐINDI B 133 – 2005

12. desember 2005

2509

Nr. 1097

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000, 67/2002, 65/2003, 79/2004 og 1017/2004.

1. gr.

Fjárhæðir sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 4. mgr. 11. gr. komi 10.800 kr. í stað 10.100 kr. (1. fl.), 8.300 kr. í stað 7.700 kr. (2. fl.) og 6.300 kr. í stað 5.900 kr. (3. fl.).

Í 1. mgr. 12. gr. komi 670 kr. í stað 620 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2006.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. desember 2005.

Árni Magnússon.

Óskar Páll Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum erfðafjárskatts skv. lögum nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 944.879.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 68.007.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 83/1984, um erfðafjárskatt öðlast gildi frá og með 1. desember 2005 og gildir til 30. nóvember 2006.

Fjármálaráðuneytinu, 6. desember 2005.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

REGLUR

um afnám reglna nr. 470, 15. júní 2001 um fyrsta sölundag almennra útboða verðbréfa.

1. gr.

Með reglum þessum eru felldar úr gildi reglur nr. 470, 15. júní 2001, um fyrsta sölundag almennra útboða verðbréfa.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 38. gr. laga nr. 36, 22. maí 2001, um Seðlabanka Íslands og öðlast gildi 1. janúar 2006.

Reykjavík, 2. desember 2005.

Seðlabanki Íslands,

Davíð Oddsson,
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Jón Sigurðsson
bankastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

REGLUR

um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa.

1. gr.

Markmið, gildissvið og framkvæmd.

Markmiðið með þessum reglum er að tryggja að fyrir liggi nauðsynlegar upplýsingar til að hafa eftirlit með að tryggingar ferðaskrifstofa vegna sölu alferða séu í samræmi við lög um skipan ferðamála nr. 73/2005 en sala alferða er tryggingarskyld starfsemi.

Reglurnar taka til allra þeirra sem fengið hafa leyfi Ferðamálastofu til reksturs ferðaskrifstofu sbr. lög um skipan ferðamála nr. 73/2005, hér eftir nefndir leyfishafar.

Ferðamálastofa leggur mat á fjárhæð tryggingar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, en áður skal hún leita umsagnar löggilts endurskoðanda.

2. gr.

Bókhaldskerfi.

Bókhaldskerfi leyfishafa skal vera með skipulegum hætti og í samræmi við lög um bókhald á hverjum tíma. Þetta felur m.a. í sér að fyrir á að liggja skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhaldskerfisins. Ef leyfishafar hafa með höndum fjölþætta starfsemi skal deildarskipta bókhaldslykli þannig að sala alferða sé aðgreind frá öðrum rekstri.

3. gr.

Ársreikningur.

Við gerð ársreiknings skal semja sérgreindan rekstrarreikning yfir sölu alferða. Öllum rekstrarkostnaði skal skipt á rekstrarþætti og í skýringum með ársreikningi skal gera grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar eru til að heimfæra tekjur og kostnað á rekstrarþætti. Ef breytingar verða á þessum aðferðum frá fyrra ári skal gera sérstaka grein fyrir þeim.

4. gr.

Tekjur.

Tekjur af sölu alferða skal færa þegar til þeirra hefur verið unnið og þjónustan í meginatriðum verið innt af hendi. Gæta skal þess sérstaklega að bókfæra tekjur réttilega á mánuði innan ársins. Skiptingu tekna á mánuði á að vera hægt að lesa úr bókhaldskerfinu fyrir hvern tekjulykil í reikningslykli.

Tekjur af sölu alferða skal í bókhaldi haldið aðgreindum frá öðrum tekjum og þær bókfærðar á sérstaka reikningslykla. Ávallt skal liggja skýrt fyrir á hvaða reikningslykla tekjur af sölu alferða eru færðar.

Ef flughluti alferðar er í áætlunarflugi, en ekki tekjufærður sérstaklega, er heimilt að draga kostnað við áætlunarflugið frá tekjum við sölu alferða við útreikning á tryggingarfjárhæð. Kostnað við áætlunarflug í þessum tilfellum skal færa á sérstakan reikningslykil.

5. gr.

Upplýsingagjöf.

Fyrir lok 30. apríl ár hvert skulu leyfishafar skila Ferðamálastofu eftirfarandi gögnum:

- Endurskoðuðum ársreikningi síðasta rekstrarárs.
- Yfirliti yfir mánaðarlega veltu síðasta rekstrarárs þar sem áætluð velta vegna sölu alferða er sérgreind. Útreikningur á frádrætti vegna áætlunarflugs skal sýndur sér-

- staklega og heildarveltan afstemmd við ársreikning. Yfirlitið skal staðfest af lög-giltum endurskoðanda leyfishafa.
- c) Yfirliti yfir áætlaðar mánaðarlegar rekstrartekjur yfirstandandi árs þar sem áætluð velta vegna sölu alferða er sérgreind.
 - d) Staðfestingu endurskoðanda leyfishafa um að bókhaldskerfi sé í samræmi við ákvæði þessara reglna.

6. gr.

Mat á tryggingarfjárhæð.

Mat á tryggingarfjárhæð skal fara fram hjá Ferðamálastofu en áður skal hún leita umsagnar löggilts endurskoðanda. Við matið skal endurskoðandi hafa óhindraðan aðgang að bókhaldsgögnum og bókhaldskerfi leyfishafa.

7. gr.

Gjaldtaka.

Ferðamálastofu er heimilt að taka gjöld af leyfishafa sem rennur til Ferðamálastofu til að standa straum af eftirliti vegna laganna og skal fjárhæð gjaldsins nema allt að þrjátíu þúsund krónum á hvern leyfishafa á ári. Gjöldin eiga að standa undir kostnaði af bókhalds-rannsóknnum og öðru því sem nauðsynlegt er til að sannreyna fjárhæð tryggingar á hverjum tíma.

8. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um skipan ferðamála nr. 73/2005, öðlast gildi 1. janúar 2006. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 530/1998.

Samgönguráðuneytinu, 5. desember 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Ölfus annast sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari. Bæjarstjórn sér til þess, í samráði við heilbrigðiseftirlit og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

2. gr.

Sveitarfélagið Ölfus annast sorphreinsun frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með starfsemi. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphreinsunar og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárns og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á. Sorpförgun skal framkvæmd undir yfirstjórn og á ábyrgð bæjarstjórnar. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum að sjá um sorpförgun og samskipti við þá aðila sem við á.

3. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn. Þær skulu staðsettar saman á jarðhæð, ef um fjölbýlishús er að ræða. Sorpgeymslur skulu ekki vera fjær götu en 15 metrar. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílatum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

4. gr.

Í sorpílat fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Sorphreinsimönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílat.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílat og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílat, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílatin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframsorpi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

5. gr.

Hirða heimilissorps skal fara fram á 14 daga fresti. Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örur en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í flokkunarstöð eða í viðeigandi gáma á fyrirfram ákveðnum stöðum.

6. gr.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um hirðu framleiðsluúrgangs. Frágangur og umgengi um sorpilát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar. Staðsetning sorpgáma vegna framleiðsluúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir umhverfisstjóra þar um, eða ákvæði deiliskipulags.

II. KAFLI

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

7. gr.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er bæjarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda sorphirðufláta, hvort um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að haga gjaldskrárflokkum eftir þjónustustigi. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu, umsýslu og eftirlit með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið Ölfuss sér um hirðu neysluúrgangs sem til fellur í eldhúsum og kaffistofum fyrirtækja og stofnana, gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að setja upp gjaldskrárflokka fyrir mismunandi þjónustu, með það að markmiði að draga úr sorpmagni og umfangi þess sem fer til urðunar.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Hafi húsráðandi kvörtun fram að færa vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri við bæjarstjóra Sveitarfélagsins Ölfuss eða framkvæmdaaðila.

Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn, getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

11. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar skal bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss aðvara viðkomandi skriflega og óska úrbóta af hans hálfu.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum .

12. gr.

Samþykkt þessi sem sett er samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, staðfestist hér með og öðlast gildi 1. janúar 2006.

Umhverfisstjórnuneytinu, 1. desember 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði.

I. KAFLI

Hundahald.

1. gr.

Hundahald í þéttbýlisstöðum í Sveitarfélaginu Skagafirði sætir þeim takmörkunum sem sett eru í samþykkt þessari. Þéttbýlisstaðirnir sem hér um ræðir eru Sauðárkrókur, Hofsó, Hólar, Varmahlíð og Steinsstaðir.

2. gr.

Sveitarstjórn, eða umboðsaðila hennar, er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni. Leyfi má veita með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Um hundahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þ.e. ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi þar sem inngangur, stigangur eða annað húsrými er sameiginlegt, skal skriflegt samþykki allra íbúðar eigenda fylgja umsókn. Sama á við ef um er að ræða parhús eða raðhús.
- b) Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, t.d. hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Hundurinn skal vera ormahreinsaður og skulu hundar færðir til hreinsunar ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Gjald vegna ormahreinsunar er innifalið í leyfisgjaldi vegna hundsins.
- d) Skylt er að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hundsins. Ábyrgðartrygging skal ná til alls þess tjóns, sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Ábyrgðartrygging er innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Hundurinn skal vera örmerktur, skv. reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004, og ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er grafið skráningarnúmer hundsins.
- f) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utanhúss og í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðal dýrum hússins. Hundeinganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- g) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.

- h) Ekki má hleypta hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Ekki má heldur hleypta hundum inn í húsnæði vatnsveitna samanber reglugerðir um neysluvatn og ölkelduvatn. Framangreindir staðir eru m.a. eftirfarandi:
1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
 2. Almennings- og útisalerni.
 3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
 4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
 5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsjónaraðila.
 6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
 8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
 9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
 10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
 11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
 12. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
 13. Almenn samgöngutæki.
- i) Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur.
- j) Ákvæði staflíða h og i hér að framan gilda ekki um nytjahunda að störfum.
- k) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- l) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef hundar eru ræktaðir í atvinnuskyni.

3. gr.

Umsóknum um leyfi til hundahalds skal skila til sveitarstjórnar eða umboðsaðila á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrir mælum samþykktar um hundahald. Sveitarstjórn, eða umboðsaðili hennar, veitir eða synjar umbeðins leyfis. Leyfishafi fær afhenta plötu samanber ákvæði e-liðar í 2. grein. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi. Leyfishafi skal tilkynna ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.

4. gr.

Hunda, sem ganga lausir utan húss í þéttbýli skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bíta skal fjarlægja og er lögreglu og eftirlitsmanni heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn er kominn í vörslu eftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti ber að aflífa hundinn, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er.

II. KAFLI Kattahald.

5. gr.

Kattahald í þéttbýlisstöðum í Sveitarfélaginu Skagafirði sætir þeim takmörkunum sem sett eru í samþykkt þessari. Þéttbýlisstaðirnir sem hér um ræðir eru Sauðárkrókur, Hofsó, Hólar, Varmahlíð og Steinsstaðir.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni. Undanþágur má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- a) Um kattahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þ.e. ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi þar sem inngangur, stigagangur eða annað húsrými er sameiginlegt, skal skriflegt samþykki allra íbúðar eigenda fylgja umsókn. Sama á við ef um er að ræða parhús eða raðhús.
- b) Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Kettir skulu vera hreinsaðir af ornum svo og öðrum sníkjudýrum sem máli skipta og skulu kettir færðir til hreinsunar ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Gjald vegna hreinsunar er innfalið í leyfisgjaldi vegna kattarins.
- d) Skylt er að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna katta. Ábyrgðartrygging skal ná til alls þess tjóns, sem kötturinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Ábyrgðartrygging er innfalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Kötturinn skal vera örmerktur, skv. reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004 og ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er grafið skráningarnúmer dýrsins.
- f) Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- g) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.
- h) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstöku tilfellum, svo sem ef kettir eru ræktaðir í atvinnuskyni.
- i) Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.
- j) Ekki má hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Ekki má heldur hleypa köttum inn í húsnæði vatnsveitna samanber reglugerðir um neysluvatn og ölkelduvatn.

7. gr.

Umsóknnum um leyfi til kattahalds skal skila inn til sveitarstjórnar eða umboðsaðila hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um kattahald. Sveitarstjóri, eða umboðsaðili sveitarstjórnar, veitir eða synjar umbeðins leyfis að fenginni umsögn eftirlitsmanns. Leyfishafi fær afhenta plötu, samanber ákvæði e-liðar 2. mgr. 6. gr. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta fanga ómerkta ketti að höfðu samráði við Heilbrigðis- eftirlit Norðurlands vestra. Meiriháttar föngun villikatta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara með tilmælum um að heimilisköttum sé haldið innan dýra. Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í kattageymslu. Ef kattareigandi vitjar ekki kattarins innan viku, er heimilt að farga kettinum án frekari fyrirvara. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu, föðrun og aflífun, ef til þess kemur. Ef ekki er unnt að bera kennsl á kött með örmerki eða með merkingu á ól skal auglýsa eftir eiganda hans. Gefi sig ekki fram eigandi innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að láta lóga viðkomandi ketti án frekari fyrirvara.

III. KAFLI Eftirlit og fleira.

9. gr.

Sveitarstjórn tilnefnir eftirlitsaðila sem fyrir hennar hönd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Heimilt er að skipa fleiri en einn aðila til verksins og setur sveitarstjórn nánari starfsreglur.

Eftirlitsaðili skal gera skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af. Á skrifstofu sveitarfélagsins skal færa upplýsingar um leyfð dýr í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Eftirlitsmaður skal árlega senda heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra og umhverfisnefnd Skagafjarðar skrá yfir leyfða hunda og ketti. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur eftirlit með samþykkt þessari. Eftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar og hefur eftirlit með hundahaldi og kattahaldi í Sveitarfélaginu Skagafirði og getur leitað aðstoðar lögreglu yfirvalda þegar þess er þörf.

10. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi dýrsins sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald og kattahald gilda getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda dýrið eftirlitsmanni. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds og kattahalds telji hún þess brýna þörf. Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

11. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykktum þessum ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er sveitarstjórn heimilt að beita hann dagsektum þar til úr er bætt eða öðrum þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykkt þessari. Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 278/1995 um hunda- og kattahald á Hólum í Hjaltadal, svo og eldri samþykktir um hundahald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Umhverfisstjórnuneytinu, 1. desember 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir AGVA-Norðurland ehf., kt. 531000-2420. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2017.

Umhverfisstofnun, 7. desember 2005.

Þórey I. Guðmundsdóttir,
staðgengill forstjóra.

*Þór Tómasson, staðgengill
forstöðumanns stjórnsýslusviðs.*

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Arnargerði, Blönduósi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Blönduósbæjar þann 18. október 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Arnargerði, Blönduósi. Deiliskipulagsbreytingin felst í að breyta tveimur byggingarlóðum hestúsa í eina lóð með byggingarreit fyrir stórt hestús syðst og vestast á hestúsasvæðinu í Arnargerði.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Blönduósi, 24. nóvember 2005.

Jóna Fanneý Friðriksdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk,
markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

1. gr.

Viðauki I breytist og verður:

VIÐAUKI I

Varnarsvæði og litarmerking.

Litarmerkingu búfjár með varanlegum litum sbr. viðauka II skal haga eftir búsetu sem hér segir:

Varnarsvæði	Litur	Varnarlínur
1. Landnámshólf	Grár	Sogslína: Ölfusá og Sog. Þingvallavatn. Bláskógalína úr Þingvallavatni í Kvígindisfell. Hvalfjarðarlína frá Kvígindisfelli um Hvalvatn í Hvalfjörð við Múlafjall.
2. Borgarfjarðarhólf syðra	Gulur	Hvalfjarðarlína úr Hvalfirði við Múlafjall um Hvalvatn og Kvígindisfell að Matbrunnum við Uxahryggi. Andakíslína frá Matbrunnum um Reyðarvatn og Skorradalsvatn í Andakíl.
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra	Hvítur	Andakíslína. Hvalfjarðarlína frá Matbrunnum að Hróðurkörlum við Þórisjökul. Tvidægrolína frá Langjökli um Arnarvatn að Kvíslavötnum. Hvítársíðulína frá Kvíslavötnum að Hvítá við Bjarnastaði. Hvítá, þaðan til ósa.
4. Mýrahólf	Appelsínugulur	Hvítá í Borgarfirði, Hvítársíðulína, Tvidægrolína frá Kvíslavötnum að Svínadal norðan Tröllakirkju. Dalalína nálægt suðurmörkum Dalasýslu frá Svínadal að Hítará. Hítará, þaðan til ósa.
5. Hnappadalshólf	Bleikur	Hítará, Dalalína frá Hítará til Skógarstrandar. Snæfellsnesslína úr Álftafirði í Skógarnes.
6. Snæfellsnesshólf	Blár	Snæfellsnes vestan Snæfellsnesslínu.
7. Dalahólf syðra	Gulur	Dalalína nálægt suðurmörkum Dalasýslu frá Skógarströnd að Svínadal inn af Haukadal. Tvidægrolína frá Svínadal að Skeggöxl vestan Hrutafjarðar. Hvammsfjarðarlína þaðan til Hvammsfjarðar milli Þorbergsstaða og Hrútsstaða.
8. Dalahólf nyrðra	Grár	Hvammsfjarðarlína úr Hvammsfirði um Laxárdalsheiði til Hrutafjarðar. Gilsfjarðarlína úr Gilsfirði í Bitrufjörð.

Varnarsvæði	Litur	Varnarlínur
9. Steingrímsfjarðarhólf	Blár	Gilsfjarðarlína, Berufjarðarlína í Þorskafjarðarlínu á Kollabúðaheiði, þaðan í Steingrímsfjörð sunnan Hrófbergs.
10. Reykjanesshólf	Hvítur	Berufjarðarlína úr Berufirði í Þorskafjarðarlínu. Þorskafjarðarlína úr Þorskafirði vestan Hjalla.
11. Mið-Vestfjarðahólf	Gulur	Þorskafjarðarlína úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð. Kollafjarðarlína úr Kollafirði um Gjörvidal í Ísafjörð.
12. Vestfjarðahólf	Grænn	Kollafjarðarlína, Mjólkárlína sunnan Mjólkár. Rauðasandslína úr Stálfjalli um Skarðabrúnir að Kleifaheiði. Suðurfjarðarlína þaðan eftir fjallgarðinum í Trostansfjörð.
13. Rauðasandshólf	Fjólublár	Rauðasandslína úr Stálfjalli um Skarðabrúnir og Kleifaheiði í Ósafjörð.
14. Arnarfjarðarhólf	Hvítur	Rauðasandslína úr Ósafirði að Kleifaheiði, Suðurfjarðarlína þaðan í Trostansfjörð.
15. Miðfjarðarhólf	Grænn	Hvammfjarðarlína úr Hrutafirði sunnan Fjarðarhorns að Skeggöxl. Tvídægurína frá Skeggöxl um Kvíslavötn í Arnarvatn. Miðfjarðarlína úr Arnarvatni um Miðfjarðarvatn í Miðfjörð.
16. Vatnsnesshólf	Fjólublár	Miðfjarðarlína í Miðfjarðarvatn. Vatnsnesslína úr Miðfjarðarvatni í Síðukrök við Víðidalsá.
17. Húnahólf	Brúnn	Vatnsnesslína, Miðfjarðarlína úr Miðfjarðarvatni í Arnarvatn. Tvídægurína úr Arnarvatni í Langjökul, Kjalarlína úr Langjökli að Blöndu, Blanda, þaðan til ósa.
18. Skagahólf	Bleikur	Blanda, Kjalarlína frá Blöndu að Hofsjökli, Héraðsvatnalína, þ.e. Jökulsá eystri og Héraðsvötn eystri.
19. Skagafjarðarhólf	Gulur	Héraðsvatnalína og Tröllaskagalína á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.
20. Eyjafjarðarhólf vestra	Grár	Tröllaskagalína. Eyjafjarðarlína. Eyjafjarðará og girðing úr Eyjafjarðará sunnan Bringu.
20. a Grímsey	Blár	Grímsey, Grímseyjarhreppi.
21. Eyjafjarðarhólf eystra	Appelsínugulur	Eyjafjarðarlína. Skjálfandafljót. Fjórðungakvísl.
22. Skjálfandahólf	Hvítur	Skjálfandafljót. Sprengisandslína um Vonarskarð í Fjórðungakvísl. Gæsafjallalína norðan Skútustaðahrepps.

Varnarsvæði	Litur	Varnarlínur
		Jökulsá á Fjöllum.
23. Öxarfjarðarhólf	Grænn	Jökulsá á Fjöllum, Hólsfjallalína austan Öxarfjarðarhrepps. Sléttulína sunnan Melrakkasléttu.
24. Sléttuhólf	Gulur	Melrakkaslétta norðan Sléttulínu.
25. Norðausturlandshólf	Fjólublár	Sléttulína, Hólsfjallalína, Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Brú.
26. Héraðshólf	Appelsínugulur	Jökulsá á Brú, Lagarfljót, „Hallormsstaðarlína“, Jökulsá í Fljótisdal.
27. Austfjarðahólf	Bleikur	Lagarfljót frá ósum að Grímsá og Reyðarfjarðarlína frá Grímsá um Sandfell og Áreyjatind í Reyðarfjörð.
28. Suðurfjarðahólf	Blár	Reyðarfjarðarlína, „Hallormsstaðarlína úr Grímsá“, Hamarsá í Hamarsfirði. Hornafjarðarfljót (eystri kvísl).
29. Suðursveitarhólf	Grár	Hornafjarðarfljót og Jökulsá á Breiðamerkursandi.
30. Örafahólf	Hvítur	Jökulsá á Breiðamerkursandi og Skeiðarársandslína við Sandgýgjukvísl.
31. Síðuhólf	Bleikur	Skeiðarársandslína, Skaftá, Eldhraunslína úr Skaftá í Kúðafljót.
32. Skaftártunguhólf	Fjólublár	Eldhraunslína, Skaftá, Tungnaá, Kýlingalína við Kirkjufellsvatn. Hólmsárlína.
33. Álftavershólf	Grár	Kúðafljót og Hólmsá, Mælifellslína á Mælifellssandi, Mýrdalssandslína úr Moldheiði í Blautukvísl.
34. Mýrdalshólf	Gulur	Mýrdalssandslína og Sólheimasandslína vestan Jökulsár.
35. Rangárvallahólf	Grænn	Sólheimasandslína, Markarfljót og Syðri-Emstruá, Mælifellslína, Kýlingalína, Tungnaá, Sprengisandslína, Ytri-Rangá, Þjórsá.
36. Árnesshólf	Blár	Þjórsá, Kjalarlína úr Hofsjökli í Langjökul norðan Hveravalla, Hvítá, Hlíðabæjalína úr Hagavatni í Brúará, Brúará. Hvalfjarðarlína úr Hróðurkörlum við Þórisjökul í Kvígindisfell, Bláskógalína þaðan í Þingvallavatn vestan Þjóðgarðs. Sogslína, þ.e. Þingvallavatn, Sog og Ölfusá til ósa.
37. Vestmannaeyjar	Appelsínugulur	Vestmannaeyjar.

2. gr.

Viðauki II breytist og verður:
Sjá fylgiskjal I.

3. gr.


Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Reglugerðin öðlast gildi frá og með 1. janúar 2006.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.

Fylgiskjal I.**Litamerking búfjár á Íslandi
Svæðaskipting****Varnarsvæði:**

1. Landnámshólf
2. Borgarfjarðarhólf syðra
3. Borgarfjarðarhólf norðra
4. Mýrahólf
5. Hnappadalshólf
6. Snæfellsnesshólf
7. Dalahólf syðra
8. Dalahólf norðra
9. Steingrímsfjarðarhólf
10. Reykjanesshólf
11. Miðvestfjarðarhólf
12. Vestfjarðarhólf
13. Rauðasandshólf
14. Arnarfjarðarhólf
15. Miðfjarðarhólf
16. Vatnsnesshólf
17. Húnahólf
18. Skagahólf
19. Skagafjarðarhólf
20. Eyjafjarðarhólf vestra
- 20a. Grimsey, í Grimseyjarhreppi
21. Eyjafjarðarhólf eystra
22. Skjálfandahólf
23. Óxarfjarðarhólf
24. Sléttuhólf
25. Norðausturlandshólf
26. Héraðshólf
27. Austfjarðarhólf
28. Suðurfjarðarhólf
29. Suðursveitahólf
30. Örfælahólf
31. Siðuhólf
32. Skaftárlunguhólf
33. Alftavershólf
34. Mýrdalshólf
35. Rangárvallahólf
36. Árnesshólf
37. Vestmannaeyjar

AUGLÝSING

um breytingu auglýsingar um takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi, nr. 779/2005.

1. gr.

2. ml. 1. mgr. 8. gr. orðast svo:

Framangreind takmörkun verður endurskoðuð eigi sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr., sbr. 10. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. desember 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Valla 4. áfanga, Fléttuvellir 6, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar þann 16. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 4. áfanga, Fléttuvellir 6. Breytingin felst í að lóðin Fléttuvellir 6 er stækkuð um 1,5 metra til austurs og byggingarreiturinn lengdur um 1,5 metra til austurs. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 7. desember 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Valla miðsvæðis, Tjarnarvellir 15, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar þann 21. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla miðsvæðis, Tjarnarvalla 15. Breytingin felst í að á lóðinni Tjarnarvellir nr. 15 (lóð A1) má byggja 1 – 4 hæða byggingu í stað 2 – 4 hæða byggingar fyrir verslun og þjónustu. Byggingarlína á norðurhluta lóðarinnar breytist og verður 50% hefðbundin byggingarlína. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 7. desember 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Eyrartröð 3, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 4. október 2005 breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 3 við Eyrartröð í Hafnarfirði. Breytingin felst í að á lóðinni er markaður nýr byggingarreitur, 40 x 8 metrar, með heimild fyrir byggingu 320 fermetra atvinnuhúsnæðis á einni hæð. Nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 0,38 í 0,47. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 7. desember 2005.

Anna Sofia Karlsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

REGLUR

um gerð og staðsetningu skilta í Vestmannaeyjum.

I. KAFLI

Gildissvið, markmið, skilgreiningar og staðsetning.

1. gr.

Gildissvið.

- 1.1 Reglur þessar eru settar með heimild í 6. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og gr. 6.2. í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Um skilti utan þéttbýlis gilda einnig ákvæði 35. og 43. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og um mannvirki á vegsvæðum gilda ákvæði 33., 34. og 35. gr. vegalaga nr. 45/1994.
- 1.2 Reglurnar gilda um hvers konar skilti og auglýsingar sem sótt er um leyfi fyrir hjá embætti byggingarfulltrúa eða umhverfis- og skipulagsráði, eftir gildistöku reglna, svo og um breytingar á reglum.
- 1.3 Undanþegin ákvæðum þessum eru þó:
 - skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi, vöru, þjónustu og afgreiðslutíma fyrir-tækja/stofnana á viðkomandi lóð og eru eigi stærri en 1,5 m².
 - auglýsingar á íþróttaleikvöngum enda snúi þær inn á við að leikvanginum.
 - auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar.
 - bráðbirgðaskilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar, breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum séu þau staðsett á viðkomandi lóð og eigi stærri en 3,0 m². Á þessum skiltum skulu aðeins koma fram upplýsingar varðandi mannvirkid, þær framkvæmdir sem um er að ræða, upphafstíma og verklok framkvæmdanna, og þá sem að þeim standa.
 - lausaskilti (skilti sem ekki eru með varanlegum festingum við jörð eða mannvirki, t.d. gormaskilti) sem að jafnaði standa aðeins á opnunartíma starfsstöðvar. Stærð þeirra skal ekki vera meiri en 0,75 m².
- 1.4 Reglurnar öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

2. gr.

Markmið.

Að hafa stjórn á stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta.

3. gr.

Skilgreiningar.

Með orðunum auglýsing og skilti og öðrum samsvarandi orðum er í reglum þessum átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk, hreyfanleg eða föst, sem komið er fyrir til lengri eða skemmri tíma á einkalóðum, opinberum svæðum eða mannvirkjum, hvort sem er á spjöldum, borðum eða máluð á húsveggi eða með öðrum sambærilegum tilfæringum og ætlað er að vekja athygli almennings á vörum, þjónustu eða starfsemi hvers konar, hvort sem er á viðkomandi stað eða annars staðar.

4. gr.

Staðsetning.

Skilti einkaaðila skulu staðsett innan lóðarmarka eigandans nema í sérstökum með undantekningum, t.d. skilti með upplýsingum um bifreiðastæði. Við staðsetningu skal þess

gætt að þau gangi ekki á rétt nágrannans. Gæta skal þess að þau skapi ekki slysaheattu. Leyfi lóðarhafa þarf til þess að koma skilti og/eða auglýsingu fyrir. Einnig skulu þau uppfylla kröfur í 72. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

II. KAFLI

Umsóknir og leyfisveitingar.

5. gr.

Umsóknir.

Hver sá sem óskar leyfis til að koma fyrir skilti eða auglýsingu skal skila skriflegri og undirritaðri umsókn til byggingarfulltrúa.

Hverri umsókn skal fylgja:

- Málsett afstöðumynd, útlitsteikningar og sneiðingar í mælikvarðanum 1:100 eða 1:200 auk texta sem á skiltinu á að vera sem og aðrar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar. Teikningar þessar skulu færðar inn á aðaluppdrátt lóðar.
- Ljósmynd sem sýnir hvar skilti skal komið fyrir.
- Greinargerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis sem og viðurkenningu Rafmagnseftirlits ríkisins þar sem það á við (t.d. veltiskilti, ljósaskilti o.s.frv.).
- Nafn og heimilisfang og kennitala þess sem setur upp skiltið.
- Undirritað samþykki lóðarhafa ef hann er annar en umsækjandi sem og annarra lóðar-eigenda og/eða rekstraraðila ef fleiri eru en einn.

6. gr.

Leyfisveitingar.

Óheimilt er að setja upp hvers konar skilti og auglýsingar í Vestmannaeyjum nema að fengnu leyfi byggingarfulltrúa eða umhverfis- og skipulagsráðs.

Byggingarfulltrúa ber innan þrjátíu daga frá dagsetningu umsóknar annaðhvort að afgreiða hana eða ef umsóknin er ófullnægjandi vekja athygli umsækjenda á því sem ábótavant er. Vafaatriðum varðandi leyfisveitingar má vísa til umhverfis- og skipulagsráðs. Umsækjandi um skilti getur einnig áfrýjað til ráðsins ef hann telur úrskurð byggingarfulltrúa ekki réttmætan. Bráðabirgðaskilti er ekki heimilt að setja upp fyrir en 8 vikum fyrir viðburð og þau skal taka niður eigi seinna en viku eftir hann. Leyfisgjald skal fara eftir gr. 27 í byggingarreglugerð. Ef umsækjandi um leyfi greiðir ekki leyfisgjald eða sækir ekki byggingarleyfisbréf innan 12 mánaða frá veitingu þess fellur það úr gildi. Leggja verður fram ný skjöl ef leyfis er óskað á ný.

Byggingarfulltrúaembættið innheimtir leyfisgjald skilta (fellur undir afgreiðslu- og fyrirspurnargjald byggingarfulltrúa).

7. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með skiltum og leyfum fyrir þeim verði í höndum byggingarfulltrúa í umboði umhverfis- og skipulagsráðs.

8. gr.

Eldri skilti.

Byggingarfulltrúi getur krafist þess að eldri skilti sem sett hafa verið upp án leyfis, verði fjarlægð án fyrirvara, ef ætla má að þau hafi verulega truflandi áhrif á umferð eða valdi umhverfisspjöllum.

III. KAFLI

Refsi- og gildistökuákvæði.

9. gr.

Refsiákvæði.

Verði tilmælum byggingarfulltrúa ekki sinnt getur umhverfis- og skipulagsráð beitt ákvæðum II. kafla byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Eldri reglur um skilti falla úr gildi við gildistöku nýrra.

Samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði Vestmannaeyja, 7. desember 2005.

Staðfest í bæjarstjórn 8. desember 2005.

Vestmannaeyjum, 8. desember 2005.

Sigurður Smári Benónýsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Blesugróf.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 28. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Blesugróf.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugarnesvegur 34.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 9. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Teigahverfi vegna lóðarinnar Laugarnesvegur 34.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. desember 2005.

Helga Bragadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Skálabrekka I, (Skálabrekkugata 28) deiliskipulag íbúðarhúslóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskóga- byggðar þann 20. desember 2005 deiliskipulag íbúðarhúslóðar að Skálabrekku I í Þingvalla- sveit, Bláskógabyggð:

Skálabrekka I í Þingvallasveit, Bláskógabyggð.

Deiliskipulag íbúðarhúslóðar að Skálabrekkugötu 28, landnúmer 170163.

Deiliskipulagið nær til fyrrverandi bæjarstæðis Skálabrekku I.

Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi allt að 250 m² að stærð og er byggingarreitur í 50 metra fjarlægð frá vatnsbakka Þingvallavatns.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. desember 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2005

SAMÞYKKT

um bann við lausagöngu stórgripa á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Ákvörðun um lausagöngubann.

Lausaganga stórgripa er bönnuð í öllu sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði.

2. gr.

Skilgreiningar.

Friðað svæði er land afmarkað vörslulínu sem hindrar frjálssa för stórgripa.

Frjálss för stórgripa er óhindruð för stórgripa hvert og hvenær sem er, þ.e. hvorki heft af gripheldum girðingum, hliðum, öðrum mannvirkjum eða náttúrulegum farartálmum.

Graðpeningur er kynþroska, ógelt og frjótt karldýr búfjártægunda sem geta gagnast kvendýrum og getið afkvæmi við þeim, þ.e. naut og graðhestar (stóðhestar).

Gripheld girðing er mannvirki úr ýmiss konar efni sem reist er til að hindra frjálssa för búfjár. Hún er breytileg að gerð og gæðum eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár, s.s. fjárheld, hrossheld, nautgripaheld og graðpeningsheld.

Gripheld varsla er hindrun á frjálssri för búfjár með gripheldum girðingum, hliðum og öðrum mannvirkjum svo og með náttúrulegum farartálmum sem koma að sama gagni.

Huglæg varnarlína er ákveðin hugsuð lína, merkt á landakort eða lýst með heitum þekktra örnefna, sem ætlað er að aðskilja búfé, sbr. varnarlínu, en uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til vörslulínu.

Lausaganga er þegar búfé getur gengið á annars manns land í óleyfi.

Lausagöngubann er bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélagið í heild eða afmarkaða hluta þess til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár.

Lausagöngufénaður er búfé á lausagöngu hvort sem lausagöngubann er í gildi eða ekki.

Náttúrulegur farartálmi er hindrun sem kemur í veg fyrir frjálssa för búfjár, s.s. ófærir hamrar, björg og jöklar, ófærar ár, vötn, lón og sjór við lágfjöru.

Skurður er minnst 3 m breiður og 1,5 m djúpur framræsluskurður.

Stórgripir teljast í samþykkt þessari, hross og nautgripir.

Varnarlína myndar mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

Varsla búfjár er þegar eigandi eða umráðamaður búfjár heldur því innan ákveðins afmarkaðs svæðis.

Veghaldari er aðili sem hefur forræði yfir vegsvæði þar með vegagerð, þjónustu og viðhaldi vega.

Vegsvæði er land sem vegur og öll önnur mannvirki viðkomandi veginum standa á, s.s. vegkantar, girðingar og hlið.

Vörsluaðili búfjár er eigandi eða umráðamaður búfjár ábyrgur fyrir vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi.

Vörsluaðili lands er eigandi eða umráðamaður lands, þar með landgræðslugirðinga, skóg-ræktargirðinga og vegsvæða sem er friðað fyrir lausagöngu búfjár.

Vörslugildi er eiginleiki girðingar, hliðs eða annars mannvirkis, svo og náttúrulegs farartálma, til að hindra frjálssa för búfjár.

Vörsluhólf er reitur, beitarhólf eða landsvæði afmarkað vörslulínu.

Vörslukrafa er krafa eða viðmiðun um gerð og gæði tiltekinnar vörslu, mismikil eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár.

Vörslulína er gripheld girðing, hlið og önnur mannvirki svo og náttúrulegur farartálmi sem kemur í veg fyrir frjálsa för búfjár allt árið eða á þeim tímum árs þegar búfjár er von á svæðinu.

Vörsluskylða er skilyrðislaus krafa um að eigandi eða umráðamaður búfjár ábyrgist að tiltekið búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis allt árið eða tiltekna hluta ársins.

3. gr.

Fullnægjandi varsla.

Varsla telst fullnægjandi þegar unnt er að stöðva alla frjálsa för búfjár inn á ákveðið svæði eða út af því, á tilteknum árstíma. Skal þá tryggt að viðkomandi vörslulína hafi vörslugildi í samræmi við þær vörslukröfur sem gerðar eru til hennar. Huglægar varnarlínur, varnarlínur á milli sóttvarnarsvæða og girðingar með vegum þar sem för búfjár er frjáls inn á vegsvæði á einum eða fleiri stöðum, uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til fullnægjandi vörslu samkvæmt samþykkt þessari.

4. gr.

Kröfur um vörslu.

Þær kröfur skal gera til vörslu stórgripa að hún sé gripheld og hindri frjálsa för þeirra. Sveitarstjórn ábyrgist handsömun og geymslu lausagöngugripa nema um annað sé samið við einstaklinga og stofnanir.

Heimilt er sveitarfélaginu að krefja eiganda lausagöngugripa um greiðslu vegna þess kostnaðar er á það kann að falla vegna aðgerða á grundvelli samþykktar þessarar.

Lágmarksgæðakröfur fyrir girðingar og önnur mannvirki sem teljast gripheld fyrir hverja tegund búfjár skulu vera eftirfarandi:

A. *Hrossheld girðing.*

1. Netgirðing með 5 strengja vírneti og minnst einum ofan við það. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili. Þegar notaðar eru renqlur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m enda sé þá bil á milli rengla mest 3 m.
2. Girðingar úr ýmsu efni, s.s. tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi sem teljast fjárheldar að mati héraðsráðunauta eða landsráðunauta.
3. Gaddavírsgirðing með 3 gaddavírsstrengjum. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili. Þegar notaðar eru renqlur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m, enda sé þá bil á milli rengla mest 3 m.
4. Rafgirðing háspennt og varanleg, með 2 vírstrengjum. Hæð girðingarinnar skal vera 0,95 m. Jarðfastir tré- eða járnstaurar þar með úr harðviði og plaststaurar, skulu vera með mest 10 m millibili. Þegar notaðar eru renqlur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 24 m, enda sé bil á milli rengla mest 8 m. Um uppsetningu, búnað og frágang rafgirðingar fer að öðru leyti eftir reglugerð nr. 121/1999 um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum og reglugerð um girðingar nr. 748/2002.
5. Skurðir með 2 eða fleiri gaddavírsstrengum á skurðbakka. Um staura gilda sömu reglur og fyrir gaddavírsgirðingar.

Óheimilt er að nota gaddavír og háspenntar rafgirðingar umhverfis gerði eða hólf þar sem hross hafa ekki aðgang að beit, sbr. ákvæði 2. gr. reglugerðar um aðbúnað og heilbrigðis- eftirlit hrossa nr. 132/1999.

B. Nautheld girðing.

Allar hrossheldar girðingar, sbr. ákvæði A-liðar þessarar greinar, að því undanskildu að gaddavírgirðing með 2 gaddavírsstrengum er fullnægjandi varsla fyrir mjólkurkúr.

C. Hlið og ristarlið.

Gera skal sömu vörslukröfur til hliða og ristarliða og annarra hluta vörslulínu. Þess skal gætt að aðvelt sé að opna og loka hliðum. Veghaldari leggur til ristarlið, sbr. vegalög nr. 45/1994.

D. Frágangur vörslulína.

Við frágang mannvirkja sem mynda vörslulínu, s.s. girðinga hliða og ristarliða, skal þess gætt að ekki skapist hætta á meiðslum eða slysum fyrir búfé og fólk. Sama gildir um frágang göngustíga og príla sem vörsluaðili búfjár eða lands setur upp til að greiða fyrir lögmætri för almennings um landið, sbr. ákvæði laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um almannarétt, umgengni og útivist.

5. gr.

Kröfur um vörslu graðpenings.

Rétt er vörsluaðila stórgripa að setja upp viðvörunarskilti við vörsluhólf fyrir graðpening þar sem almenningi er greint frá þeirri hættu sem stafað getur af för um landið.

Til vörslu graðhesta (stóðhesta) utanhúss skal gera eftirfarandi lágmarkskröfur:

A. Vörsluhólf.

Hrossheld rafgirðing, sbr. ákvæði 4. tl. A-liðar 4. gr. samþykktar þessarar.

Fjárheld netgirðing, sbr. ákvæði 1. tl. A-liðar 4. gr. samþykktar þessarar, að viðbættum 2-3 gaddavírsstrengjum, þannig að hæð girðingarinnar verði allt að 1,30 m.

B. Gerði við hús.

Hæð skilveggja skal vera minnst 2,0 m. Séu skilveggir ekki heilir (lokaðir) skulu þeir vera það þéttklæddir að hross í nærliggjandi gerðum nái ekki saman.

6. gr.

Umsögn um vörslugildi og gæðamat mannvirkja.

Vörsluaðila búfjár og lands er heimilt að leita umsagnar héraðsráðunautar eða landsráðunautar um vörslugildi vörslulína og gæði viðkomandi mannvirkja. Komi upp ágreiningur er rétt að kveðja til einn eða fleiri ráðunauta til að gæðameta og úrskurða um vörslugildi viðkomandi vörslulínu. Heimilt er að kveðja til starfsins héraðsráðunaut utan viðkomandi búnaðarsambands. Allan kostnað af slíkum störfum greiða deiluaðilar.

7. gr.

Refsingar.

Rísi mál út af samþykkt þessari skal með það farið að hætti opinberra mála. Brot gegn ákvæðum samþykktarinnar varða sektum eða fangelsi, ef sakir eru miklar, skv. 18. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.

8. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi, sem samþykkt hefur verið við tvær umræður af bæjarstjórn Fljótsdals- héraðs, er sett með stoð í 6. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og með hliðsjón af 19.

gr. reglugerðar um vörslu búfjár nr. 59/2000 og 3. gr. reglugerðar um girðingar nr. 748/2002, sbr. 3. gr. laga nr. 135/2001 um girðingar til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. nóvember 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2005

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 5. mgr. 12. gr., 17. gr. og 8. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. janúar 2006 að telja um 5,13% frá því sem þau voru í desember 2005.

Neðra frítekjumark (tekjumark) aldurstengdrar örorkuuppþótar sem tiltekið er í 15. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skal vera það sama og efra tekjumark örorkulífeyris skv. 5. mgr. 12. gr. sömu laga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., 15. gr., 17. gr. og 43. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2006. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1004/2004 um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2005

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta og greiðslur skv. 59. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og upphæðir samkvæmt lögum nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. janúar 2006 að telja um 4,0% frá því sem þær voru í desember 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. og 17. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2006.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2005.

Jón Kristjánsson.

David Á. Gunnarsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2005

REGLUGERÐ

um (15.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanabjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni, skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 50.112 í stað 48.185.

Í 6. gr. komi kr. 50.112 í stað 48.185.

Í 10. gr. komi kr. 50.112 í stað 48.185.

Í 14. gr. komi kr. 50.112 í stað 48.185.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. og 26. gr., sbr. 22. gr., laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2006.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2005

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2006.

1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2006:

- a) Í júlí 2006 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2006 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum og 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1007/2004 um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2005.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Happraætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 11. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 991/2003, orðast svo:

Verð hlutamiða er 1.000 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 12.000 kr. Ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrirfram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

2. gr.

14. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 991/2003, orðast svo:

Vinningar í happraættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal fjárhæð vinninga nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.

Stjórn happraættisins ákveður, að fengnu samþykki happraættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga.

3. gr.

15. gr., sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 907/2000, orðast svo:

Dráttur í hverjum flokki er tvískiptur. Fyrri hluti dráttar í 1. flokki skal fara fram 17. janúar ár hvert, en í öðrum mánuðum 10. hvers mánaðar. Ekki skal þó dregið á laugardögum, helgidögum eða öðrum almennum frídögum, né heldur fyrsta virkan dag eftir almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir. Síðari hluti útdráttar hvers mánaðar skal fara fram 14 dögum síðar en fyrri útdráttur. Ekki skal þó dregið á laugardögum, helgidögum eða öðrum almennum frídögum. Að jafnaði skal því dregið 10. og 24. hvers mánaðar. Happraættisráð getur veitt undanþágu frá þessari grein ef því þykir ástæða til.

4. gr.

19. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 907/2000, breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „Fyrsti hluti“ í 1. málslíð I 19. gr. kemur: Fyrri hluti.
- b. Í stað orðanna „Annar hluti“ í 1. málslíð II 19. gr. kemur: Síðari hluti.
- c. 19. gr. III fellur niður.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. desember 2005.

Björn Bjarnason.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina Auðkúluheiði.

1. gr.

Nafn og heimilisfang.

Sveitarfélögin, Svínavatnshreppur, kt 640269-4139 og Torfalækjarhreppur, kt. 660269-0539, stofna hér með sjálfseignarstofnun sem heitir Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Heimili hennar og varnarþing er á heimili formanns stjórnar hverju sinni.

2. gr.

Stofnfé og eignir.

Sveitarfélögin leggja við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar fram eignarhluti sína í eftirtöldum fasteignum með öllum gögnum og gæðum og tilheyrandi réttindum sem fasteignunum fylgja og voru eign Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps þegar eignirnar voru afhentar stofnuninni.

Það eru eignarhlutir í:

- a) Auðkúluheiði 100%, sbr afsal dags. 5. júlí 1918 og kaupsamning dags. 5. júlí 1918.
- b) Forsæludalskvíslar $\frac{3}{4}$ hlutar, sbr. kaupsamning dags. 24. nóvember 1890.
- c) Þröm í Svínavatnshreppi, sbr. kaupsamning og afsal dags. 1. ágúst 1951 með breytingu vegna makaskipta við Eldjárnsstaði og Eiðsstaði, sbr. afsal og kaupsamning dags. 31. desember 1963.
- d) Austurhluti Marðarnúps (Marðarnúpsel), sbr. kaupsamning dags. 25. júlí 1951.
- e) Hluti af Hrafnabjargalandi, sbr. kaupsamning dags. 13. desember 1922, og afsal þinglesið 20. júní 1923.

Þá leggja sveitarfélögin fram 622.000 krónur sem er höfuðstóll bankareiknings sem sérstaklega er stofnaður við KB banka á Blönduósi í þessu skyni.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að tryggja að fasteignir hennar nýtist með sama hætti og verið hefur íbúum og búfjáreigendum sem búa innan marka Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps eins og þau eru þann 31. desember 2005.

4. gr.

Nýting eigna stofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim fasteignaréttindum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim, og laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með sama hætti og verið hefði ef löndin hefðu verið áfram í eigu sveitarfélaganna.

Eftirtalin lögbýli eiga upprekstrarrétt í lönd stofnunarinnar við stofnun hennar:

Akur, Auðkúla 1, Auðkúla 2, Auðkúla 3, Árholt, Ásar, Beinakelda 1, Beinakelda 2, Brúarvellir, Dunhóll, Efra-Holt, Eiðsstaðir 1, Eiðsstaðir 2, Eldjárnsstaðir, Geithamrar, Grund, Grænahlið, Guðlaugsstaðir, Hamar, Hamrakot, Hjaltabakki, Holt á Ásum, Holt í Svínadal,

Hrafnabjörg, Hurðarbak 1, Hurðarbak 2, Húnsstaðir, Húnsstaðir 2, Höllustaðir 1, Höllustaðir 2, Hæll, Kagaðarhóll, Kaldakinn 1, Kaldakinn 2, Kringla, Kárastaðir, Laxholt, Litla-Búrfell, Litlidalur, Ljótshólar, Meðalheimur, Mosfell, Orrastaðir, Reykir, Rútsstaðir, Röðull, Sauðanes, Skinnastaðir 1, Skinnastaðir 2, Smyrlaberg, Snæringstaðir, Sólheimar, Stekkjardalur, Stóra-Búrfell, Stóra-Giljá, Stóridalur, Svínavatn, Syðri-Grund, Syðri-Langamýri, Tindar, Torfalækur 1, Torfalækur 2, Tungunes, Vesturhlíð og Ytri-Langamýri.

Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Svínavatnshreppi og Torfalækjarhreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. á hverjum tíma eiga upprekstrarétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélaganna. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965, ásamt síðari breytingum.

Þeim, sem upprekstrarétt eiga á afréttarlöndin er óheimilt að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins.

Verði breyting á fjölda lögbýla á svæði sjálfseignarstofnunarinnar, er stjórn hennar heimilt að leggja til breytingar til samþykktar á árlegum fulltrúaráðsfundi stofnunarinnar.

Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í ám og vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögumum vegna þessara veiðiréttinda:

Akur, Auðkúla 1, Auðkúla 2, Auðkúla 3, Árholt, Ásar, Beinakelda 1, Beinakelda 2, Brúarvellir, Dunhóll, Efra-Holt, Eiðsstaðir 1, Eiðsstaðir 2, Eldjárnsstaðir, Geithamrar, Grund, Grænahlíð, Guðlaugsstaðir, Hamar, Hamrakot, Hjaltabakki, Holt á Ásum, Holt í Svínadal, Hrafnabjörg, Hurðarbak 1, Hurðarbak 2, Húnsstaðir, Húnsstaðir 2, Höllustaðir 1, Höllustaðir 2, Hæll, Kagaðarhóll, Kaldakinn 1, Kaldakinn 2, Kringla, Kárastaðir, Laxholt, Litla-Búrfell, Litlidalur, Ljótshólar, Meðalheimur, Mosfell, Orrastaðir, Reykir, Rútsstaðir, Röðull, Sauðanes, Skinnastaðir 1, Skinnastaðir 2, Smyrlaberg, Snæringstaðir, Sólheimar, Stekkjardalur, Stóra-Búrfell, Stóra-Giljá, Stóridalur, Svínavatn, Syðri-Grund, Syðri-Langamýri, Tindar, Torfalækur 1, Torfalækur 2, Tungunes, Vesturhlíð og Ytri-Langamýri.

Purfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í ám og vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar eða um fuglaveiði í þeim löndum, skulu þær teknar á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda.

Sú takmörkun gildir á handhöfn lax- og silungsveiðiréttinda að framantalin lögbýli hafa komið fram sem réttahafar veiðiréttar í vötnum á umræddum landsvæðum og því haft atkvæðisrétt í veiðifélögum vegna þeirra, í samræmi við 5. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Mun sú sama skipan haldast eftir að fasteignaréttindum skv 2. gr. hefur verið afsalað til sjálfeignarstofnunarinnar. Sjálfseignarstofnunin tekur hins vegar alfarið við félagsaðild og atkvæðisrétti í þeim veiðifélögum þar sem sveitarfélagið hefur farið með slík réttindi.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema 622.000 krónum miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

5. gr.

Tekjur og gjöld - ráðstöfun tekna.

Tekjur stofnunarinnar eru frjálts framlög stofnaðila og annarra aðila, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri og arður, sem eignir stofnunarinnar kunna að gefa af sér.

Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má stjórn ráðstafa til niðurgreiðslu fjallskilakostnaðar ásamt greiðslu rekstrarkostnaðar sjálfseignarstofnunarinnar. Þá getur stjórn ráðstafað tekjum í samræmi við tilgang stofnunarinnar með því að veita lán eða styrki og með kaupum og sölu eigna.

Gjöld sjálfseignarstofnunarinnar eru kostnaður við að sinna verkefnum í samræmi við tilgang stofnunarinnar samkvæmt 3. gr. og annar almennur rekstrarkostnaður hennar.

Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til upprekstrar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. stendur óhöggðuð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem upprekstrarlands og fjallskila, þar með talið byggingu, viðhaldi og rekstri gangnamannahúsa og girðinga, vega og vegslóða og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðar eru á landverð.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra. Hún skal kosin á sameiginlegum fundi fulltrúa frá þeim lögbýlum sem eru innan sjálfseignarstofnunarinnar. Jafnframt mynda þessir fulltrúar frá lögbýlunum fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert og stjórn boða hann á tryggan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á þeim fulltrúaráðsfundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigandi eða ábúandi hvers lögbýlis sem á upprekstrarrétt í lönd sjálfseignarstofnunarinnar skal hafa eitt atkvæði. Ef eigendur og/eða ábúendur lögbýlis eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver fari með atkvæðisrétt lögbýlisins. Við afgreiðslu mála á fulltrúaráðsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Stjórnarmenn, ásamt varamönnum, skulu kosnir til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Allir skulu þeir vera búsettir á svæði því sem er innan marka sveitarfélaganna, Svinavatns-hrepps og Torfalækjarhrepps, 31. desember 2005. Þeir skulu vera sjálfráða og fjár síns ráðandi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er ekki ályktunarhæf nema tveir stjórnarmenn hið fæsta séu viðstaddir á fundi. Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar. Tveir stjórnarmanna skulu rita firmað fyrir hönd stofnunarinnar og fara með prókúru fyrir hana en einnig er stjórn heimilt að fela ráðnum starfsmanni að fara með prókúru fyrir stofnunina.

Stjórnarfundi skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gjörðabók.

Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánnum eða öðrum skuldbindingum nema með samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar- endurskoðun – ársskýrslur – rekstraráætlanir.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af skoðunarmönnum þess sveitarfélags sem stofnunin hefur heimilisfang í skv. 1. gr. og reikningurinn, ásamt skýrslu um starfsemi undangengins starfsárs skal birtur með ársreikningi sveitarfélagsins. Ársreikningur skal áritaður af skoðunarmönnum og stjórn og sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar.

Stjórnin skal gera rekstraráætlun fyrir næsta reikningsár fyrir 1. desember yfirstandandi reikningsárs. Stjórnin skal gæta þess, eftir fremsta megni, að kostnaður sé í samræmi við rekstraráætlanir.

8. gr.

Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna breytinga á notkun upprekstrarréttar á landi sjálfseignarstofnunarinnar eða tekjumöguleikum af eignum hennar, er heimilt að breyta samþykktum þessum eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmanna og samþykki 2/3 hluta atkvæða á fulltrúaráðsfundi.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar afhentar sveitarfélagi því sem núverandi Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur eru hluti af, til varðveislu og/eða ráðstöfunar, þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr.

9. gr.

Staðfesting dómsmálaráðherra.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar við fyrsta stjórnarkjör kjósa alla 3 stjórnarmenn og varamenn þeirra og gengur síðan einn stjórnarmaður og varamaður út samkvæmt hlutkesti fyrstu tvö árin.

Verði ágreiningur um þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnuninni lagður fyrir dómstóla, skuldbindur sá hreppur sem leggur landið fram sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina, eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. september 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði.

1. gr.

Nafn og heimilisfang.

Sveitarfélagið Sveinsstaðahreppur, kt. 640269-4489, stofnar hér með sjálfseignarstofnun sem heitir Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði.

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Heimili hennar og varnarþing er á heimili formanns stjórnar hverju sinni.

2. gr.

Stofnfé og eignir.

Sveitarfélagið leggur við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar fram eignarhlut sinn í eftirtöldum fasteignum með öllum gögnum og gæðum og tilheyrandi réttindum sem fasteignunum fylgja og voru eign Sveinsstaðahrepps þegar eignirnar voru afhentar stofnuninni.

Helmings (50%) eignarhlutur í:

- a. Grímsstunguheiði og ½ Lambatungur sbr. kaupsamning, dags 4. nóvember 1901.
- b. Haukagilsheiði og ½ Lambatungur sbr. afsal dags. 7. ágúst 1894, 19. apríl 1924 og 27. júní 1996.
- c. ¼ Forsæludalskvíslar, sbr. kaupsamning, dags. 24. nóvember 1890.
- d. Fremrihlíð, sbr. gjafa og afsalsbréf, dags. 24. maí 1970 og kaupsamning og afsal dags. 21. desember 1998.
- e. Dalsland, sbr. afsal dags. 30. júní 1975.
- f. Haukagilsland, sbr. afsal. dags. 1. nóvember 1971.
- g. Þrístapháls, sbr. kaupsamning dags. 24. júní 1958.

Eignarhlutur (100%) í:

1/8 Sauðadals, sbr. kaupsamning og afsal, dags. 2. október 2000.

Þá leggur sveitarfélagið fram 622.000 krónur sem er höfuðstóll bankareiknings sem sérstaklega var stofnaður við KB banka á Blönduósi í þessu skyni.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að tryggja að fasteignir hennar nýtist með sama hætti og verið hefur íbúum og búfjáreigendum sem búa innan marka Sveinsstaðahrepps eins og þau eru þann 31. desember 2005.

4. gr.

Nýting eigna stofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim fasteignaréttindum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með sama hætti og verið hefði ef löndin hefðu verið áfram í eigu sveitarfélagsins.

Eftirtalin lögbýli eiga upprekstrarétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar:

Litla Gilja, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl 1, Öxl 2, Hnausar 1, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólstaður, Breiðabólstaður II, Miðhús, Uppsaliir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Sveinsstaðahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. á hverjum tíma, eiga upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965, ásamt síðari breytingum.

Þeim, sem upprekstrarrétt eiga á afréttarlöndin er óheimilt að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins.

Verði breyting á fjölda lögbýla á svæði sjálfseignarstofnunarinnar, er stjórn hennar heimilt að leggja til breytingar til samþykktar á árlegum fulltrúaráðsfundi stofnunarinnar.

Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í ám og vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögnum vegna þessara veiðiréttinda:

Litla Gilja, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl 1, Öxl 2, Hnausar 1, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólstaður, Breiðabólstaður II, Miðhús, Uppsaliir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Purfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í ám og vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar eða um fuglaveiði í þeim löndum, skulu þær teknar á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda.

Sú takmörkun gildir á handhöfn lax- og silungsveiðiréttinda að framantalin lögbýli hafa komið fram sem rétthafar veiðiréttar í vötnum á umræddum landsvæðum og því haft atkvæðisrétt í veiðifélögum vegna þeirra, í samræmi við 5. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Mun sú sama skipan haldast eftir að fasteignaréttindum skv. 2. grein hefur verið afsalað til sjálfseignarstofnunarinnar. Sjálfseignarstofnunin tekur hins vegar alfarið við félagsaðild og atkvæðisrétti í þeim veiðifélögum þar sem sveitarfélagið hefur farið með slík réttindi.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema 622.000 krónum miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

5. gr.

Tekjur og gjöld - ráðstöfun tekna.

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög stofnaðila og annarra aðila, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri og arður, sem eignir stofnunarinnar kunna að gefa af sér.

Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má stjórn ráðstafa til niðurgreiðslu fjallskilakostnaðar ásamt greiðslu rekstrarkostnaðar sjálfseignarstofnunarinnar.

Þá getur stjórn ráðstafað tekjum í samræmi við tilgang stofnunarinnar með því að veita lán eða styrki með kaupum og sölu eigna.

Gjöld sjálfseignarstofnunarinnar eru kostnaður við að sinna verkefnum í samræmi við tilgang stofnunarinnar, samkvæmt 3. gr. og annar almennur rekstrarkostnaður hennar.

Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til upprekstrar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. stendur óhöggvöð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga, standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem upprekstrarlands og fjallskila, þar með talið byggingu, viðhaldi og rekstri gangnamannahúsa og girðinga, vega, vegslóða og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðar eru á landverð.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra. Hún skal kosin á sameiginlegum fundi fulltrúa frá þeim lögbýlum sem eru innan sjálfseignarstofnunarinnar. Jafnframt mynda þessir fulltrúar frá lögbýlunum fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert og stjórn boða hann á tryggan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á þeim fulltrúaráðsfundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigandi eða ábúandi hvers lögbýlis sem á upprekstrarrétt í lönd sjálfseignarstofnunarinnar skal hafa eitt atkvæði. Ef eigendur og/eða ábúendur lögbýlis eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver fari með atkvæðisrétt lögbýlisins. Við afgreiðslu mála á fulltrúaráðsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Stjórnarmenn, ásamt varamönnum, skulu kosnir til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Allir skulu þeir vera búsettir á svæði því sem er innan marka sveitarfélagsins Sveinsstaðahrepps hinn 31. desember 2005. Þeir skulu vera sjálfráða og fjár síns ráðandi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er ekki ályktunarhæf nema tveir stjórnarmenn hið fæsta séu viðstaddir á fundi. Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar. Tveir stjórnarmanna skulu rita firmað fyrir hönd stofnunarinnar og fara með prókúru fyrir hana en einnig er stjórn heimilt að fela ráðnum starfsmanni að fara með prókúru fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gjörðabók.

Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánnum eða öðrum skuldbindingum nema með samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar- endurskoðun – ársskýrslur – rekstraráætlanir.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af skoðunarmönnum þess sveitarfélags sem stofnunin hefur heimilisfang í skv. 1. gr. og reikningurinn, ásamt skýrslu um starfsemi undangengins starfsárs, skal birtur með ársreikningi sveitarfélagsins. Ársreikningur skal áritaður af skoðunarmönnum og stjórn og sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar.

Stjórnin skal gera rekstraráætlun fyrir næsta reikningsár fyrir 1. desember yfirstandandi reikningsárs. Stjórnin skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður sé í samræmi við rekstraráætlanir.

8. gr.

Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna breytinga á notkun upprekstrarréttar á landi sjálfseignarstofnunarinnar eða tekjumöguleikum af eignum hennar, er heimilt að breyta samþykktum þessum eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmanna og samþykki 2/3 hluta atkvæða á fulltrúaráðsfundi.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar afhentar sveitarfélagi því sem núverandi Sveinsstaðahreppur er hluti af, til varðveislu og/eða ráðstöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr.

9. gr.

Staðfesting dómsmálaráðherra.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar við fyrsta stjórnarkjör kjósa alla 3 stjórnarmenn og varamenn þeirra og gengur síðan einn stjórnarmaður og varamaður út samkvæmt hlutkesti fyrstu tvö árin.

Verði ágreiningur um þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnuninni lagður fyrir dómstóla, skuldbindur sá hreppur sem leggur landið fram sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina, eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.

SAMÞYKKT

um kattahald í Blönduóssbæ.

1. gr.

Kattahald í Blönduóssbæ sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir í Blönduóssbæ skulu skráðir á skrifstofu Blönduóssbæjar gegn greiðslu skráningargjalds og þar fá eigendur heimiliskatta afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins. Að öðru leyti skal kötturinn merktur í samræmi við ákvæði reglugerðar um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004. Leyfi til kattahalds skal veitt lögráða einstaklingum sem búa í sveitarfélaginu. Leyfið er bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni og er ekki framseljanlegt.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spólormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

3. gr.

Eigendur katta skulu gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

4. gr.

Óheimilt er að láta kött, eldri en 3ja mánaða, dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

5. gr.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.

6. gr.

Gjald samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem Blönduóssbær setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Kattareiganda ber að greiða allan útlagðan kostnað og handsömunargjald, skv. gjaldskrá. Blönduóssbær skal birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 7 sólarhringa áður en þeim er lógað. Sé kvartað undan ágangi katta er bæjarstjórn heimilt að svipta eiganda leyfinu.

8. gr.

Umsókn um leyfi til kattahalds skal skila inn á bæjarskrifstofu á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um kattahald. Bæjarstjóri eða fulltrúi hans synjar eða gefur út umbeðið leyfi.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sinna eftirliti með kattahaldi í umboði heilbrigðisnefndar og njóta til þess fulltingis lögreglu.

9. gr.

Leyfishafa ber að greiða allan kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

10. gr.

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún þess brýna þörf, enda hafi leyfishafi haft tækifæri til að koma að athugasemdum sínum.

11. gr.

Með brot út af samþykkt þessari fer í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

12. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Blönduóss staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 777/2000 um kattahald í Blönduóssbæ.

Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina Eyvindarstaðaheiði.

1. gr.

Nafn og heimilisfang.

Sveitarfélagið Bólstaðarhlíðarhreppur, kt. 470169-4949, stofnar hér með sjálfseignarstofnun sem heitir Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Heimili hennar og varnarþing er á heimili formanns stjórnar hverju sinni.

2. gr.

Stofnfé og eignir.

Sveitarfélagið leggur við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar fram eignarhlut sinn í eftirtöldum fasteignum með öllum gögnum og gæðum og tilheyrandi réttindum sem fasteignunum fylgja og voru eign Bólstaðarhlíðarhrepps þegar eignirnar voru afhentar stofnuninni.

Það eru eignarhlutir í:

- Eyvindarstaðaheiði 5/17 hlutar, sbr. afsal dags. 14. ágúst 1898.
- Rugludalur 100%, sbr. afsal dags. 28. júní 1916.
- Selhagi 100%, sbr. afsal, dags. 5. júlí 1944.

Þá leggur sveitarfélagið fram 622.000 krónur sem er höfuðstóll bankareiknings sem sérstaklega er stofnaður við KB banka á Blönduósi í þessu skyni.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að tryggja að fasteignir hennar nýtist með sama hætti og verið hefur íbúum og búfjáreigendum er búa innan marka Bólstaðarhlíðarhrepps eins og þau eru 31. desember 2005.

4. gr.

Nýting eigna stofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim fasteignaréttindum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með sama hætti og verið hefði ef löndin hefðu verið áfram í eigu sveitarfélagsins.

Eftirtalin lögbýli eiga upprekstrarétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar:

Auðólfstaðir, Austurhlíð 1, Austurhlíð 2, Ártún, Barkastaðir, Bergsstaðir, Blöndudals-hólar, Bollastaðir, Botnastaðir, Bólstaðarhlíð 1, Bólstaðarhlíð 2, Brandsstaðir, Brattahlíð, Brúarhlíð, Brún, Eiríksstaðir, Eyvindarstaðir, Finnstunga, Fjósar, Fossar, Gautsdalur, Gil, Gunnsteinsstaðir, Hlíðarendi, Hólabær, Hóll, Hvammur (í Svartárdal), Kúfastaðir, Leifsstaðir 1, Leifsstaðir 2, Mjóidalur, Skeggsstaðir, Skottastaðir, Stafn, Steiná 1, Steiná 2, Steiná 3, Strjúgsstaðir, Sölvatunga, Torfustaðir, Vatnshlíð, Þverárdalur, Æsustaðir.

Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Bólstaðarhlíðarhreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. á hverjum tíma eiga upprekstrarétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram

verið eign sveitarfélagsins. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965, ásamt síðari breytingum.

Þeim sem upprekstrarrétt eiga á afréttarlöndin er óheimilt að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins.

Verði breyting á fjölda lögbýla á svæði sjálfseignarstofnunarinnar, er stjórn hennar heimilt að leggja til breytingar til samþykktar á árlegum fulltrúaráðsfundi stofnunarinnar.

Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögnum vegna þessara veiðiréttinda:

Auðólfssaðir, Austurhlíð 1, Austurhlíð 2, Artún, Barkastaðir, Bergsstaðir, Blöndudals-
hólar, Bollastaðir, Botnastaðir, Bólstaðarhlíð 1, Bólstaðarhlíð 2, Brandsstaðir, Brattahlíð,
Brúarhlíð, Brún, Eiríksstaðir, Eyvindarstaðir, Finnstunga, Fjósar, Fossar, Gautsdalur, Gil,
Gunnsteinsstaðir, Hlíðarendi, Hólabær, Hóll, Hvammur (í Svartárdal), Kúfastaðir, Leifsstaðir
1, Leifsstaðir 2, Mjóidalur, Skeggsstaðir, Skottastaðir, Stafn, Steiná 1, Steiná 2, Steiná 3,
Strjúgsstaðir, Sölvatunga, Torfustaðir, Vatnshlíð, Þverárdalur, Æsustaðir.

Þurfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í ám og vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar eða um fuglaveiði í þeim löndum, skulu þær teknar á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda.

Sú takmörkun gildir á handhöfn lax- og silungsveiðiréttinda að framantalin lögbýli hafa komið þar fram sem réttthafar veiðiréttar í vötnum á umræddum landsvæðum og því haft atkvæðisrétt vegna þeirra, í samræmi við 5. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Mun sú sama skipan haldast eftir að fasteignaréttindum skv. 2. grein hefur verið afsalað til sjálfseignarstofnunarinnar. Sjálfseignarstofnunin tekur hins vegar alfarið við félagsaðild og atkvæðisrétti í þeim veiðifélögum þar sem sveitarfélagið hefur farið með slík réttindi.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema 622.000 krónum miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

5. gr.

Tekjur og gjöld - ráðstöfun tekna.

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög stofnaðila og annarra aðila, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri og arður, sem eignir stofnunarinnar kunna að gefa af sér.

Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má stjórn ráðstafa til niðurgreiðslu fjallskilakostnaðar ásamt greiðslu rekstrarkostnaðar sjálfseignarstofnunarinnar. Þá getur stjórn ráðstafað tekjum í samræmi við tilgang stofnunarinnar með því að veita lán eða styrki með kaupum og sölu eigna.

Gjöld sjálfseignarstofnunarinnar eru kostnaður við að sinna verkefnum í samræmi við tilgang stofnunarinnar, samkvæmt 3. gr. og annar almennur rekstrarkostnaður hennar.

Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til upprekstrar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. stendur óhögguð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem upprekstrarlands og fjallskila, þar með talið byggingu, viðhaldi og rekstri gangnamannahúsa og girðinga, vega og vegaslóða og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim

hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðar eru á landverð.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra. Hún skal kosin á sameiginlegum fundi fulltrúa frá þeim lögbýlum sem eru innan sjálfseignarstofnunarinnar. Jafnframt mynda þessir fulltrúar frá lögbýlunum, fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert og stjórn boða hann á tryggan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á þeim fulltrúaráðsfundi, og öðrum, fer um atkvæðisrétt eins og hér segir:

Eigandi eða ábúandi hvers lögbýlis sem á upprekstrarrétt í lönd sjálfseignarstofnunarinnar skal hafa eitt atkvæði. Ef eigendur og/eða ábúendur lögbýlis eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver fari með atkvæðisrétt lögbýlisins. Við afgreiðslu mála á fulltrúaráðsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Stjórnarmenn, ásamt varamönnum, skulu kosnir til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Allir skulu þeir vera búsettir á svæði því sem er innan marka sveitarfélagsins Bólstaðarhlíðarhrepps hinn 31. desember 2005. Þeir skulu vera sjálfráða og fjár síns ráðandi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er ekki ályktunarhæf nema tveir stjórnarmenn hið fæsta séu viðstaddir á fundi. Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar. Tveir stjórnarmanna skulu rita firmað fyrir hönd stofnunarinnar og fara með prókúru fyrir hana en einnig er stjórn heimilt að fela ráðnum starfsmanni að fara með prókúru fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gjörðabók.

Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánnum eða öðrum skuldbindingum nema með samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar- endurskoðun – ársskýrslur – rekstraráætlanir.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af skoðunarmönnum þess sveitarfélags sem stofnunin hefur heimilisfang í skv. 1. gr. og reikningurinn, ásamt skýrslu um starfsemi undangengins almanaksárs skal birtur með ársreikningi sveitarfélagsins. Ársreikningur skal áritaður af skoðunarmönnum og stjórn og sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar.

Stjórnin skal gera rekstraráætlun fyrir næsta reikningsár fyrir 1. desember yfirstandandi reikningsárs. Stjórnin skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður sé í samræmi við rekstraráætlanir.

8. gr.

Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna breytinga á notkun upprekstrarréttar á landi sjálfseignarstofnunarinnar eða tekjumöguleikum af eignum hennar, er

heimilt að breyta samþykktum þessum eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmanna og samþykki 2/3 hluta atkvæða á fulltrúaráðsfundi.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar afhentar sveitarfélagi því sem núverandi Bólstaðarhlíðarhreppur er hluti af, til varðveislu og/eða ráðstöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr.

9. gr.

Staðfesting dómsmálaráðherra.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar við fyrsta stjórnarkjör kjósa alla 3 stjórnarmenn og varamenn þeirra og gengur síðan einn stjórnarmaður og varamaður út samkvæmt hlutkesti, fyrstu tvö árin.

Verði ágreiningur um þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnunni lagður fyrir dómstóla, skuldbindur sá hreppur sem leggur landið fram sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um mat á umhverfisáhrifum.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar,
- d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, á landi, í landhelgi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirtalinnna orða og orðasambanda sem hér segir:

- a. *Framkvæmdaraðili*: Ríki, sveitarfélag, stofnun og aðrir lögaðilar eða einstaklingar er hyggjast hefja framkvæmd sem reglugerð þessi tekur til.
- b. *Framkvæmd*: Hvers konar nýframkvæmd eða breyting á eldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir sem undir reglugerð þessa falla.
- c. *Frummatsskýrsla*: Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir sem Skipulagsstofnun auglýsir.
- d. *Leyfi til framkvæmda*: Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.
- e. *Leyfisveitandi*: Lögbært yfirvald sem veitir leyfi til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir, svo sem sveitarstjórnir, heilbrigðisnefndir, Umhverfisstofnun og iðnaðarráðherra.
- f. *Matsáætlun*: Áætlun framkvæmdaraðila byggð á tillögu hans um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu í frummatsskýrslu og um kynningu og samráð við gerð frummatsskýrslu.
- g. *Matsskyld framkvæmd*: Framkvæmd sem háð er ákvæðum reglugerðar þessarar ásamt þeirri starfsemi sem henni fylgir.
- h. *Matsskýrsla*: Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir þar sem gerð er grein fyrir fram komnum

- athugasemdom og umsögnum og þar sem tekin er afstaða til þeirra ásamt tillögum um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrslu.
- i. *Mengunarlögsaga Íslands*: Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.
 - j. *Mótvægisáðgerðir*: Áðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.
 - k. *Umhverfi*: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.
 - l. *Umhverfisáhrif*: Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfi, þ.e. bein og óbein áhrif, jákvæð og neikvæð áhrif, varanleg og tímabundin áhrif, afturkræf og óafturkræf áhrif, samvirk og sammögnuð áhrif. Þar með eru þó ekki talin þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda.
 - m. *Umhverfisverndarsamtök*: Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
 - n. *Umsagnaraðilar*: Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum er varða matsskyldar framkvæmdir eða umhverfisáhrif þeirra.
 - o. *Umtalsverð umhverfisáhrif*: Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

II. KAFLI

Stjórnsýsla, framkvæmdaraðili o.fl.

4. gr.

Yfirstjórn og framkvæmd.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Skipulagsstofnun er ráðherra til ráðgjafar og annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og veitir leiðbeiningar samkvæmt þeim.

5. gr.

Hlutverk Skipulagsstofnunar.

Hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt reglugerð þessari er:

- a. að annast framkvæmd reglugerðar þessarar,
- b. að veita og gefa út leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum, m.a. lista yfir helstu umsagnaraðila og starfssvið þeirra,
- c. að hafa samráð við framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 8. gr.,
- d. að stuðla að því að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda,
- e. að kynna og afla umsagnar um tillögu að matsáætlun og um frummatsskýrslu,
- f. að taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun,
- g. að gefa álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir,
- h. að taka ákvörðun um matsskyldu framkvæmda sem tilgreindar eru í 2. viðauka við reglugerð þessa.

6. gr.

Hlutverk framkvæmdaraðila.

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar. Hann ber kostnað af vinnu Skipulagsstofnunar við umfjöllun hennar um viðkomandi framkvæmd sem og af auglýsingum og kynningu.

Framkvæmdaraðila ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar um framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka.

Framkvæmdaraðila ber að gera tillögu að matsáætlun og kynna hana umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun við gerð matsáætlunar. Framkvæmdaraðili skal gera frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar í samræmi við matsáætlun. Framkvæmdaraðili skal kynna frummatsskýrslu opinberlega í samráði við Skipulagsstofnun eftir að stofnunin hefur auglýst skýrsluna.

Framkvæmdaraðili skal vinna endanlega matsskýrslu á grundvelli frummatsskýrslu þar sem gerð er grein fyrir fram komnum athugasemdum og umsögnum og tekin afstaða til þeirra.

7. gr.

Hlutverk umsagnaraðila.

Umsagnaraðilar veita Skipulagsstofnun umsögn um matsskyldu framkvæmdar, tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu um þau atriði sem falla undir starfssvið þeirra, sbr. 11., 15. og 22. gr.

8. gr.

Samráð og kynning.

Framkvæmdaraðili skal hafa forgöngu um samráð við Skipulagsstofnun á öllum stigum um mat á umhverfisáhrifum og umfjöllun um það. Samráð skal hefja eins snemma og kostur er og a.m.k. vera viðhaft við gerð tillögu að matsáætlun og umfjöllun um frummatsskýrslu.

Framkvæmdaraðili skal hafa forgöngu um að kynna umsagnaraðilum og almenningi tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu í þeim tilgangi að fá fram ábendingar og athugasemdir.

III. KAFLI

Matsskylda framkvæmda.

9. gr.

Matsskylda framkvæmdar o.fl.

Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við reglugerð þessa skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. V.-VIII. kafla í reglugerð þessari.

Framkvæmdir, sem tilgreindar eru í 2. viðauka við reglugerð þessa, ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, sbr. IV. kafla reglugerðar þessarar. Breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem taldar eru upp í 1. eða 2. viðauka, sem þegar hafa verið leyfðar, eru í framkvæmd eða framkvæmdar ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. þessari málsgrein.

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Skipulagsstofnun kynnir almenningi niðurstöðu sína með auglýsingu í dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan viku frá því að hún liggur fyrir.

IV. KAFLI

Tilkynningarskyldar framkvæmdir.

10. gr.

Tilkynning framkvæmdar.

Framkvæmdaraðila ber að tilkynna skriflega til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða framkvæmd sem fellur undir 2. viðauka við reglugerð þessa. Eftirfarandi gögn um framkvæmd skulu fylgja tilkynningunni eftir því sem við á:

- a. lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd, umfangi hennar og helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum, sbr. 1. tl. 3. viðauka við reglugerð þessa,
- b. uppdráttur af fyrirhugaðri framkvæmd og afstöðu hennar í landi þar sem fram koma mörk framkvæmdasvæðis, mannvirki sem fyrir eru á svæðinu og upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd,
- c. upplýsingar um hvernig fyrirhuguð framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum,
- d. lýsing á staðháttum, landslagi, gróðurfari og landnotkun og hvort fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á eða nærri verndarsvæðum, sbr. 2. tl. 3. viðauka við reglugerð þessa,
- e. lýsing á hvaða þættir framkvæmdar og/eða rekstrar valda helst áhrifum á umhverfið, sbr. 3. tl. 3. viðauka reglugerðar þessarar,
- f. upplýsingar um fyrirliggjandi álit umsagnaraðila og annarra eftir eðli máls sem framkvæmdaraðili kann að hafa leitað eftir.

Öllum er heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar sem tilgreind er í 2. viðauka við reglugerð þessa. Í álitamálum um hvort framkvæmd falli undir 2. viðauka ber leyfisveitanda og framkvæmdaraðila að veita Skipulagsstofnun nauðsynlegar upplýsingar sem stofnunin óskar eftir.

Telji framkvæmdaraðili með hliðsjón af viðmiðunum sem fram koma í 3. viðauka að framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sé matsskyld og Skipulagsstofnun fellst á þá afstöðu hans er heimilt að sleppa málsmeðferð skv. 10. og 11. gr. Afstaða framkvæmdaraðila skal rökstudd í tilkynningu skv. grein þessari.

11. gr.

Ákvörðun um matsskyldu.

Skipulagsstofnun ákvarðar að framkvæmdir, sem tilgreindar eru í 2. viðauka reglugerðar þessarar, skuli háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær eru taldar geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með hliðsjón af einu eða fleiri viðmiðum í 3. viðauka.

Skipulagsstofnun skal, innan 4 vikna frá því að erindi framkvæmdaraðila barst, taka ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Áður skal hún leita umsagna leyfisveitanda, og annarra eftir eðli máls hverju sinni á því hvort og þá á hvaða forsendum fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 3. viðauka við reglugerð þessa.

Í umsögn skal koma fram hvort tilkynning geri nægilega grein fyrir framkvæmd, umhverfi, samræmi við skipulagsáætlanir, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt skal gera grein fyrir viðeigandi leyfum sem eru á starfssviði þeirra aðila sem umsagnar hefur verið leitað hjá, þegar það á við. Skipulagsstofnun skal veita þeim aðilum, sem leitað er umsagna hjá, a.m.k. 10 virka daga til að gefa umsögn um matsskyldu framkvæmdar og framkvæmdaraðila a.m.k. 3 virka daga til að fara yfir fram komnar umsagnir og koma á framfæri athugasemdum sínum.

Taki framkvæmdaraðili sér lengri frest til að fara yfir fram komnar umsagnir skal hann tilkynna Skipulagsstofnun það og skal þá frestur Skipulagsstofnunar til að taka ákvörðun lengjast sem því nemur.

12. gr.

Kynning ákvörðunar um matsskyldu.

Skipulagsstofnun skal gera framkvæmdaraðila, þeim sem leitað var umsagna hjá og öðrum, sem málið varðar, grein fyrir ákvörðun sinni um matsskyldu.

Skipulagsstofnun kynnir almenningi niðurstöðu sína með auglýsingu í dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan viku frá því að ákvörðun um matsskyldu liggur fyrir. Niðurstaða Skipulagsstofnunar skal vera aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar.

V. KAFLI

Matsáætlun.

13. gr.

Tillaga að matsáætlun.

Framkvæmdaraðili skal, vegna framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, leggja fram tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er, þ.e. þegar meginþættir framkvæmdar eru orðnir það ljósir að hægt sé að fá yfirlit yfir fyrirhugaða framkvæmd, áhrifasvæði og helstu áhersluþætti matsvinnunnar.

Í tillögu að matsáætlun skal eftirfarandi koma fram eftir umfangi og eðli framkvæmdar, eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir:
 - a. heiti framkvæmdar, möguleg staðsetning, nafn framkvæmdaraðila og dagsetning,
 - b. lýsing á framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir, tilgangi, afmörkun og umfangi hennar og mögulegri áfangaskiptingu,
 - c. upplýsingar um matsskyldu framkvæmdar, með vísan til viðeigandi liða í 1. og 2. viðauka,
 - d. upplýsingar um hvaða leyfum framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir er háð og hvort fyrirhugað sé að vinna samtímis að frummatsskýrslu og starfsleyfi vegna starfsleyfisskyldra framkvæmda, sbr. 31. gr.
2. Upplýsingar um framkvæmdasvæði:
 - a. upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir á sama svæði ef þær eru fyrir hendi,
 - b. lýsing á staðhættum framkvæmdasvæðis: landslagi, gróðurfari, dýralífi og landnotkun, yfirlit um verndarsvæði og kvaðir og takmarkanir á landnotkun, s.s. vegna náttúruvár,
 - c. uppdráttur af mögulegri staðsetningu framkvæmdar og áhrifasvæðis hennar,
 - d. fyrirliggjandi skipulagsáætlanir og lýsing á hvernig fyrirhuguð framkvæmd samræmist þeim eða upplýsingar um stöðu við gerð skipulagsáætlana,
 - e. upplýsingar um mögulega framkvæmdakosti sem til greina koma, m.a. núll-kosti, þ.e. að aðhafast ekkert, greina frá umfangi og tilhögun annarra kosta og staðsetningu þeirra.
3. Upplýsingar um umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum:
 - a. greining á því hvaða þættir framkvæmdar og starfsemi, sem henni fylgir, séu líklegir til að valda umhverfisáhrifum og lýsing á þeim, s.s. stærð og gerð mannvirkja, framleiðsluferlum, magni og gerð mengunarefna og hljóðstigi frá starfsemi,
 - b. greining á því hvaða þættir umhverfisins er talið líklegt að geti helst orðið fyrir áhrifum þegar tekið er tillit til allra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar miðað við fyrirliggjandi vitneskju,

- c. lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum, s.s. um gagnaöflun, rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, úrvinnslu gagna, aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna.
4. Upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem þegar hafa tjáð sig um framkvæmdina eða tillögu að matsáætlun.
 5. Áætlun um kynningu, álitsumleitan og samráð við vinnslu frummatsskýrslu.
 6. Tíma- og kostnaðaráætlanir, svo sem tímaáætlun um vinnslu frummatsskýrslu og matskýrslu, athugasemda- og umsagnarfrestir, opinber umfjöllun Skipulagsstofnunar, áætlun um framkvæmda- og rekstrartíma. Framkvæmdaraðila er heimilt að greina frá kostnaðaráætlun vegna rannsókna og vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

14. gr.

Kynning og samráð við gerð tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdaraðili leitar samráðs eins snemma og kostur er. Framkvæmdaraðila ber að kynna umsagnaraðilum og almenningi tillögu að matsáætlun. Framkvæmdaraðili skal kynna tillögunu með auglýsingu sem vísi á veraldarvefinn og gefa almenningi kost á að lágmarki tveimur vikum til að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna. Framkvæmdaraðili getur auk þess kynnt tillöguna á almennum kynningarfundum eða í opnu húsi.

Framkvæmdaraðila ber að hafa samráð við Skipulagsstofnun við gerð tillögu að matsáætlun.

15. gr.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun.

Þegar framkvæmdaraðili hefur sent Skipulagsstofnun tillögu að matsáætlun ber stofnuninni að leita eftir umsögn leyfisveitenda og eftir atvikum annarra aðila. Í umsögn skal koma fram hvort tillagan geri nægilega grein fyrir framkvæmd og hvort upplýsingar teljist fullnægjandi um hvernig staðið verður að gagnaöflun, úrvinnslu gagna, mati á umhverfisáhrifum og framsetningu mats í frummatsskýrslu, og ef á skortir, hvaða atriðum þurfi að mati framangreindra aðila að gera frekari skil. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmd er háð.

Tillagan skal vera aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Koma skal fram að allir hafi rétt til að senda stofnuninni skriflegar athugasemdir um matsáætlunina innan tilgreinds tímafrests.

Skipulagsstofnun ber að taka ákvörðun um fram komna tillögu að matsáætlun innan fjögurra vikna frá því að tillagan berst stofnuninni. Skipulagsstofnun skal veita umsagnaraðilum a.m.k. 10 virka daga til að gefa umsögn um tillögu að matsáætlun og framkvæmdaraðila a.m.k. 3 virka daga til að fara yfir fram komnar umsagnir og koma að athugasemdum sínum. Taki framkvæmdaraðili sér lengri frest til að fara yfir fram komnar umsagnir skal hann tilkynna Skipulagsstofnun um það og lengist þá frestur Skipulagsstofnunar til að taka ákvörðun sem því nemur.

Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda. Geri stofnunin athugasemdir í niðurstöðu sinni verða þær hluti af matsáætlun.

Fallist Skipulagsstofnun ekki á tillögu að matsáætlun skal stofnunin rökstyðja ákvörðun sína, gera grein fyrir því sem hún telur ábótavant og leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu tillögu að matsáætlun.

Skipulagsstofnun skal senda niðurstöðu sína um tillögu framkvæmdaraðila til væntanlegra leyfisveitenda og annarra umsagnaraðila. Niðurstaða Skipulagsstofnunar skal vera aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar.

16. gr.

Kostnaðaráætlun Skipulagsstofnunar.

Þegar matsáætlun hefur verið samþykkt skal Skipulagsstofnun leggja fram sundurliðaða kostnaðaráætlun vegna umfjöllunar á vegum stofnunarinnar við mat á umhverfisáhrifum, svo sem um umfjöllun um frummatsskýrslu, kynningu og auglýsingu, sérfræðiálit, athugun og álit. Kostnaðaráætlun skal byggð á gjaldskrá sem ráðherra hefur staðfest. Þá skal Skipulagsstofnun leggja fram upplýsingar um kostnað sem fallið hefur til við umfjöllun um tillögu að matsáætlun. Skipulagsstofnun skal greina framkvæmdaraðila eins fljótt og kostur er frá því ef forsendur kostnaðaráætlunar breytast.

VI. KAFLI

Frummatsskýrsla

17. gr.

Drög að frummatsskýrslu.

Heimilt er framkvæmdaraðila að kynna Skipulagsstofnun drög að frummatsskýrslu og óska eftir athugasemdum við hana áður en hann leggur fram frummatsskýrslu sína.

18. gr.

Efni frummatsskýrslu.

Frummatsskýrsla skal vera í samræmi við matsáætlun, og í henni skulu koma fram öll þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að greina og meta helstu áhrif sem framkvæmd er líkleg til að hafa á umhverfið.

Í frummatsskýrslu skal eftirfarandi koma fram eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir, einkum:
 - a. lýsing á framkvæmd, hönnun hennar, afmörkun og umfangi, áfangaskiptingu ef við á, fyrirhugaðri staðsetningu og landrýmisþörf á framkvæmda- og rekstartíma,
 - b. upplýsingar um tilgang framkvæmdar, hver er framkvæmdaraðili og upplýsingar um áætlaðan framkvæmdakostnað, þ.e. ef hann fellur ekki undir viðskiptaleynd,
 - c. upplýsingar um matsskyldu framkvæmdar, með vísan til viðeigandi liða í 1. eða 2. viðauka,
 - d. lýsing á helstu framleiðsluferlum og upplýsingar um nýtingu náttúruauðlinda, svo sem jarðefna, vatns, orku, annarra hráefna, og mannaflaþörf á framkvæmda- og rekstartíma,
 - e. áætlun um losun (mengun vatns, lofts og jarðvegs, hávaða, titring, ljós, hita, geislun o.s.frv.) og um tegund og magn úrgangs,
 - f. upplýsingar um framkvæmdir á vegum annarra aðila sem eru forsenda hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar,
 - g. upplýsingar um hvaða leyfum framkvæmd og starfsemi, sem henni fylgir, er háð ásamt upplýsingum um stöðu starfsleyfisundirbúnings vegna starfsleyfis skyldra framkvæmda,
 - h. yfirlit yfir valkosti sem gerð er grein fyrir í frummatsskýrslu, svo sem aðra kosti varðandi tæknilega útfærslu framkvæmdar eða starfsemi, aðra staðarvalskosti eða núll-kost, þ.e. að aðhafast ekkert,
 - i. upplýsingar um áætlaðan framkvæmda- og rekstartíma.
2. Upplýsingar um framkvæmdasvæði, svo sem:
 - a. uppdráttur af fyrirhugaðri staðsetningu framkvæmdar og einnig uppdráttur af öðrum staðarvalskostum,

- b. uppdráttur af líklegu áhrifasvæði framkvæmdar,
 - c. lýsing á framkvæmdasvæði og áætluðu áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar, svo sem landslagi, gróðurfari, byggð og landnotkun; fram skal koma hvort svæðið, að hluta eða heild, nýtur verndar eða hvort um það gilda aðrar kvaðir eða takmarkanir á landnotkun, svo sem vegna náttúruvár,
 - d. upplýsingar um aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu, liggi þær fyrir,
 - e. upplýsingar um stöðu skipulagsmála á og nærri framkvæmdasvæði, hvort fyrirhuguð framkvæmd samræmist gildandi skipulagsáætlunum og hvernig fyrirhuguð framkvæmd tengist alþjóðasamningum og skuldbindingum.
3. Mat á umhverfisáhrifum. Þar komi fram:
- a. lýsing á því hvaða þættir framkvæmdar og starfsemi, sem henni fylgir, eru taldir geta valdið umhverfisáhrifum, svo sem stærð og gerð mannvirkja, framleiðsluferlar, magn og gerð mengunarefna og hljóðstig frá starfsemi,
 - b. lýsing á þeim þáttum umhverfisins sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir,
 - c. lýsing á þeirri aðferðarfræði sem beitt hefur verið til að segja fyrir um áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið,
 - d. niðurstöður mats á umhverfisáhrifum, þ.e. mat á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdar og áhrifum starfsemi, sem henni fylgir, á umhverfið og líffræðilega fjölbreytni vegna tilkomu hennar, nýtingar náttúruauðlinda, losunar mengunarefna, ónæðis og/eða úrgangs,
 - e. samanburður á umhverfisáhrifum þeirra kosta sem kynntir eru og rökstuðningur fyrir vali framkvæmdaraðila að teknu tilliti til umhverfisáhrifa,
 - f. lýsing á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum,
 - g. upplýsingar um þá erfiðleika, tæknilega annmarka eða skort á þekkingu sem framkvæmdaraðili kann að hafa staðið frammi fyrir við mat á umhverfisáhrifum,
 - h. tillaga að vöktunaráætlun.
 - i. flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út.
4. Upplýsingar um kynningu, álitsumleitun og samráð sem staðið hefur verið að af hálfu framkvæmdaraðila við mat á umhverfisáhrifum og upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrslu á vinnslustigi.
5. Stutt og skýr samantekt um frummatsskýrslu og niðurstöður hennar.

19. gr.

Beiðni um frekari gögn.

Ef sérstakar ástæður mæla með getur Skipulagsstofnun farið fram á að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn en gert er ráð fyrir í samþykktri matsáætlun, við gerð frummatsskýrslu og við athugun stofnunarinnar, sbr. 20. gr., enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega.

VII. KAFLI

Athugun og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

20. gr.

Athugun Skipulagsstofnunar á frummatsskýrslu.

Innan tveggja vikna frá því að Skipulagsstofnun tekur á móti frummatsskýrslu skal stofnunin meta hvort frummatsskýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 18. gr. og sé í samræmi við samþykktu matsáætlun skv. 15. gr., og ef við á, taka afstöðu til röksemda framkvæmdaraðila vegna frávika í frummatsskýrslu frá samþykktri matsáætlun.

Heimilt er Skipulagsstofnun að hafna því að taka frummatsskýrslu til athugunar í þeim tilvikum þegar hún uppfyllir ekki framangreind skilyrði. Skipulagsstofnun skal þá leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu frummatsskýrslu.

21. gr.

Kynning á frummatsskýrslu.

Telji Skipulagsstofnun frummatsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun og ákvæði 18. gr. auglýsir stofnunin hina fyrirhuguðu framkvæmd og frummatsskýrslu með auglýsingu í Lögbirtingablaði, dagblaði sem gefið er út á landsvísu, og eftir því sem við á, í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði.

Framkvæmdaraðili skal kynna almenningi framkvæmd og frummatsskýrslu í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Skipulagsstofnun getur vikið frá þeirri kröfu ef sýnt þykir að framkvæmd og frummatsskýrsla hafi hlotið fullnægjandi kynningu.

Frummatsskýrslan skal liggja frammi á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og hjá Skipulagsstofnun í sex vikur eftir að Skipulagsstofnun hefur kynnt hana, sbr. 1. mgr., sem jafnframt er sá frestur sem gefst til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við framlagða frummatsskýrslu.

22. gr.

Umsagnir og sérfræðiálit.

Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu fjalla um hvort á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir eftirtöldum atriðum sem eru á starfsviði þeirra, í frummatsskýrslu, eftir því sem við á:

- a. fyrirhugaða framkvæmd,
- b. umhverfi,
- c. umhverfisáhrif,
- d. mótvægisáðgerðir,
- e. vöktun,
- f. þörf á að kanna tiltekin atriði frekar.

Skipulagsstofnun skal veita umsagnaraðilum a.m.k. þriggja vikna frest til að gefa umsögn um frummatsskýrslu.

Komi umsagnaraðili fram með ný atriði sem ekki hafa komið fram í umfjöllun hans á fyrri stigum ber honum að gera sérstaklega grein fyrir því og ástæðu þess að það hafi ekki komið fram fyrr.

Skipulagsstofnun er heimilt að leita álits sérfræðinga á ákveðnum þáttum frummatsskýrslu og fram komnum gögnum að höfðu samráði við framkvæmdaraðila, sbr. 16. gr. Leiti stofnunin sérfræðiálits skal í álitum stofnunarinnar tilgreina ástæður þess.

23. gr.

Matsskýrsla framkvæmdaraðila.

Skipulagsstofnun skal senda framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir og sérfræðiálit þegar við á sem henni berast við frummatsskýrslu. Þegar umsagnir og athugasemdir hafa borist framkvæmdaraðila skal hann vinna endanlega matsskýrslu á grundvelli frummatsskýrslu. Í matsskýrslu skal framkvæmdaraðili gera grein fyrir fram komnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra og senda hana síðan til Skipulagsstofnunar til athugunar og álits.

24. gr.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Athugun Skipulagsstofnunar lýkur með álitinu innan fjögurra vikna frá því að stofnunin tekur á móti matsskýrslu. Stofnunin skal gefa rökstutt álit sitt á því hvort skýrslan uppfylli skilyrði laga um mat á umhverfisáhrifum og reglugerðar þessarar og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Í álitinu Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum matsins, þ.m.t. gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu, niðurstöðum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt skal í álitinu fjalla um afgreiðslu framkvæmdaraðila á þeim athugasemdum og umsögnum sem bárust við kynningu á frummatsskýrslu.

Telji Skipulagsstofnun að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisáðgerðir en fram koma í matsskýrslu skal stofnunin tilgreina skilyrðin og mótvægisáðgerðirnar og færa rök fyrir þeim. Skal stofnunin einnig taka fram undir hvaða leyfisveitanda það falli að hafa eftirlit með að farið sé að settum skilyrðum.

Telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins skal hún auglýst að nýju skv. 21. gr.

25. gr.

Kynning á álitinu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Þegar álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal það kynnt umhverfisráðherra, framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum, svo og þeim sem gert hafa athugasemdir við frummatsskýrslu á kynningartíma. Almennin skal eiga greiðan aðgang að álitinu Skipulagsstofnunar og matsskýrslu og skal stofnunin innan viku frá því að álitid lá fyrir auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísi að það og matsskýrslan liggja fyrir. Álit Skipulagsstofnunar skal vera aðgengilegt á heimasíðu stofnunarinnar.

26. gr.

Endurskoðun matsskýrslu.

Ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitid lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tæknipróunar varðandi framkvæmdina. Verði niðurstaðan sú að endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild skal fara með málið skv. 13.- 25. gr. reglugerðar þessarar eftir því sem við á.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu skal auglýst í Lögbirtinga- blaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísi innan tveggja vikna frá því að ákvörðun liggur fyrir. Í auglýsingu skal tilgreina kærheimildir og kærufresti.

27. gr.

Málskot til ráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld, ákvörðun stofnunarinnar um að umhverfisáhrif fleiri en einnar matsskyldar framkvæmdar skuli metin sameiginlega og ákvörðun stofnunarinnar um endurskoðun matsskýrslu má kæra til umhverfisráðherra. Kærufrestur er einn mánuður frá auglýsingu um ákvörðun stofnunarinnar.

Þeir einir geta skotið máli til ráðherra sem eiga lögvarða hagsmuni tengda fyrrgreindum ákvörðunum Skipulagsstofnunar í þeim tilgangi að fá þær felldar úr gildi eða þeim breytt. Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kærán lýtur að.

Enn fremur getur framkvæmdaraðili kært til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni, sbr. 15. gr., og ákvörðun stofnunarinnar um að frummatsskýrsla uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 18. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 15. gr. Úrskurður í kærumáli samkvæmt þessari grein skal kveðinn upp innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

28. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir matsskyldar framkvæmdir er kæránleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá því að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis liggur fyrir.

Um kæru samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir skipulags- og byggingarlögum.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

29. gr.

Leyfi til framkvæmda.

Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmdum sem falla undir 1. eða 2. viðauka við reglugerð þessa fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. 1. mgr. skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Leyfisveitandi skal birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kærheimild og kærufrest þegar það á við.

Um framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar vegna matsskyldra framkvæmda fer eftir skipulags- og byggingarlögum.

Þeir sem veita leyfi vegna matsskyldra framkvæmda skulu senda Skipulagsstofnun afrit af slíku leyfi eftir að leyfi hefur verið gefið út.

30. gr.

Eftirlit með framkvæmdum.

Leyfisveitandi eða aðrir sem falið er með lögum eftirlit með framkvæmdum hafa eftirlit með því að matsskyldri framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfi og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.

Berist Skipulagsstofnun vitneskja um framkvæmd sem fellur undir 1. eða 2. viðauka við reglugerð þessa sem hefur ekki verið tilkynnt stofnuninni skal hún beina fyrirspurn til leyfisveitanda um framkvæmdina.

31. gr.

Mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi.

Þegar um framkvæmd vegna starfsleyfisskylds atvinnureksturs er að ræða, sbr. reglugerð nr. 789/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem jafnframt er matsskyld samkvæmt reglugerð þessari er framkvæmdaraðila heimilt, að fengnu samþykki Skipulagsstofnunar áður en matsáætlun er lögð fram, að vinna matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að frummatsskýrslu og starfsleyfi.

32. gr.

Annars konar mat.

Ráðherra getur heimilað í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og leyfisveitenda, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar eða hluta hennar, sem tilgreind er í 1. eða 2. viðauka, fari fram með öðrum hætti en kveðið er á um í reglugerð þessari. Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

Framkvæmdaraðili sem sækir um slíka málsmeðferð til ráðherra skal í umsókn sinni gera grein fyrir ástæðum þess að sótt er um slíka málsmeðferð og sýna fram á að málsmeðferð slíks mats sé jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

33. gr.

Gögn framkvæmdaraðila.

Almennar reglur eigna- og höfundarréttar gilda um gögn þau sem lögð eru fram samkvæmt reglugerð þessari.

34. gr.

Undanþága frá frestum.

Skipulagsstofnun er í samráði við framkvæmdaraðila heimilt í viðamiklum málum að víkja frá frestum þeim sem hana varðar sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

35. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipunum Evrópusambandsins, 97/11/EB og 85/337/EBE.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu og um leið fellur úr gildi samnefnd reglugerð nr. 671/2000.

Umhverfisráðuneytinu, 12. desember 2005.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

1. VIÐAUKI

Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

1. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.

2. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.

3. Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar (kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar öll kjarnakleyf efni og önnur geislaefni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum) eru rifin niður eða tekin úr notkun (nema rannsóknstöðvar með yfir 1 kW heildarhitafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).

4. Stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin. Stöðvar til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyfra efna, til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs, til endanlegrar geymslu á geisluðum kjarnakleyfum efnum, eingöngu til endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi eða eingöngu til geymslu (til meira en tíu ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.

5. Verksmiðjur þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbæðsla á málum.

6. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu úr asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af fullnum vörum, fyrir núningsþolin efni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.

7. Efnaverksmiðjur sem framleiða:

i. lífrænt hráefni,

ii. ólífrænt hráefni,

iii. áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur),

iv. grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða,

v. grunnlyfjavörur með efnafræðilegum og líffræðilegum aðferðum,

vi. sprengiefni.

8. Lagning járnbrauta um langar vegalengdir.

9. Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.

10. i. Stofnbrautir í þéttbýli.

ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.

11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

12. Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.

13. Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir m³ eða meira.

14. Veita vatnsforða milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónir m³ á ári. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.

15. Skolphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.

16. Vinnsla á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 m³ af jarðgasi á dag.

17. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km² lands eða meira fara undir vatn eða rúmtak vatns er meira en 10 milljónir m³.

18. Leiðslur sem eru 1 km eða lengri og 50 sm í þvermál eða meira til flutnings á gasi eða vökvum sem eru eldfimur eða hættulegir umhverfi.

19. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:

i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,

ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða

iii. 900 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

20. Verksmiðjur:

i. sem framleiða pappirsdeig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum,

ii. sem framleiða pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.

21. Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri.

22. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.

23. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með 50.000 m³ geymslugetu eða meira.

24. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

25. Framkvæmdir á grunnvirkjum:

i. Iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 50 ha.

ii. Bygging verslunarmiðstöðva stærri en 40.000 m² og bygging bílastæðahúsa fyrir fleiri en 1.400 stæði.

2. VIÐAUKI

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:

a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.

b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.

c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.

d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.

f. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:

i. 40.000 stæði fyrir kjúklinga eða hænur,

ii. 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða

iii. 750 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

Stöðvar þar sem fram fer þauleldi búfjár á verndarsvæðum.

g. Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.

h. Endurheimt lands frá hafi.

2. Námuiðnaður:

a. Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m².

b. Neðanjarðarnámur.

c. Djúpbörðun, einkum:

i. borun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum,

ii. borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni,

iii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,

iv. borun eftir neysluvatni miðað við 2 milljóna m³ ársnotkun eða meiri,

v. að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs.

d. Jarðvarmavirkjanir ofanjarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.

3. Orkuiðnaður:

a. Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.

b. Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stökk; flutningur á raforku með loftlínunum á verndarsvæðum; og sæstrengir.

c. Geymsla jarðgass á verndarsvæðum.

d. Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi á verndarsvæðum.

e. Geymsla jarðefnaeldsneytis á verndarsvæðum.

f. Gerð taflna úr kolum og brúnkolum.

g. Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi.

h. Stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira.

4. Framleiðsla og vinnsla málma:

a. Stöðvar til framleiðslu á 20 tonnum á dag eða meira af steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.

b. Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málmum:

i. heitvölsunarstöðvar,

ii. smiðjur með hömrnun,

iii. varnarhúðun með bræddum málmum.

c. Málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma.

d. Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málmum öðrum en góðmálmum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.).

e. Stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofanjarðar með rafgreiningar- og efnaaðferð.

f. Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.

g. Stálskipasmíðastöðvar.

h. Stöðvar sem eru 1 ha að stærð eða meira til smíða og viðgerða á loftföllum.

i. Framleiðsla á járnbrautabúnaði.

j. Málmstímun með sprengiefnum.

k. Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.

5. Steinefnaíðnaður:

a. Koxofnar (þurreiming kola).

- b. Sementsverksmiðjur.
 - c. Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum.
 - d. Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.
 - e. Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.
 - f. Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, svo sem þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni, 75 tonn á dag eða meira eða rúmtak ofns er 4 m³ eða meira.
6. Efnaiðnaður:
- a. Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna.
 - b. Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmílíki og peroxíðum.
 - c. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemísk efni á verndarsvæðum.
7. Matvælaiðnaður:
- a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum á verndarsvæðum.
 - b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira á verndarsvæðum.
 - c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira á verndarsvæðum.
 - d. Öl- og maltgerð á verndarsvæðum.
 - e. Framleiðsla á sætindum og sírópi á verndarsvæðum.
 - f. Sláturhús á verndarsvæðum.
 - g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu á verndarsvæðum.
 - h. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri.
 - i. Sykurverksmiðjur á verndarsvæðum.
8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnaður:
- a. Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa.
 - b. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna.
 - c. Stöðvar þar sem fram fer sítun á húðum og skinnum.
 - d. Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á sellulósa.
9. Gúmmíiðnaður:
- Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílíki.
10. Framkvæmdir á grunnvirkjum:
- a. Bygging járnbrauta og samgöngumiðstöðva.
 - b. Flugvellir með styttri en 2.100 m langa meginflugbraut.
 - c. Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjasrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Hafnir utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
 - d. Byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir og gerð skipaskurða og fráveituskurða.
 - e. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum.
 - f. Járnbrautir, sporvagnar, lestir í lofti og neðanjarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.
 - g. Leiðslur til flutnings á olíu og gasi á verndarsvæðum.
 - h. Vatnsleiðslur utan þéttbýlis 10 km eða lengri og grafnar niður.
 - i. Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum

gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.

j. Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns.

k. Mannvirki til að færa vatnslindir milli vatnasvæða.

11. Aðrar framkvæmdir:

a. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.

b. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður.

c. Skolphreinsistöðvar á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá.

d. Förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum.

e. Geymsla brotajárns, þar með taldir bílar, sem er að magni 1.500 tonn á ári eða meira.

f. Prófunaraðstaða fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.

g. Stöðvar sem framleiða manngerðar steinefnatrefjar.

h. Stöðvar til að endurvinnna sprengiefni eða eyða því.

i. Förgun sláturúrgangs.

j. Endurvinnslustöðvar.

k. Snjóflóðavarnargarðar til varnar þéttbýli.

12. Ferðalög og tómstundir:

a. Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum.

b. Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.

c. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi.

d. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi.

e. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.

f. Skemmtigarðar sem ná yfir a.m.k. 2 ha svæði.

13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sbr. 1. og 2. viðauka.

a. Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

b. Framkvæmdir skv. 1. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.

3. VIÐAUKI

Viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í 2. viðauka.

1. Eðli framkvæmdar.

Athuga þarf eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til:

i. stærðar og umfangs framkvæmdar,

ii. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum,

iii. nýtingar náttúruauðlinda,

iv. úrgangsmýndunar,

v. mengunar og ónæðis,

vi. slysaþættu, einkum með tilliti til efna eða aðferða sem notaðar eru.

2. Staðsetning framkvæmdar.

Athuga þarf hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með tilliti til:

i. landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun,

ii. magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda,

iii. verndarsvæða:

(a) friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd,

(b) svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Þingvalla, Mývatns- og Laxárvæða og Breiðafjarðar,

(c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum,

(d) svæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð, sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum,

(e) svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum,

(f) hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. gr. 4.22 í skipulagsreglugerð,

iv. álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til:

(a) votlendissvæða,

(b) strandsvæða,

(c) sérstæðra jarðmyndana, svo sem hverasvæða, vatnsfalla, jökulminja, eldstöðva og bergmyndana,

(d) náttúruverndarsvæða, þar með talið svæða á náttúruminjaskrá,

(e) landslagsheilda, ósnortinna víðerna, hálendissvæða og jökla,

(f) upprunalegs gróðurlendis, svo sem skóglendis,

(g) fuglabjarga og annarra kjörlenda dýra,

(h) svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi,

(i) svæða þar sem mengun er yfir viðmiðunargildum í lögum og reglugerðum.

3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér á undan, einkum með tilliti til:

i. umfangs umhverfisáhrifa, þ.e. þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum,

ii. stærðar og fjölbreytileika áhrifa,

iii. þess hverjar líkur eru á áhrifum,

iv. tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa,

v. sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði,

vi. áhrifa yfir landamæri.

REGLUGERÐ

um úrvinnslugjald.

I. KAFLI

Gjaldskyldar vörur.

1. gr.

Gjaldskyldar vörur.

Greiða skal í ríkissjóð úrvinnslugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru innanlands.

Úrvinnslugjald skal leggja á vöruflokka, á nýjar og notaðar vörur, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald að undanskildu tollskrárnúmeri 2710.1920. Við flokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987.

Greiða skal úrvinnslugjald af ökutækjum eins og nánar er mælt fyrir um í IV. kafla reglugerðar þessarar.

Greiða skal úrvinnslugjald af pappa-, pappírs- og plastumbúðum eins og nánar er kveðið á um í VI. kafla reglugerðar þessarar.

Skattstjórar og innlendir framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun framleiðsluvöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Skattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollyfirvalda um tollflokkun er bindandi fyrir framleiðanda og skatt-yfirvöld.

2. gr.

Gjaldstofn.

Gjaldstofn úrvinnslugjalds skal miðast við stykkjatölu eða þyngd í kílógrömmum hinar gjaldskyldu vöru ásamt söluumbúðum, þ.e. nettóþyngd. Ef gjaldskyld vara er hluti af annarri vöru miðast gjaldstofn við heildarþyngd gjaldskyldu vörunnar.

Gjaldstofn úrvinnslugjalds af pappa-, pappírs- og plastumbúðum skal miðast við þyngd umbúða í kílógrömmum hvort sem þær eru einar sér eða utan um vöru.

II. KAFLI

Gjaldskyldir aðilar og skráning.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt reglugerð þessari hvílir á eftirtöldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, til endursölu.
2. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, til eigin nota.
3. Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, innanlands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

Sá sem setur vöru í gjaldskyldar umbúðir sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af er ekki gjaldskyldur aðili, samkvæmt reglugerð þessari. Jafnframt telst sá aðili er notar einvörðungu hráefni sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af við sólningu hjólbarða ekki gjaldskyldur aðili.

4. gr.

Tilkynningarskylda og skráning vegna innlendirar framleiðslu.

Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili. Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, skv. 4. mgr. 6. gr. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna skattstjóra eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting varð.

III. KAFLI

Álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, greiðslufrestur, skýrslur, álag og dráttarvextir.

5. gr.

Álagning gjalds.

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Skattstjórar annast álagningu gjalds vegna innlendirar framleiðslu sem tollstjórar innheimta.

Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum.

6. gr.

Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendirar framleiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.

Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjalddagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu, sbr. þó ákvæði 8. gr.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu, sbr. þó ákvæði 8. gr. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir. Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

7. gr.

Skýrslur, álag og dráttarvextir.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. Skattstjóri skal áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

IV. KAFLI

Endurgreiðslur og undanþágur.

8. gr.

Undanþága frá úrvinnslugjaldi vegna útflutnings.

Pappa-, pappírs- og plastumbúðir í eftirtöldum tollskrárnúmerum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi:

3923.1001	3923.3000	4819.1001	4819.3001	4819.5009
3923.1009	3923.4000	4819.1009	4819.3009	4819.6000
3923.2101	3923.5000	4819.2011	4819.4001	4822.1000
3923.2109	3923.9001	4819.2019	4819.4009	4822.9000
3923.2901	3923.9002	4819.2091	4819.5001	4823.9004
3923.2909	3923.9009	4819.2099	4819.5002	4823.9006

Umsókn um undanþágu frá úrvinnslugjaldi skv. 1. mgr. skal beint til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem varan kemur til tollafgreiðslu og skal hún sett fram í aðflutningsskýrslu, eyðublað E1, með því að rita viðeigandi undanþágutilvísun í reit 14 í skýrslunni. Með þessum hætti er innflytjandi að lýsa því yfir að hann sæki um undanþágu frá úrvinnslugjaldi af tiltekinni vöru í vörusendingu samkvæmt þeim heimildum sem undanþágutilvísun nær til. Jafnframt felur slík umsókn í sér yfirlýsingu um að innflytjandi skuldbindi sig til að hlíta öllum þeim fyrirmælum, skilyrðum og takmörkunum sem er að finna í nefndum heimildum fyrir undanþágu gjaldsins og ráðstöfun vörunnar.

9. gr.

Endurgreiðsla úrvinnslugjalds vegna útflutnings.

Sé gjaldskyld vara sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal endurgreiða gjaldskyldum aðila, eða þeim sem keypt hefur vöruna af honum, úrvinnslugjald sem greitt hefur verið af viðkomandi vöru.

Aðili sem óskar endurgreiðslu skv. 1. mgr. skal sækja um endurgreiðslu í sérstakri skýrslu til skattstjóra, sem vera skal í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Tilgreina skal í skýrslunni um magn vöru og fjárhæð þess úrvinnslugjalds sem sannanlega hefur verið greitt af viðkomandi vöru. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga úrvinnslugjalds.

Fjárhæð sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal vera að lágmarki 10.000 kr.

Fallist skattstjóri á skýrsluna án frekari skýringa skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en 15 dögum eftir gjalddaga, enda hafi úrvinnslugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.

10. gr.

Endurgreiðsla úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi.

Úrvinnslusjóði er heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila enda liggja fyrir samningur við viðurkenndan endurnýtingar- eða förgunaraðila um móttöku úrgangsins. Endurgreiðslan skal fara fram þegar fyrir liggur staðfesting um endurnýtingu eða förgun úrgangs.

11. gr.

Vara sannanlega flutt úr landi.

Framleiðendur og innflytjendur skulu gefa upp við útgáfu á reikningi með skýrum hætti ef umbúðir eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Kaupandi umbúða staðfestir að keyptar umbúðir fari til útflutnings með móttökukvittun á viðkomandi reikningi án athugasemda. Endanleg yfirlýsing kaupenda er staðfest við greiðslu reiknings. Telst kaupandi því ábyrgur fyrir því að umbúðir keyptar án úrvinnslugjalds fari til útflutnings gagnvart innheimtumönnunum ríkisjóðs.

Innlendir framleiðendur greiða ekki úrvinnslugjald vegna gjaldskyldra umbúða sem fara til notkunar utan um framleiðslu sem flutt er úr landi, sbr. 1. mgr. 8. gr.

V. KAFLI

Úrvinnslugjald á ökutæki.

12. gr.

Úrvinnslugjald á ökutæki.

Skráður eigandi gjaldskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímabili greiða úrvinnslugjald fyrir hvert gjaldskyldt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjalddagar úrvinnslugjalds eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar – 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí – 31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kæruehimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru gjaldskyldar og er gjaldtímabil vegna þeirra samkvæmt málsgrein þessari 1. janúar – 31. desember og skal skráður eigandi gjaldskylds ökutækis á gjaldtímabilinu greiða úrvinnslugjald fyrir hvert gjaldskyldt ökutæki sitt. Gjalddagi úrvinnslugjalds á bifreiðar samkvæmt málsgrein þessari er 1. júlí ár hvert. Um innheimtu gjaldsins að öðru leyti gildir 1. mgr.

Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að greitt hefur verið úrvinnslugjald af ökutækinu í full 15 ár og fyrir bifreiðar sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs.

13. gr.

Skil á ökutæki til úrvinnslu.

Skráður eigandi eða sá sem hefur skriflegt umboð hans skal skila ökutæki til úrvinnslu til söfnunar- eða móttökustöðvar sem hefur heimild til að taka á móti ökutækjum til úrvinnslu samkvæmt starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Við skil á ökutæki til úrvinnslu skal verksmiðjunúmer ökutækis vera auðþekkjanlegt og skal a.m.k. vera til staðar yfirbygging og grind ökutækisins.

14. gr.

Skilavottorð.

Við skil á ökutæki til úrvinnslu skal hlutaðeigandi söfnunar- eða móttökustöð gefa út skilavottorð á eyðublaði er Úrvinnslusjóður leggur til og afhenda þeim sem skilar ökutækinu. Í skilavottorði skal koma fram að tekið hafi verið á móti ökutæki til úrvinnslu og að heimilt sé að afskrá ökutækið til úrvinnslu. Þegar skilavottorð hefur verið gefið út er söfnunar- og móttökustöð heimilt að ráðstafa viðkomandi ökutæki til úrvinnslu. Hvíli veð á ökutækinu við skil þess ber Úrvinnslusjóður eða viðkomandi söfnunar- eða móttökustöð ekki ábyrgð á þeirri kröfu sem að baki því stendur.

15. gr.

Afskráning og greiðsla skilagjalds.

Sé óskað eftir greiðslu skilagjalds skal skráður eigandi eða sá sem hefur skriflegt umboð hans skrifa undir beiðni um afskráningu ökutækis hjá viðkomandi skoðunarstofu eða Umferðarstofu, ásamt því að leggja fram skilavottorð. Að öðru leyti fer um afskráningu samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja.

Sé afskráningarbeiðni samþykkt með athugasemdinni „Til úrvinnslu“ skal viðkomandi skoðunarstofa eða Umferðarstofa greiða skráðum eiganda skilagjald eða leggja það inn á reikning hans. Einnig er hægt að senda afskráningarbeiðni ásamt skilavottorði til Umferðarstofu og fá skilagjald greitt hjá viðkomandi tollstjóra/sýslumanni.

Greiða skal skilagjald hverjum þeim sem afhendir gjaldskýlt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki. Í þeim tilvikum sem skráður eigandi á vangreidd opinber gjöld vegna úrvinnslugjalds, bifreiðagjalds og/eða þungaskatts skulu þau dragast frá við greiðslu skilagjalds.

VI. KAFLI

Úrvinnslugjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir.

16. gr.

Umbúðir.

Umbúðir eru skv. reglugerð þessari allar vörur, af hvaða tegund sem er og úr hvaða efni sem er, sem eru notaðar við þökkun, verndun, meðhöndlun og afhendingu framleiðsluvöru, hvort sem þar er um að ræða hráefni eða fullunna vöru, til notanda eða neytanda. Nánar tiltekið eru umbúðir:

- 1) *söluumbúðir* eða *grunnumbúðir*, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær söluveiningu fyrir notanda eða neytanda,
- 2) *safnumbúðir*, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekens fjölda söluveininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til notanda eða neytanda eða aðeins notaðar til að fylla í hillur á sölustað; hægt er að taka þær utan af vörunni án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar,

- 3) *flutningsumbúðir*, þ.e. umbúðir þannig gerðar að þær auðvelda meðhöndlun og flutning nokkurra sölueininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón við meðhöndlun og flutning; gámar til vöruflutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða.

Við skilgreiningu á því hvað teljist umbúðir skal byggt á eftirfarandi viðmiðunum, sbr. og viðauka 1.

- 1) Hlutir sem gegna jafnframt annars konar hlutverki en að vera umbúðir utan um vöru teljast ekki umbúðir ef hluturinn er óaðskiljanlegur hluti framleiðsluvörunnar og sé nauðsynlegur til að geyma, styðja eða varðveita vöruna á endingartíma hennar og allir þættir séu ætlaðir til notkunar, neyslu eða förgunar á sama tíma.
- 2) Hlutir skulu teljast til umbúða að því tilskyldu að þeir þjóni hlutverki umbúða. Í fyrsta lagi ef þeir eru hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu, og í öðru lagi einnota hlutir, sem eru seldir, fylltir eða hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu.
- 3) Efnisþættir umbúða og viðbótarþættir sem eru felldir inn í umbúðir teljast vera hluti af þeim umbúðum. Viðbótarþættir, sem eru hengdir beint á eða festir við framleiðsluvöru og þjóna hlutverki umbúða, teljast til umbúða nema þeir séu óaðskiljanlegur hluti vörunnar og allir þættir hennar séu ætlaðir til neyslu eða förgunar á sama tíma.

17. gr.

Úrvinnslugjald á pappa-, pappír- og plastumbúðir.

Úrvinnslugjald skal leggja á umbúðir gerðar úr pappa, pappír og plasti, sbr. þó viðauka I og III í lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Gjaldið skal lagt á annars vegar umbúðir sem fluttar eru til landsins einar sér eða utan um vöru og hins vegar umbúðir sem framleiddar eru hér á landi. Úrvinnslugjald skal lagt á samkvæmt upplýsingum gjaldskylds aðila um þyngd, tegund og samsetningu umbúða, sbr. þó 2. mgr. Þetta á einnig við um samsettar umbúðir.

Gjaldskyldur aðili skal við tollafgreiðslu gefa upp þyngd umbúða í vörusendingu til tollafgreiðslu samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. Með staðfestum upplýsingum er átt við staðfestingu frá framleiðanda á gerð og þyngd allra gjaldskyldra umbúða eða upplýsingar um þyngd gjaldskyldra umbúða samkvæmt vigtun hér á landi. Ef staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða vöru fást ekki er gjaldskyldum aðila heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur sbr. XVI. viðauka laga um úrvinnslugjald.

VII. KAFLI

Starfsemi Úrvinnslusjóðs.

18. gr.

Skilun úrgangs.

Sveitarstjórn skal leggja til og sjá um að rekin sé móttökustöð fyrir förgun úrgangs og söfnunarstöð. Framleiðendum úrgangs eða þeim sem hafa úrgang í vörslu sinni ber að skila úrgangi sem fellur til vegna gjaldskyldrar vöru til söfnunarstöðva. Þó skulu fyrirtæki skila úrgangi til móttökustöðva ef þær eru starfandi á viðkomandi svæði.

19. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Innheimtumaður ríkissjóðs lætur Úrvinnslusjóði í té fyrir hvert uppgjörstímabil upplýsingar um álagt gjald, frádrátt vegna innlendrar framleiðslu, gjaldstofn úrvinnslugjalds og gjaldskyldar vörur sem fluttar eru úr landi samkvæmt tollskrárnúmerum.

20. gr.

Framkvæmd verkþátta.

Úrvinnslusjóður skal að jafnaði bjóða út einstaka verkþætti til allt að fimm ára í senn. Takist útboð ekki eða ef ekki er grundvöllur til útboðs skal Úrvinnslusjóður gera verksamninga við aðila um úrvinnslu úrgangs. Í útboðum og verksamningum, skal kveða á um framvísun vottorða frá móttökustöð sem hefur gilt starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Úrvinnslusjóður skal standa undir hluta af rekstrarkostnaði varðandi meðferð flokkaðs úrgangs í söfnunarstöð, sem til er kominn vegna vara sem greitt hefur verið af úrvinnslugjald, samkvæmt reglum Úrvinnslusjóðs og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá ber Úrvinnslusjóði að greiða fyrir flutning þessa úrgangs til móttöku- eða endurnýtingarstöðvar samkvæmt nánari reglum Úrvinnslusjóðs að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

VIII. KAFLI

Bókhald o.fl.

21. gr.

Tekjur Úrvinnslusjóðs.

Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt reglugerð þessari skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

22. gr.

Úrvinnslugjald sem stofn til virðisaukaskatts.

Úrvinnslugjald myndar stofn til virðisaukaskatts.

23. gr.

Bókhald.

Gjaldskyldir aðilar, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattfyrivöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um úrvinnslugjald.

Í bókhaldi gjaldskyldra aðila skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal færa sérstaka reikninga fyrir innkaup og sölu gjaldskyldrar vöru. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé á grundvelli þeirra hægt að reikna með beinum hætti fjárhæðir úrvinnslugjalds. Þeir sem selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda sölu gjaldskyldra vara greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu. Loks skal aðgreina sölu og innkaup gjaldskyldrar starfsemi eftir gjaldtegund og gjaldflokkum.

24. gr.

Útgáfa sölureikninga.

Gjaldskyldur aðili skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal færa sölu og aðra afhendingu á sölureikning þannig að magn, tegund og heildarverð vöru ásamt fjárhæð úrvinnslugjalds komi fram.

Seljendum vöru, sem ekki er úrvinnslugjaldsskyld, er óheimilt að tilgreina úrvinnslugjald á sölureikningi. Geri þeir það skulu þeir skila gjaldinu í Úrvinnslusjóð, nema leiðréttingu verði komið við gagnvart kaupanda vörunnar. Sama gildir um gjaldskylda aðila sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. sem tilgreina á reikningum sínum of hátt úrvinnslugjald eða úrvinnslugjald af viðskiptum sem ekki eru gjaldskyld. Til sönnunar á leiðréttingu skal gefa út kreditreikning til kaupanda.

IX. KAFLI

Kærur, málsmeðferð o.fl.

25. gr.

Kæruheimild og kærufrestur.

Heimilt er að kæra álagningu úrvinnslugjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra, ríkisskattstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir. Tollstjóri, ríkisskattstjóri eða skattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra, er varðar undanþágu frá úrvinnslugjaldi samkvæmt reglugerð þessari, eigi rétta, getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra með því að senda honum skriflega kæru, studda nauðsynlegum rökum og gögnum, innan 60 daga frá því er ákvörðun tollstjóra lá fyrir. Um meðferð slíkrar kæru fer samkvæmt reglugerð nr. 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, með síðari breytingum.

Endurgreiðsla úrvinnslugjalds samkvæmt 9. gr. er kæránleg til skattstjóra í samræmi við 13. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Gjaldskyldur aðili getur skotið úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

26. gr.

Lög um vörugjald.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í reglugerð þessari skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, eiga við um álagningu, innheimtu, tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt reglugerðinni.

27. gr.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. og 21. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald með síðari breytingum, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið og öðlast gildi 1. janúar 2006. Einnig var höfð hliðsjón af tilskipun 2004/12/EB um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 501/2003, um úrvinnslugjald.

Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Kristín L. Árnadóttir.

I. VIÐAUKI

Dæmi til skýringar á viðmiðunum sem um getur í 2. mgr. 16. gr.**Dæmi til skýringar á viðmiðun (1)***Umbúðir*

Sælgætisöskjur

Plastfilma utan um geisladiskahulstur

Hlutir sem eru ekki umbúðir

Blómapottar sem er ætlað að fylgja plöntunni á líftíma hennar

Verkfærakassar

Tepokar

Vaxhúð á osti

Pylsugarnir

Dæmi til skýringar á viðmiðun (2)*Umbúðir sem eru hannaðar og ætlað er að fylla við sölu*

Burðarpokar úr pappír eða plasti

Einnota diskar og bollar

Viðloðandi plastfilma

Nestispokar

Álpappír

Hlutir sem eru ekki umbúðir

Hræripinnar

Einnota hnífapör

Dæmi til skýringar á viðmiðun (3)*Umbúðir*

Merkimiðar sem eru hengdir eða festir á vöru

Hluti af umbúðum

Augnhárabursti sem er hluti af lokunarbúnaði ílátsins

Límimiðar sem eru festir á annan hluta umbúðanna

Hefti

Plasthólkar

Skömmtunarbúnaður sem er hluti af lokunarbúnaði íláts fyrir þvottaefni.

REGLUGERÐ

um innköllun þriggja seðlastærða.

1. gr.

Eftirtaldar seðlastærðir skulu innkallaðar: 10 krónur, 50 krónur og 100 krónur.

2. gr.

Frestur til að afhenda seðla, sem greindir eru í 1. gr., skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þessum seðlum og láta í staðinn peninga sem ekki á að innkalla. Seðlar þeir, sem greindir eru í 1. gr., eru á innköllunarfrestinum lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hættu að vera lögmætur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa seðlana, sem greindir eru í 1. gr., í ekki skemmri tíma en 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins, sem greindur er í fyrsta málslíð þessarar greinar.

3. gr.

Seðlabanki Íslands annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22/1968, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 25. nóvember 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Bolli Þór Bollason.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2005

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu stjórnsýsluheiti Vatnsleysustrandarhrepps.

1. gr.

Ráðuneytið hefur í dag, að tillögu hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps, staðfest breytt stjórnsýsluheiti fyrir sveitarfélagið. Nýtt stjórnsýsluheiti skal vera Sveitarfélagið Vogar.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. desember 2005.

Árni Magnússon.

Þorgerður Benediktsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2005

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 264/1971
um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Orðin „Löggilding er veitt til fimm ára í senn“ í grein 1.8.1. falla brott.

2. gr.

Orðin „Í fyrsta sinn“ í 1. mgr. greinar 1.8.6. falla brott.

Í stað orðanna „Endurnýjun löggildingar“ í 2. mgr. greinar 1.8.6. kemur „Löggilding“.

3. gr.

Reglugerð þessi um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum, er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 13. desember 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2005

REGLUGERÐ

um fjárhagslegan stuðning við sveitarfélög vegna einkaframkvæmda (eignar- og rekstrarleigu) á sviði fráveitumála á árinu 2005.

1. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélögum styrki til stofnframkvæmda við fráveitur sem unnar eru á árinu 2005 og fjármagnaðar samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings.

2. gr.

Fráveitunefnd umhverfissráðuneytisins fjallar um styrkumsóknir og framkvæmda- og kostnaðaráætlanir sveitarfélaga skv. reglugerð þessari og áætlað styrkhæfni hverrar áætlaðrar framkvæmdar. Fráveitunefnd fjallar um upplýsingar sveitarfélaga um raunkostnað við framkvæmdir og metur og staðfestir kostnað við styrkhæfar framkvæmdir í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Á grundvelli þeirrar staðfestingar gerir fráveitunefnd tillögur til umhverfissráðherra um styrkveitingu og getur styrkurinn numið allt að upphæð virðisaukaskatts af heildarkostnaði við styrkhæfar framkvæmdir.

3. gr.

Það er skilyrði fyrir styrk að um stofnframkvæmd við fráveitu sé að ræða. Styrkurinn skal fara til greiðslu kostnaðar við framkvæmdina og skal í samningi við framkvæmdaraðila gengið þannig frá málum að fjárhæðin sé tryggð með ábyrgð svo sem bankaábyrgð eða með forkaupsrétti sveitarfélagsins þar sem um rekstrarleigusamning er að ræða. Skuldbindingar sem sveitarfélögin taka á sig vegna rekstrarleigu skulu koma fram í ársreikningum þeirra.

4. gr.

Um framkvæmd mála fer samkvæmt lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. desember 2005.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um ábyrgðir Jöfnunarsjóðs sókna nr. 865/2001.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. verði svohljóðandi: Þegar kirkjuráð hefur fallist á að veita ábyrgð skal gefin út yfirlýsing þar að lútandi. Nægilegt er að hún sé undirrituð af forseta kirkjuráðs.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91 29. desember 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. desember 2005.

Björn Bjarnason.

Hjalti Zóphóniasson.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2005

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206/1991 um Jöfnunarsjóð sókna.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „10. nóvember“ í 1. ml. 4. gr. reglugerðarinnar komi: 15. júní.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 9. gr. laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91 frá 29. desember 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. desember 2005.

Björn Bjarnason.

Hjalti Zóphóniasson.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2005

AUGLÝSING

um yfirlit vaxta fyrir árið 2005.

Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, birtir Seðlabanki Íslands hér með töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma, tíma-bilið janúar til desember 2005, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Reykjavík, 19. desember 2005.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Sveinn E. Sigurðsson
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

Vextir fyrir árið 2005.

Í töflunni eru sýndir vextir alls á ári sem birtir hafa verið samkvæmt 10. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. ¹

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní
I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum ²						
1. Grunnur dráttarvaxta	8,25	8,25	8,25	8,25	8,25	8,25
2. Vanefndaálag	11,75	11,75	11,75	11,75	11,75	11,75
3. Dráttarvextir	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0
II. Almennir vextir ³						
1. Vextir óverðtryggðra lána	10,0	10,0	10,0	10,5	11,0	11,0
2. Vextir verðtryggðra lána	4,15	4,15	4,15	4,15	4,15	4,15
3. Vextir af skaðabótakröfum	6,7	6,7	6,7	7,0	7,3	7,3
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt ⁴						
1. Bandaríkjadollurum	5,5	5,5	5,5	6,0	6,0	6,0
2. Sterlingspundum	8,0	8,0	8,0	8,0	8,0	8,0
3. Dönskum krónum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
4. Norskum krónum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
5. Sænskum krónum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
6. Svissneskum frönskum	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
7. Japönskum jenum	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
8. Evrum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5

	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum²						
1. Grunnur dráttarvaxta	9,5	9,5	9,5	9,5	9,5	9,5
2. Vanefndaálag	11,0	11,0	11,0	11,0	11,0	11,0
3. Dráttarvextir	20,5	20,5	20,5	20,5	20,5	20,5
II. Almennir vextir³						
1. Vextir óverðtryggðra lána	11,5	11,5	11,5	11,5	12,0	12,0
2. Vextir verðtryggðra lána	4,15	4,15	4,15	4,15	4,15	4,15
3. Vextir af skaðabótakröfum	7,7	7,7	7,7	7,7	8,0	8,0
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendra mynt⁴						
1. Bandaríkjadollurum	6,0	6,5	6,5	7,0	7,0	7,0
2. Sterlingspundum	8,0	8,0	8,0	7,5	7,5	7,5
3. Dönskum krónum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
4. Norskum krónum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
5. Sænskum krónum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
6. Svissneskum frönskum	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
7. Japönskum jenum	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
8. Evrum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5

1 Vextir taka gildi í upphafi mánaðar samkvæmt 10. grein laga nr. 38/2001

2 Birt samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

3 Birt samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. laga nr. 38/2001.

4 Birt samkvæmt 3. mgr. 10. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, skal borgarstjórn innheimta gjald sem hér segir:

1. flokkur	kr. 17.500	6. flokkur	kr. 56.000
2. flokkur	kr. 21.000	7. flokkur	kr. 70.000
3. flokkur	kr. 31.500	8. flokkur	kr. 91.000
4. flokkur	kr. 35.000	Eftirfylgniferð	kr. 17.500
5. flokkur	kr. 42.000	Sýnataka	kr. 14.000
Tímagjald þjónustuverkefna	kr. 7.000		

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali I með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er umhverfissráði heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem umhverfissráð telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

Ef fyrirtæki, sem sætir mengunarvarnaeftirliti og uppfyllir skilyrði 6. eða 7. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti með því fyrirtæki skv. ákvæðum reglugerðarinnar.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 2. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis eins og hér segir:

Starfsemi, þar sem krafist er auglýsingar starfsleyfis skv. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun kr. 22.200.

Önnur starfsleyfi kr. 17.465.

Þó skal innheimta af starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali II starfsleyfisgjald eins og hér segir:

I. flokkur	kr. 34.930
II. flokkur	kr. 76.860
III. flokkur	kr. 139.790

Við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 10.500 sé um að ræða starfsemi skv. 2. mgr. en kr. 14.290 sé um að ræða starfsemi skv. 1. mgr. Hafi umtalsverðar

breytingar orðið á rekstri eða húsnæði að mati umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, þá skal greiða gjald eins og um væri að ræða nýja starfsemi.

Fyrir leyfi til markaðs- og götusölu greiðist kr. 6.560 en heilbrigðisnefnd er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

4. gr.

Vegna útgáfu starfsleyfa, sem ekki heyra undir ákvæði 3. gr. skal innheimt gjald samkvæmt reikningi. Sama á við ef kostnaður vegna útgáfu starfsleyfis skv. 3. gr. reynist vera meiri en gert var ráð fyrir í áætlun umhverfissviðs Reykjavíkurborgar.

Starfsleyfisgjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem umhverfissvið Reykjavíkurborgar gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eða skoðun skal greiða kr. 6.560 og fyrir eiturbeiðnir kr. 1.710.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um er að ræða óflokkaða eftirlitsskylda starfsemi eða aukin eftirlitsverkefni, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, þá er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og umhverfissvið Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Umhverfissvið Reykjavíkur innheimtir gjald fyrir vottorð, eiturbeiðnir og leyfi til markaðs- og götusölu.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs umhverfissviðs Reykjavíkurborgar.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 66/2003 fyrir mengunar- og heilbrigðis-efirlit í Reykjavík, með síðari breytingum.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 8. desember 2005.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Fylgiskjal I.**Flokkun fyrirtækja í gjaldflokka samkvæmt eftirlitssviðum.****Matvælaeftirlit**

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
15.13.1	Kjötiðnaður, lítill	4
15.13.2	Kjötiðnaður, miðlungs	6
15.13.3	Kjötiðnaður, stór	7
15.13.4	Kjötpökkunarstöð	6
15.20.5	Harðfiskverkun	4
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4
15.51.0	Mjólkurbú	7
15.51.1	Ostagerð	7
15.51.2	Jógúrtframleiðsla	4
15.52.0	Ísgerð	6
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	6
15.81.1	Brauðverksmiðjur	6
15.81.2	Bakarí	6
15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla	7
15.84.0	Súkkulaði- og sælgætisgerð	6
15.87.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	6
15.89.1	Salatgerð	6
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór	6
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja, stór	7
51.31.0	Heildverslun með grænmeti, meðal	4
51.31.1	Heildverslun með grænmeti, stór	6
51.36.0	Heildverslun með sykur o.fl.	4
51.39.1	Heildverslun með matvæli, lítill	1
51.39.2	Heildverslun með mavæli, meðal	4
51.39.3	Heildverslun með matvæli, stór	6
52.11.11	Stórmarkaðir, stórir	7
52.11.20	Matvöruverslanir m. vinnslu, meðal	6

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
52.11.21	Matvöruverslanir m. vinnslu, stórar	7
52.11.30	Matvöruverslanir án vinnslu, meðal	4
52.11.31	Matvöruverslanir án vinnslu, stórar	6
52.11.32	Matvöruverslanir án vinnslu, litlar	2
52.11.4	Söluturnar	1
52.11.5	Söluturnar með ís/samlökugerð	4
52.11.6	Matsöluvagnar	2
52.23.0	Fiskbúðir	4
52.24.0	Smásala á brauði og kökum	4
52.27.0	Sérverslun með matvörur	4
52.62.0	Markaðir	4
52.62.1	Sölubás	1
55.11.1	Hótel með litlum matsölustað	4
55.11.2	Hótel með miðlungs matsölustað	6
55.11.3	Hótel með stórum matsölustað	7
55.30.2	Skemmtistaðir með matsölu	7
55.30.30	Skyndibitastaðir, litlir	4
55.30.31	Skyndibitastaðir, miðlungs	6
55.30.4	Brauðstofur	4
55.30.6	Matsölustaðir, veitingahús, lítil	4
55.30.7	Matsölustaðir, veitingahús, meðal	6
55.30.8	Matsölustaðir, veitingahús, stór	7
55.40.5	Kaffistofa	2
55.40.6	Veitingatorg	4
55.51.1	Mötuneyti, lítil	4
55.51.2	Mötuneyti, miðlungs	6
55.51.3	Mötuneyti, stór	7
55.52.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	4
55.52.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	6
55.52.3	Sala á tilbúnum mat, stór	7
63.12.0	Vöruheymislur, flutningamiðstöðvar	6
63.12.01	Vöruheymislur, flutningamiðstöðvar, litlar	2
Hollustuhættir		
24.30.01	Málningarverksmiðjur	4
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur	3
24.52.01	Snyrtivöruframleiðsla	2
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, stórar	7
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, meðal	6
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, litlar	4

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
50.50.01	Bensinstöðvar	3
51.55	Heildverslun með efnavöru, lítið	2
51.55	Heildverslun með efnavöru, meðal	4
51.55	Heildverslun með efnavöru, mikið	6
52.11.11	Matvöruverslanir, stórar	6
52.11.20	Matvöruverslanir, miðlungs	3
52.11.30	Matvöruverslanir, litlar	2
52.31.0	Apótek	3
52.33.01	Snyrtivöruverslanir	2
52.46.11	Byggingavöruverslanir, stórar	7
52.46.12	Byggingavöruverslanir, meðalstórar	6
52.46.12	Byggingavöruverslanir, litlar	4
52.46.13	Járnvöruverslanir	4
52.46.21	Málningarvöruverslanir	5
52.48.7	Leikfangaverslanir	2
52.48.8	Blómaverslun með B og C efni	5
52.49.92	Varahlutaverslanir, ekki í bíla	3
52.49.93	Smásala efna í flokkum X, A og B	5
Óflokkað	Smásala efnavara, mikið	6
Óflokkað	Smásala efnavara, meðal	3
Óflokkað	Smásala efnavara, lítið	1
55.10.1	Gistiheimili	2
55.12.0	Hótel	4
55.22.0	Tjaldstæði	2
55.23.1	Heimagingingar	2
55.40.1	Krár litlar, lágmarks matargerð	3
55.40.2	Krár stórar, lágmarks matargerð	4
75.23.0	Fangelsi	4
80.10.0	Grunnskólar, litlir	4
80.10.0	Grunnskólar, stórir	6
80.21.0	Framhaldsskólar	6
80.22.0	Sérskólar	3
80.30.0	Skólar á háskólastigi	6
80.42.2	Tónlistarskólar	1
85.11.1	Deildaskipt sjúkrahús	4
85.11.4	Dvalar- og hjúkrunarheimili	5
85.11.44	Vistheimili	2
85.11.5	Áfengismeðferð	3
85.12.1	Heilsugæslustöðvar	3
85.12.2	Læknastofur	1
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur	2
85.14.1	Sjúkraþjálfun	1

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
85.14.92	Fótaaðgerðastofur	1
85.14.94	Kírópraktor	1
85.31.4	Heimili f. fatlaða	1
85.31.9	Gistiskýli fyrir heimilislauða	2
85.32.1	Daggæsla í heimahúsum	2
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, litlir	2
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, stórir	4
85.32.21	Gæsluvellir	2
85.32.4	Félagsmiðstöðvar	3
85.32.5	Safnaðarheimili/kirkjur	2
85.32.6	Félagsaðstaða fullorðinna	3
85.32.61	Einkasalir, félagsheimili	2
92.	Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi	2
92.13.0	Kvikmyndahús	5
92.31.01	Leikhús	2
92.33.0	Rekstur skemmtigarða	2
92.34.0	Dansskólar	1
92.61.01	Stórir sundstaðir	6
92.61.02	Lítlir sundstaðir	3
92.62.03	Íþróttamannvirki	3
93.02.01	Hárgreiðslustofur	2
93.02.2	Snyrtistofur	2
93.02.3	Húðflúrstofur	2
93.02.4	Húðgötun	2
93.04.01	Líkamsræktarstöð	3
93.04.02	Nuddstofur	1
93.04.03	Sólbaðstofur	2
93.05.01	Almenningssalerni	1
Mengunarvarnir		
01.23.0	Svínarækt	8
01.24.0	Alifuglarækt, minni	6
01.24.0	Alifuglarækt, stærri	8
15.11.01	Svínasláturhús	8
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór	6
90.00.01	Skólphreinsistöðvar	8
90.00.02	Móttökustöð fyrir úrgang	8
15.20.72	Fiskimjölsvinnsla	8
41.00.0	Vatnsveitur	6
24.30.01	Málningarverksmiðjur	6

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
26.82.91	Malbikunarstöðvar	6
28.51.1	Sandblástur málma	6
35.11.0	Skipasmíði og skipaviðgerðir	6
35.30.0	Smíði og viðgerðir loftfara og geimfara	4
50.50.01	Bensinstöðvar	6
51.57.01	Móttaka brotamálms	6
51.57.03	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	4
90.00.05	Flutningur spilliefna	4
63.23.01	Flugvellir	8
05.2.01	Seiðaeldi	6
05.5.21	Landeldi	6
15.42.01	Lifrabræðsla og lýsishreinsun	6
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	3
15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs	4
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur	6
25.13.01	Gúmmisteypur	4
25.20.00	Plastvöruframleiðsla	4
25.21.0	Framleiðsla á plötum, o.þ.h. úr plastefnum	4
25.22.0	Framleiðsla á umbúðaplasi	4
27.5.0	Málmsteypur	6
28.51.0	Meðferð og húðun málma	6
28.52.01	Blikksmiði	2
50.20.00	Verkstæðisaðstaða	4
50.20.01	Bifreiða- og vélaverkstæði	4
50.20.02	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun	6
50.20.03	Bifreiðasprautun	6
50.20.04	Bifreiðaréttingar	2
50.20.05	Bón- og bílaþvottastöðvar, sjálfvirkar	4
50.20.06	Bónstöðvar, handvirkar	2
50.20.07	Ryðvarnarverkstæði	6
50.20.08	Smurstöðvar	4
50.20.09	Ísetning bílhluta, fylgihluta og rafviðgerðir	2
50.30.1	Bílapartasölur	4
74.81.01	Framköllunarþjónusta	4
74.81.02	Ljósmyndastofa	2
74.81.03	Sérhæfð framköllunarþjónusta	2
51.65.9	Innflytjendur kælikerfa	4
85.14.31	Röntgenstofur	2
93.01.02	Efnalaugar	4
01.12.1	Gróðrastöðvar	2
01.25.9	Kattarækt	2
01.25.91	Húsdýragarðar	2

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
01.42.01	Hundarækt	2
01.42.02	Kattageymsla	2
01.42.3	Hundahótel	2
14.21.0	Malar- og sandnám	4
15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs	2
15.71.1	Framleiðsla húsdýrafóðurs	2
20.30.91	Trésmíðaverkstæði með lökkun	4
20.30.92	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	2
21.22.0	Framl. pappírsvöru til heimilis og hreinl.	2
22.21.0	Prentun dagblaða	4
22.22.1	Offsett- og hæðarprentun	3
22.22.2	Sáldprentun	6
22.22.3	Prentstofur	2
22.24.0	Prentsmíð	2
22.25.01	Umfangsmikill prentiðnaður	6
24.42.0	Lyfjagerð	3
24.52.01	Snyrtivöruframleiðsla	4
26.13.0	Framleiðsla gleriláta	2
26.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	2
26.63.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	6
26.70.0	Steinsmiði	2
29.00.00	Vélsmiði og vélaviðgerðir	4
31.70.0	Rafvéla- og vélavarkstæði	4
40.10.01	Spennistöðvar	4
40.10.02	Spennaviðgerðir	4
52.49.1	Gæludýraverslun	2
52.49.95	Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælimiðla	2
63.1	Vöruafgreiðsla og vörugeymsla	2
63.12.0	Vörugeymslur	2
63.12.01	Kæli- og frystigeymslur	2
63.12.05	Gasbirgðastöðvar með <math>< 100 \text{ m}^3</math> geymslurými	4
63.21.01	Vöruflutningamiðstöðvar	2
63.21.02	Bið- og endastöðvar strætisvagna	2
63.21.03	Biðstöðvar leigubifreiða	1
63.23.03	Æfingarsvæði fyrir flugvallarslökkvilið	4
24.11.1	Átöppun og þökkun ýmissa efnasambanda	4
75.25.01	Svæði til slökkvi- og reykæfinga	4
85.13.0	Tannlæknastofur	4
85.20.01	Dýralæknastofur	1
85.20.02	Dýraspítalar	2
90.00.03	Gámastöðvar	4
90.00.04	Flutningur úrgangs	4

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
92.33.0	Rekstur skemmtigarða	2
92.62.0	Kappakstursæfinga- og kennslubrautir	4
92.72.01	Skotvellir	4
93.01.01	Þvottahús	2
93.03.01	Likbrenslur	6
15.13.1	Kjötiðnaður, miðlungs	6
15.20.2	Saltfiskverkun	2
15.20.41	Heitloftspurrkun fiskafurða	1
15.20.5	Harðfiskverkun	1
15.20.9	Önnur ótalin fiskvinnsla	1
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4
15.20.62	Vinnsla á ferskum fiski, stór	6
15.20.63	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	2
15.51.0	Mjólkurbú	6
15.51.1	Ostagerð	6
15.52.0	Ísgerð	6
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur	5

Fylgiskjal II.**Starfsleyfisgerð.**

Starfsemi	Gjaldflokkur	Starfsleyfisgjald
Smjörlíkisgerð	I.	34.930
Framleiðsla gosdrykkja	I.	34.930
Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	II.	78.860
Framleiðsla á plötum, rörum o.þ.h.	II.	78.860
Meðferð og húðun málma	II.	78.860
Spennaviðgerðir	III.	139.790
Rafmagnsveita	II.	78.860
Vatnsaflsstöðvar	III.	139.790
Hitaveitur	III.	139.790

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Reykjavík.

1. gr.

Af köttum sem handsamaðir eru af meindýravörnum Reykavíkurborgar og fluttir eru í kattageymslu samkvæmt 9. gr. samþykktar um kattahald í Reykjavík nr. 794/2005 skal greiða handsömunar-, vistunar- og fóðurgjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar ber að innheimta kr. 5.000 vegna handsömunar og 800 kr. fyrir hvern dag sem köttur er vistaður í kattageymslu fyrir fóður og vistun.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 8. desember 2005.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2005

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Reykjavík.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu í Reykjavík svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðarhúsnæði:

	<i>Vikuleg tæming</i>	<i>Hálfsmánaðar tæming</i>
Tunna	10.010 kr./ári	5.005 kr./ári
Ker	35.036 kr./ári	
Stórt ker	50.052 kr./ári	

Merkir þokar fyrir tilfallandi umfram heimilissorp: 382 kr./stk.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík nr. 1040/2004.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. desember 2005.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2005

GJALDSKRÁ

Meindýravarna Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Fyrir þjónustu og útrýmingarefni Meindýravarna Reykjavíkurborgar skal umhverfissvið Reykjavíkurborgar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald skal innheimt fyrir eyðingu meindýra en þó skal ekkert gjald tekið fyrir eyðingu á músum og rottum. Tímagjald vegna þjónustuverkefna og gjald fyrir akstur skal vera sem hér segir:

Tímagjald 2.580 kr./klst.

Akstur 1.090 kr./ferð.

3. gr.

Fyrir útrýmingarefni skal greiða gjald m.v. innkaupaverð og notað magn efnis ásamt 40% umsýsluþóknun. Verð útrýmingarefna sem framleidd eru af Meindýravörnum Reykjavíkurborgar skal jafnframt innifela tímagjald vegna framleiðslu efnanna.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Meindýravarna Reykjavíkurborgar nr. 877/2003.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 8. desember 2005.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2005

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 873/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>			kg	%	kr./kg
0704.9001	Hvítkál	02.01.06-30.06.06	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	02.01.06-30.06.06	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. desember 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra um mat á verði bústofns vegna tekna og eigna í árslok 2005.

Samkvæmt 2. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt skal telja búpening til eignar með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn. Samkvæmt 3. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt, skal færa bústofn allan í ársbyrjun og árslok á bústofnsskýrslu með því verði sem hann er metinn til eignar í lok skattársins.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eftirfarandi mat á búpeningi til eignar í árslok 2005 sem skal færa í bústofnskafla landbúnaðarskýrslu 4.08 með skattframtali 2006.

	kr.
Mjólkurkúr	88.000
Holdakúr og naut	69.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri	55.000
Geldneyti	37.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs	10.700
Ær og sauðir	5.400
Hrútar	8.900
Gemlingar	4.900
Hross á 14. vetri og eldri	15.000
Hross á 5. – 13. vetri	30.000
Fulltamin reiðhross á 5. – 13. vetri	110.000
Önnur nýtanleg reiðhross	55.000
Verðlaunahross á 5. – 13. vetri	150.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri	220.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri	320.000
Tryppi á 2. – 4. vetri	10.000
Fölöld	7.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða	790
Varphænsni, 6 mánaða og yngri	480
Kjúklingar	160
Endur	690
Gæsir	1.300
Kalkúnar	1.800
Gyltur	35.000
Geltir	50.000
Grísir	5.500
Kanínur	1.500
Minkar: Karldýr	3.700
Kvendýr	2.350
Hvolpar	0
Refir: Karldýr og kvendýr	6.000
Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	3.200

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 13. desember 2005.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 717,
6. október 2000, um veiðar á gulllaxi.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gulllaxveiðar eru aðeins heimilar á svæði undan Vestur- og Suðurlandi vestan 19°30'00 V og sunnan 66°00'00 N á dýpra vatni en 220 fððmum. Á svæði milli 19°30'00 V og 14°00'00 V eru veiðar jafnframt heimilar sunnan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

- | | |
|------------------------------|-------------------------------|
| 1. 63° 19'00 N – 19° 30'00 V | 9. 63° 24'00 N – 16° 00'00 V |
| 2. 63° 20'00 N – 19° 20'00 V | 10. 63° 28'00 N – 15° 41'00 V |
| 3. 63° 15'00 N – 19° 00'00 V | 11. 63° 29'00 N – 15° 30'00 V |
| 4. 63° 11'00 N – 18° 10'00 V | 12. 63° 34'00 N – 15° 00'00 V |
| 5. 63° 11'00 N – 17° 53'00 V | 13. 63° 35'00 N – 14° 42'00 V |
| 6. 63° 16'00 N – 17° 10'00 V | 14. 63° 45'00 N – 14° 12'00 V |
| 7. 63° 20'00 N – 16° 35'00 V | 15. 63° 49'00 N – 14° 00'00 V |
| 8. 63° 22'00 N – 16° 29'00 V | |

Ofangreind heimild veitir skipinu aðeins rétt til að stunda veiðar á þeim svæðum sem því er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með þeim takmörkunum sem slíkum veiðum eru settar í sérstökum reglugerðum og skyndilokunum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 2006.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. desember 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

A. Stækkun íbúðarbyggðar í landi Brúarlands og breyting á deiliskipulagi lóðar úr landi Leifsstaða.

Stækkunin felst í nýju íbúðarsvæði, nefnt Brúnagerði, sunnan og neðan núverandi bæjarhúsa. Þar er gert ráð fyrir 5 íbúðarhúsum. Aðkomu að lóð nr. 28 úr landi Leifsstaða er breytt með þeim hætti að hún fer um lóð nr. 29. Tillagan var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 27. september 2005.

Um leið er úr gildi felld deiliskipulag Brúnahlíðar frá 26. júní 2001 og deiliskipulag Brúnahlíðar/Leifsstaða, breyting, samþykkt 2. mars 2004.

B. Íbúðarbyggð í landi Jódísarstaða.

Deiliskipulagið, sem samþykkt var af sveitarstjórn 27. september 2005, gerir ráð fyrir 10 íbúðarhúsum á 10,5 ha lands úr jörðinni Jódísarstöðum, vestan Eyjafjarðarbrautar eystri.

Eyjafjarðarsveit, 14. desember 2005.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

REGLUGERÐ

um verndun kóralsvæða við suðurströndina.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 2006 eru allar veiðar nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót bannaðar á eftirgreindum svæðum:

A. **Við Hornafjarðardjúp** á svæðum, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $63^{\circ} 36'27''$ N – $14^{\circ} 48'52''$ V
2. $63^{\circ} 36'70''$ N – $14^{\circ} 42'50''$ V
3. $63^{\circ} 37'54''$ N – $14^{\circ} 41'75''$ V
4. $63^{\circ} 37'22''$ N – $14^{\circ} 47'50''$ V
5. $63^{\circ} 36'66''$ N – $14^{\circ} 48'52''$ V
6. $63^{\circ} 36'27''$ N – $14^{\circ} 48'52''$ V

1. $63^{\circ} 37'00''$ N – $14^{\circ} 33'00''$ V
2. $63^{\circ} 35'00''$ N – $14^{\circ} 39'00''$ V
3. $63^{\circ} 35'00''$ N – $14^{\circ} 50'00''$ V
4. $63^{\circ} 35'70''$ N – $14^{\circ} 50'00''$ V
5. $63^{\circ} 35'70''$ N – $14^{\circ} 45'00''$ V
6. $63^{\circ} 37'00''$ N – $14^{\circ} 39'30''$ V
7. $63^{\circ} 38'00''$ N – $14^{\circ} 36'00''$ V
8. $63^{\circ} 37'00''$ N – $14^{\circ} 33'00''$ V

B. **Í Skaftárdjúpi** á svæðum, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $63^{\circ} 11'40''$ N – $17^{\circ} 57'00''$ V
2. $63^{\circ} 11'10''$ N – $17^{\circ} 57'00''$ V
3. $63^{\circ} 11'10''$ N – $17^{\circ} 53'40''$ V
4. $63^{\circ} 12'60''$ N – $17^{\circ} 46'70''$ V
5. $63^{\circ} 12'60''$ N – $17^{\circ} 50'00''$ V
6. $63^{\circ} 11'40''$ N – $17^{\circ} 54'50''$ V
7. $63^{\circ} 11'40''$ N – $17^{\circ} 57'00''$ V

1. $63^{\circ} 11'00''$ N – $18^{\circ} 00'00''$ V
2. $63^{\circ} 10'45''$ N – $18^{\circ} 00'00''$ V
3. $63^{\circ} 10'30''$ N – $17^{\circ} 52'00''$ V
4. $63^{\circ} 12'80''$ N – $17^{\circ} 38'00''$ V
5. $63^{\circ} 13'40''$ N – $17^{\circ} 38'00''$ V
6. $63^{\circ} 10'80''$ N – $17^{\circ} 54'00''$ V
7. $63^{\circ} 11'00''$ N – $18^{\circ} 00'00''$ V

C. **Út af Reynisdjúpi** á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63° 13'90 N – 18° 44'00 V
2. 63° 13'90 N – 18° 46'60 V
3. 63° 15'10 N – 18° 50'00 V
4. 63° 14'30 N – 18° 53'00 V
5. 63° 13'70 N – 18° 49'70 V
6. 63° 13'40 N – 18° 44'30 V
7. 63° 13'90 N – 18° 44'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. desember 2005.

Einar K. Guðfinnsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, vegna Völuteigs 25–31, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember sl., tillögu að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, vegna Völuteigs 25-31 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í því að lóðin nr. 41 er stækkuð úr 11.663 m² í 15.059 m². Jafnframt er byggingarmagn aukið á lóðinni úr 1.500 m² í 2.000 m². Hámarkshæð húss er hækkuð í 12 m yfir botnplötu. Heimilt verður að girða lóðina með girðingu sem er 2-4 m að hæð. Lóð Völuteigs 25-29 er lítillega breytt og stækkar úr 4.751 m² í 4.754 m² og byggingarreitur breytist.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 13. desember 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grindavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur, þann 9. nóvember 2005, samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Laut í Grindavík.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af íbúðabyggð í vestri, norðri og austri og við götuna Laut í suðri.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir fjölbýlishúsum á tveimur hæðum í stað raðhúsa á tveimur hæðum og breikkun götunnar Dalbraut í 10 m.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkur, 15. desember 2005.

Benedikt Ingi Sigurðsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Grindavíkur.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

GJALDSKRÁ

vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri.

1. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum verði þrír:

	kr. pr. kg án vsk
a) Almennur úrgangur óflokkaður	4,20
b) Slátur- og fiskiúrgangur	5,10
c) Timbur	2,80

2. gr.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2006.

Gjaldskrá nr. 1064 20. desember 2004 fellur niður frá sama tíma.

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn Akureyrar 22. nóvember 2005. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunaryarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá 20. desember 2005.

Akureyri, 20. desember 2005.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

AUGLÝSING

(IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

1. Bolungarvík.

1. Úthluta skal 75% af byggðakvóta Bolungarvíkur miðað við afla sem landað er til fiskvinnslu í Bolungarvík skv. eftirfarandi reglum:
 - a) Úthluta skal til aflamarksskipa og krókaafلامarksbáta með heimahöfn í Bolungarvík.
 - b) Einungis afli sem landað er í Bolungarvíkurhöfn, meðan bátur er í eigu útgerðaraðila, telst með í viðmiðun.
 - c) Einungis afli sem fer til fiskvinnslu í Bolungarvík samkvæmt skráningu á hafnarvog telst með í viðmiðun (fyrsti kaupandi).
 - d) Umsóknaraðili eða fyrirtæki, sem hann á að hluta eða öllu leyti, þarf að hafa verið í útgerð 1. september 2005.
 - e) Hámarksúthlutun á bát er 20 tonn en lágmarksúthlutun 100 kg. Það magn sem skorið er af vegna þessara takmarkana fer aftur í „pottinn“ og er úthlutað til annarra sem uppfylla skilyrði til úthlutunar skv. 1. tölulið. Miðað skal við slægðan fisk.
 - f) Útgerðaraðili sækir um úthlutun samkvæmt lönduðum afla í Bolungarvík til fiskvinnslu í Bolungarvík á fiskveiðiarinu 2004/2005.
 - g) Úthlutun er til hvers báts samkvæmt hlutfalli afla, sem landað var til fiskvinnslu í Bolungarvík samkvæmt ofangreindum skilyrðum miðað við áætlaðar vigtarskýrslur sem geta breyst í samræmi við rökstuddar umsóknir.
2. Úthluta skal 20% af byggðakvóta Bolungarvíkur miðað við afla sem landað er í Bolungarvík en fer ekki til vinnslu þar samkvæmt eftirfarandi reglum:
 - a) Úthluta skal til aflamarksskipa og krókaafلامarksbáta með heimahöfn í Bolungarvík.
 - b) Einungis afli sem landað er í Bolungarvíkurhöfn, meðan bátur er í eigu viðkomandi útgerðaraðila, og fer ekki til vinnslu í Bolungarvík, telst með í viðmiðun.
 - c) Umsóknaraðili eða fyrirtæki, sem hann á að hluta eða öllu leyti, þarf að hafa verið í útgerð 1. september 2005.
 - d) Hámarksúthlutun á bát er 7 tonn en lágmarksúthlutun 100 kg. Það magn sem skorið er af vegna þessara takmarkana fer aftur í „pottinn“ og er úthlutað til annarra sem uppfylla skilyrði til úthlutunar skv. 2. tölulið. Miðað skal við slægðan fisk.
 - e) Útgerðaraðili sækir um úthlutun samkvæmt lönduðum afla bátsins í Bolungarvík á fiskveiðiarinu 2004/2005 að frádregnum afla sem landað er til vinnslu í Bolungarvík.
 - f) Úthlutun er til hvers báts samkvæmt hlutfalli afla, sem landað var í Bolungarvík að frádregnum afla sem fór til vinnslu þar skv. ofangreindum skilyrðum miðað við áætlaðar vigtarskýrslur sem geta breyst í samræmi við rökstuddar umsóknir.
3. Úthluta skal til nýrra útgerða 5% af byggðakvóta Bolungarvíkur skv. eftirfarandi reglum:
 - a) Úthluta skal til aflamarksskipa og krókaafلامarksbáta með heimahöfn í Bolungarvík sem hófu útgerð á fiskveiðiarinu 2004/2005.
 - b) Útgerðaraðili sem vill nýta viðmiðun frá öðrum bát sem hefur verið seldur getur ekki fengið úthlutun skv. þessari reglu.

- c) Umsóknaraðili eða fyrirtæki, sem hann á að hluta eða öllu leyti, þarf að hafa verið í útgerð 1. september 2005.
 - d) Hámarksúthlutun á bát er 3,6 tonn en lágmark 100 kg. Miðað skal við slægðan fisk.
 - e) Hámarksúthlutun fyrir hvern mánuð sem bátur er skráður í eigu útgerðaraðila á fiskveiðarárinu 2004/2005 er 0,3 tonn.
 - f) Útgerðaraðili sækir um úthlutun samkvæmt tímabili sem báturinn var í hans eigu á fiskveiðarárinu 2004/2005.
 - g) Úthlutun er samkvæmt þeim fjölda mánaða sem bátur var í eigu útgerðar fiskveiðarárið 2004/2005.
4. Bátar/skip geta átt rétt á úthlutun skv. 1., 2. og 3. tl. Leggst þá saman úthlutunin samkvæmt hverjum tölulíð fyrir sig. Hámarksúthlutun á hvern bát er sjálfstæð samkvæmt hverjum tl. af 1. til 3. tl. Þ.a. úthlutun samkvæmt einum tölulíð hefur engin áhrif á úthlutun, eða hámark samkvæmt einhverjum öðrum tölulíð.
 5. Byggðakvótinn er ekki framseljanlegur.
 6. Ef magn til úthlutunar skv. 3. tl. er ekki fullnýtt, þá leggst það við magn í 2. tl.

2. Dalvíkurbyggð.

1. Allur sá kvóti sem úthlutað er skal landað í Dalvíkurbyggð. Einungis verður úthlutað til báta sem skráðir eru í sveitarfélaginu 1. september 2005 og hafa gilt veiðileyfi.
2. Dalvíkurbyggð mun auglýsa eftir umsóknum. Umsóknir um byggðakvóta þurfa að berast bæjarstjóra fyrir 20. janúar 2006.
3. Úthlutun aflaheimilda til einstaka byggðarlaga á einstaka útgerð skal skipta samkvæmt eftirfarandi: 30% skiptist jafnt og 70% hlutfallslega miðað við kvótaeign 1. september 2005. Hámarksúthlutun verður þó aldrei meiri en 100% af upprunalegri kvótastöðu og aldrei meiri en 12 þorskígildistonn til þeirra sem sækja um samkvæmt 1. og 2. tl.
4. Kvóti sem úthlutað er til stuðnings sjávarbyggðum sbr. reglugerð nr. 596, 8. ágúst 2003 er ekki framseljanlegur. Ef sýnt þykir að úthlutuðum kvóta verði ekki ráðstafað samkvæmt reglum þessum skal útgerðaraðili afsala sér þeim aflaheimildum sem honum var úthlutað á grundvelli þessara reglna. Komi til endurúthlutunar skal skipta endurúthlutuðum aflaheimildum samkvæmt ákvæðum 3. tl. milli þeirra útgerða sem uppfylla ákvæði 1. tl. og sent hafa inn gilda umsókn um byggðakvóta.
5. Útgerðaraðilum sem úthlutað er kvóta er heimilt að skipta á jöfnu á markaðsvirði á úthlutuðum tegundum, án þess að það teljist til framsals á úthlutuðum kvóta.

3. Skeggjastaðahreppur.

1. Réttur til úthlutunar:
 - a) Rétt til úthlutunar á veiðiheimildum eiga fiskiskip með skráða heimahöfn í Skeggjastaðahreppi á sl. fiskveiðarári. Einnig eiga bátar rétt á úthlutun ef eigendur þeirra hafa átt lögheimili og starfsstöð í Skeggjastaðahreppi á umræddum tíma.
 - b) Einungis aflamarksskip undir 100 brl. og krókaaflamarksbátar eiga rétt á úthlutun.
 - c) Sækja þarf um byggðakvóta til sveitarstjórnar vegna einstakra fiskiskipa fyrir 1. febrúar 2006. Með umsókn skal fylgja skriflegur samningur um viðskipti á lönduðum afla sbr. 3. tl.
2. Viðmiðanir við skiptingu kvóta:
 - a) Skipting kvóta skal vera jöfn milli fiskiskipa sem fá úthlutun en þó með þeirri takmörkun sem greinir í 2 b.
 - b) Úthlutaður byggðakvóti hvers fiskiskips skal þó aldrei vera hærri en sem nemur úthlutuðu aflamarki viðkomandi skips í upphafi fiskveiðarárs. Vikið skal frá þessari

takmörkun á hlut hvers fiskiskips fáist heildarhlut byggðarlags ekki skipt með öðrum hætti.

3. Skilyrði um meðferð úthlutaðs kvóta:

- a) Við umsókn um kvóta þarf að liggja fyrir skriflegur samningur milli kvótaumsækjanda og vinnsluaðila í Skeggjastaðahreppi um sölu afla með fyrirvara um úthlutun. Samningur tilgreinir m.a. eftirfarandi:
 - i) Kvótaumsækjandi skuldbindur sig til að leggja úthlutaðum kvóta upp hjá viðkomandi vinnslustöð.
 - ii) Að auki skuldbindur kvótaumsækjandi sig til að leggja upp að lágmarki eitt tonn af sinni aflaheimild á móti einu tonni úthlutaðs byggðakvóta hjá viðkomandi vinnslustöð.
 - iii) Í samningnum ber að tilgreina lágmarksákvæði um verð og greiðsluskilmála.

4. Endurúthlutunarreglur:

- a) Í þeim tilvikum þegar útgerð fiskiskips sem gefinn hefur verið kostur á úthlutun á byggðakvóta afsalar sér honum eða missir vegna þess að hann fullnægir ekki skilyrðum skal sveitarstjórn endurúthluta kvótanum jafnt á þau skip sem úthlutun hafa fengið.
- b) Nú getur viðkomandi vinnslustöð ekki staðið við samning um móttöku afla á þeim kjörum sem um getur í samningi og er þá kvótaumsækjanda heimilt að rífta samningi. Öðrum vinnsluaðilum í Skeggjastaðahreppi skal þá boðið að ganga inn í samning á sömu kjörum.
- c) Þróunarfélag Austurlands hefur úrskurðarvald um hvort skilyrðum sé fullnægt skv. 4 tl. a) og 4 tl. b) og hefur eftirlit með endurúthlutun/yfirfærslu samninga.

5. Eftirlit:

- a) Þróunarfélag Austurlands er eftirlitsaðili að framkvæmd þessari og ber sveitarstjórn að afhenda Þróunarfélaginu afrit af öllum gögnum er varða úthlutun á byggðakvóta.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. desember 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Guðný Steina Pétursdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps auglýsir breytingu á gjaldskrá tengigjalda (stofngjalda) kaldavatnsveitu sveitarfélagsins.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

Tengigiöld fyrir frístundahús (sumarhús) verður kr. 180.000.

Tengigiöld fyrir íbúðarhús verður kr. 180.000.

Tengigiöld á lögbyli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verður kr. 295.000.

Vatnsgjald verður óbreytt eða 0,2 hundraðshlutar af fasteignamati eignar skv. 7. gr. laga nr. 81/1991, með breytingu skv. ákvæði 3. gr. laga nr. 149/1995, með breytingu skv. ákvæði 1. gr. laga nr. 143/2000.

Hámarksgjald verður kr. 20.000 fyrir sumarhús og kr. 20.000 fyrir íbúðarhús.

Gjald fyrir kalt vatn á óbyggðum lóðum þar sem beðið hefur verið um tengingu, kr. 3.000 á ári.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 13. desember 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Neytendastofa að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. janúar 2006 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
gasolía	0,72 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,05 kr. á lítra
flugvélabensín	0,30 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,02 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Neytendastofu, 22. desember 2005.

Tryggvi Axelsson forstjóri.

Gunnar G. Þorsteinsson,
formaður stjórnar flutnings-
jöfnunarsjóðs olíuvara.

AUGLÝSING

um hækkun atvinnuleysisbóta.

Með vísun til 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997 með síðari breytingum, og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá 7. mars 2004 hefur félagsmálaráðherra ákveðið að hækka atvinnuleysisbætur um 2,5% frá 1. janúar 2006.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 2005.

Árni Magnússon.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 480.000 kr. í 6. mgr. kemur: 504.000 kr.
- b. Í stað 67.184 kr. í 7. mgr. kemur: 70.543 kr.
- c. Í stað 93.113 kr. í 7. mgr. kemur: 97.769 kr.

2. gr.

Í stað 41.621 kr. í 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar kemur: 42.662 kr.

3. gr.

Í stað 93.113 kr. í 1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar kemur: 95.441 kr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. mgr. 13. gr., 3. mgr. 18. gr., 3. mgr. 19. gr. og 35. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2006.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 2005.

Árni Magnússon.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2006 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr. 46,43 pr. m ³
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr. 68,70 pr. m ³
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr. 18,56 pr. m ³
d) Mælagjald	kr. 16,68 pr. dag
e) Lokunargjald	kr. 3.200

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m³ á ári er veittur er 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m³ á hvern mæli á Dalvík. Vegna herra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m³.

3. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr. 162.200
og á m ³ þar yfir	kr. 204
og á m fram yfir 50 m	kr. 3.550

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimædagjald hitaveitu fyrir útihús tengdum landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

a. Mjólkurhús/fjós greiðir lánmarksgjald	kr. 162.200
b. Fyrir hesthús að 700 m ³ skal greiða lánmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.	

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr, reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lánmarks heimædagjaldi hitaveitunnar.

4. gr.

Heimædagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. nóvember 2005, 316,6 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimædagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem van-skilunum veldur, hverju sinni kr. 3.200.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 2006 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hita-veitu Dalvíkur nr. 797, 15. október 2003, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. desember 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

AUGLÝSING

um friðland í Guðlaugstungum.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands með samþykki sveitarfélagsins Bólstaðarhlíðarhrepps ákveðið að friðlýsa *Guðlaugstungur*, *Svörtutungur* og *Álfgeirstungur* (*Ásgeirstungur*) sem friðland í samræmi við 1. tölulið 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Við ákvörðun um friðlýsingu þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992) sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu Guðlaugstungna, Svörtutungna og Álfgeirstungna sem friðlands er að vernda víðfeðmt og gróskumikið votlendi og eitt stærsta og fjölbreyttasta rústa-svæði landsins. Svæðið er mikilvægt varp- og beitiland heiðagæsar og hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi vegna fjölda gæsa sem það nýtir.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Mörk friðlandsins eru eftirfarandi: Frá ármótum Haugakvíslar og Blöndu (punktur 1), suður með bökkum Blöndu í Skiptahól (punktur 2), þaðan að Blöndujökli (punktar 3 og 4), þaðan með jökuljaðrinum um Kvíslajökul að sveitarfélagsmörkum Bólstaðarhlíðarhrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar (punktur 5), síðan með sveitarfélagsmörkum norður að Sátu (punktur 6), frá Sátu sjónhending í Hraungarðshaus (punktur 7), þaðan að Lambamannalæk (punktur 8) og með honum og síðan Haugakvísl í Blöndu. Hnit eru gefin upp bæði í ISN93 kerfi og WGS84. Mörk svæðisins eru sýnd á meðfylgjandi korti.

Punktur:	ISN93		WGS84	
	x-hnit	y-hnit	x-hnit	y-hnit
1	474403,918	515828,748	-19,545500	65,140991
2	483054,798	483295,779	-19,357221	64,849733
3	493642,990	473847,218	-19,133592	64,765347
4	493749,017	473914,935	-19,131367	64,765956
5	498849,188	488489,887	-19,024303	64,896752
6	497183,180	492543,883	-19,059566	64,933107
7	487987,306	501009,165	-19,254745	65,008835
8	486668,496	501902,132	-19,282796	65,016795

4. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs, o.fl.

Óheimilt er að spilla gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúru-minjum í friðlandinu.

5. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Bólstaðarhlíðarhrepps. Heimilt er að halda við mannvirkjum, svo sem skálum og vegum (sbr. kort á fylgiskjali), eins og verið hefur og lýst er í verndaráætlun.

Óheimilt er að urða sorp í friðlandinu.

6. gr.

Uppgræðsla.

Uppgræðsla lands til að hindra uppblástur og græða örfoka land, samkvæmt samningi Bólstaðarhlíðarhrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar við Landsvirkjun, helst svo sem verið hefur. Þó skal tryggt að uppgræðslan raski ekki líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu.

7. gr.

Umferð í friðlandinu.

Umferð vélknúinna ökutækja í friðlandinu er aðeins leyfð á vegum. Þó er heimilt að aka vélknúnum ökutækjum á snævi þakinni og frosinni jörðu svo fremi að ekki skapist hætta á náttúruspjöllum, sbr. 17. gr. laga, um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Almenningi er heimil för um friðlandið og dvöl þar í lögmætum tilgangi og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Þó er umferð um varplönd heiðagæsar bönnuð á tímabilinu 1. maí til 20. júní, á svæði norðan línu sem dregin er frá Blöndu við Skiptahól (punktur 2) og sjónhendingu í Hraungarðshaus (punktur 7), sjá kort.

Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á hefðbundnum leiðum og afmörkuðum áningarstöðum. Hrossabeit er bönnuð nema í viðurkenndum áningarhólfum.

Heimilt er að fara á reiðhjólum um friðlandið en fylgja skal vegum svo ekki hljótist af náttúruspjöll.

Reglur þessar haggja ekki hefðbundnum rétti bænda til umferðar vegna nytja og leita á svæðinu. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum, sem stjórn afréttarmála og umhverfisnefnd setja og lýst er í verndaráætlun.

Óheimilt er að vera með lausa hunda í friðlandinu þar sem lausir hundar geta truflað dýralíf þ.m.t. sauðfé.

8. gr.

Veði og notkun skotvopna.

Veði í ám og vötnum er óheimil án sérstaks leyfis í samræmi við lög og reglur heiðaðeildar Veðifélags Blöndu og Svartár.

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til refa- og minkaveiða og eyðingar á dýrum sem valda tjóni í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

9. gr.

Umsjón friðlandsins o.fl.

Umsjón friðlandsins skal vera í höndum þriggja manna umsjónarnefndar. Sveitarfélagið tilnefnir tvo og Umhverfisstofnun einn og er sá formaður nefndarinnar. Skipunartími fulltrúa Umhverfisstofnunar er sá sami og kjörtímabil fulltrúa sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja sérstakar reglur um umgengni svo sem er varða almenna útivist, tjöldun, förgun sorps og gæludýr í friðlandinu í samræmi við tillögu umsjónarnefndar.

Kostnaður vegna yfirstjórnar og umsjónar með friðlandinu greiðist af Umhverfisstofnun.

Umhverfissráðherra getur veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

10. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

11. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.


Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 2005.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

Kort með mörkum friðlandsins í Guðlaugstungum.



B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

REGLUR

um breytingu (26) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 57. gr.:

1. Við niðurlag 1. málslíðar málsgreinarinnar bætist: eða næst þegar almennt próf er haldið í námskeiðinu.
2. Í stað orðsins „málsgreinar“ í lokamálslið málsgreinarinnar kemur: greinar.

2. gr.

Önnur málsgrein 59. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan tíu daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta innan tveggja vikna frá því að kennari hefur útskýrt úrlausnina fyrir honum. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meirihluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Prófdómari verður þó ekki skipaður, ef meira en sex vikur hafa liðið frá birtingu einkunnar og þar til beiðni um skipunina berst.

3. gr.

Sjötta málsgrein 100. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða skólum eða milli aðalgreina í viðskipta- og hagfræðideild. Ekki er hægt að brautskrást með prófgráðu frá deildinni nema viðkomandi hafi lokið minnst 30 einingum innan deildarinnar.

4. gr.

Ákvæði reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og að fengnum tillögum háskóladeilda, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 9. desember 2005.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 134/2005, um doktorsnám og rannsóknanámsnefnd við lagadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Þriðja grein reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Umsóknarfrestur um doktorsnám er að jafnaði 15. mars vegna náms sem byrjar á haustmisseri og 15. september vegna náms sem byrjar á vormisseri. Deildarfundur getur ákveðið að umsókn, sem berst að liðnum umsóknarfresti, verði tekin til umfjöllunar í rannsóknanámsnefnd.

2. gr.

Við 5. gr. reglnanna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. svohljóðandi:

Óski umsækjandi eftir því að skrifa ritgerð sína á öðru tungumáli en íslensku getur rannsóknanámsnefnd gert það að skilyrði að umsækjandi sanni færni sína í viðkomandi tungumáli með því að láta hann gangast undir próf eða leggja fram sérstakt vottorð þar að lútandi.

3. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lagadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 9. desember 2005.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 573/2005, um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands.

1. gr.

Orðin „af bóknámsbraut“ í 1. mgr. 4. gr. reglnanna falla brott.

2. gr.

Reglur þessar hefur háskólaráð sett á grundvelli tillögu læknadeildar og með vísan til 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sbr. 46. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

Breyttar reglur öðlast þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta í læknadeild frá og með háskólaárinu 2006 – 2007.

Háskóla Íslands, 9. desember 2005.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 728/2004 um fljótandi eldsneyti.

1. gr.

3. gr. ásamt fyrirsögn orðast svo:

Skilgreiningar.

Bensín: Allar rokgjarnar olíur sem ætlaðar eru til þess að knýja rafkveikjuhreyfla sem notaðir eru í hvers konar tæki og búnað annan en flugvélar.

Bílagasolía (disilolía): Gasolía sem einkum er ætluð fyrir vélknúin ökutæki, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Til bílagasolíu telst einnig gasolía til nota á færanlegar vinnuvélar sem ætlaðar eru til nota utan vegar.

Gasolía: Eldsneyti, annað en skipaolía, sem unnið er úr jarðolíu og tilheyrir milli-eimingsarviði, þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C og þar sem a.m.k. 85% af rúmmáli eimast við 350°C skv. ASTM D86 aðferðinni.

Skipadísilolía: Skipaolía sem hefur seigju eða eðlismassa á því bili sem gefið er upp fyrir DMB og DMC flokka í töflu 1 í ISO staðli 8217:2005.

Skipagasolía: Skipaolía sem hefur seigju eða eðlismassa á því bili sem gefið er upp fyrir DMA og DMX flokka í töflu 1 í ISO staðli 8217:2005.

Skipaolía (marine fuel): Allt fljótandi eldsneyti sem ætlað er til nota í skipum og bátum, þ.m.t. eldsneyti sem skilgreint er í ISO 8217:2005.

Svartolía: Skipaolía sem ætluð er til nota í skipum og flokkuð er í töflu 2 í ISO staðli 8217:2005. Einnig eldsneyti til nota í föstum brennslustöðvum á landi. Svartolía er unnin úr jarðolíu og flokkast sem þung olía á grundvelli eimingsarviðs þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C skv. ASTM D86 aðferðinni. Ef ekki er mögulegt að ákvarða eimingsarhlutfall fellur eldsneytið einnig undir þennan flokk.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

a) 1. mgr. orðast svo:

Einungis er heimilt að flytja inn og selja eldsneyti sem uppfyllir kröfur sem settar eru fram í I.-IV. viðauka. Um bensín gildir I. viðauki, um bílagasolíu II. viðauki, um svartolíu, skipadísilolíu og skipagasolíu III. viðauki og um aðra gasolíu en bílagasolíu gildir IV. viðauki. Þetta á þó ekki við um metanól, sbr. 8. gr.

b) 4. mgr. fellur niður.

3. gr.

III. viðauki orðast svo:

III. VIÐAUKI

Kröfur varðandi brennistein í eldsneyti.

Gerð: Svartolía, skipadísilolía og skipagasolía.

Færibreyta	Mæli-eining	Markgildi ⁽¹⁾		Prófun		Markgildi vegna loftgæða	
		Lágmark	Hámarg	Aðferð	Útgáfud.	Hámarg	Lágmark
Brennisteinn í svartolíu	% m/m	-	2%	EN-ISO 14596 ISO8754	1998 1992	-	1% ⁽²⁾

Færibreyta	Mæli- eining	Markgildi ⁽¹⁾		Prófun		Markgildi vegna loftgæða	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfud.	Hámark	Lágmark
Brennisteinn í skipadísilolíu	% m/m	-	2%	EN-ISO 14596 ISO8754	1998 1992	-	1%
Brennisteinn í skipagasolíu	% m/m	-	0,2%	EN-ISO 14596 ISO8754	1998 1992	-	0,2%
⁽¹⁾ Sjá skýringu (2) í I. viðauka ⁽²⁾ Sbr. 2. mgr. 4. gr.							

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum, sbr. og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnarnir, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/33/EB um breytingu á tilskipun 99/32/EB um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. desember 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

REGLUGERÐ

um þátttöku ríkisins í kostnaði við gleraugu.

1. gr.

Sjúkratryggðir.

Sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði telst sjúkratryggður nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 32. gr. og 9. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn og unglingar yngri en 18 ára eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpborn og fósturbörn.

Tryggingastofnun ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður. Að öðru leyti gildir, um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi, reglugerð nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

2. gr.

Þátttaka ríkisins í kostnaði við gleraugu.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra styrkir kaup á nauðsynlegum gleraugum fyrir sjúkratryggða einstaklinga.

1. Fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára sbr. fylgiskjal.
2. Fyrir 18 ára og eldri sbr. fylgiskjal og með eftirfarandi augnsjúkdóma:
 - a. Eru augnsteinslausir (aphaki).
 - b. Þurfa á prismagleraugum að halda vegna tvísýni.
 - c. Eru hánærsýnir (myopia gravis) $\geq -12,00$.
 - d. Eru háfjarsýnir (microphthalmia) $\geq +10,00$.
 - e. Eru með lausa augasteina (luxatio lentis).
 - f. Þurfa að breyta gleraugnastyrk umtalsvert, að mati sérgreinalæknis í augnlækningum, vegna augnsjúkdóma eða skurðaðgerða, svo sem keiluglæru (keratoconus), eftir hornhimnuígræðslu eða nethimnulossaðgerð.

Greiðsluþátttaka skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal þó aldrei vera hærrí fjárhæð en sem nemur kaupverði glerja samkvæmt framlögðum reikningi.

3. gr.

Tíðni greiðsluþátttöku ríkisins í gleraugum.

Einstaklingur getur mest notið greiðsluþátttöku ríkisins fyrir gleraugu skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. sem hér segir:

- a. barn á aldrinum 0 til 3ja ára, tvisvar á ári.
- b. barn á aldrinum 4 til 8 ára, árlega.
- c. barn og unglundur á aldrinum 9 til 17 ára, annað hvert ár.

Breytist sjónlag meira en $\geq +/ - 0,75$ hjá einstaklingi skv. c lið skal greiðsluþátttaka ríkisins vera skv. b lið.

Einstaklingur getur mest notið greiðsluþátttöku fyrir gleraugu skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., þriðja hvert ár.

Breytist sjónlag umtalsvert að mati sérgreinalæknis í augnlækningum áður en þriggja ára tímabilinu lýkur skal réttur til greiðsluþátttöku ríkisins endurskoðaður.

4. gr.

Umsókn.

Greiðsluþátttaka ríkisins er einungis heimil gegn umsókn frá augnlækni eða sjóntækjafræðingi með leyfi til sjónmælinga sbr. reglugerð nr. 1043/2004 um menntun sjóntækjafræðinga og takmarkanir á heimild þeirra til sjónmælinga. Á umsóknareyðublaði komi fram ástæður gleraugnanotkunar (sjúkdómsgreining), styrkleiki og verð glerja.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 4. og 5. gr. laga nr. 18/1984 um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, öðlast gildi 1. janúar 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem fengið hafa endurgreiðslu vegna kaupa á gleraugum á árunum 2003, 2004 og 2005 eiga rétt á endurgreiðslu eftir gildistöku reglugerðar þessarar samkvæmt þeim tímamörkum sem sett eru í 3. gr. eftir því sem við á.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. desember 2005.

Jón Kristjánsson.

David Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.**Sph./cyl. gler/plast (hert og glampafrítt) +/-**

0,75 – 4,00 cyl að 2,00	kr. 3.500
4,25 – 6,00 cyl að 2,00	kr. 4.000
6,25 – 8,00 cyl að 2,00	kr. 5.500
8,25 – 10,00 cyl að 2,00	kr. 6.300
>10,00 cyl að 2,00	kr. 7.500

Sterk cylindergler (sjónskekkjugler)

Cyl. 2,25 – 4,00	til viðbótar kr. 500 á hvert gler
Cyl. 4,25 – 6,00	til viðbótar kr. 1.000 á hvert gler
Cyl. \geq 6,25	til viðbótar kr. 1.500 á hvert gler

Bifocal (+/-)

0,00 – 6,00 með/án cyl. <4,00	kr. 7.000
6,25 – 10,00 með/án cyl. <4,00	kr. 7.500
\geq 10,25 með/án cyl. <4,00	kr. 8.300

Multifocal (+/-)

0,00 – 4,00 með/án cyl. <4,00	kr. 12.800
4,25 – 6,00 með/án cyl. <4,00	kr. 13.500
\geq 6,25 með/án cyl. <4,00	kr. 15.000

Bifocal/multifocal með sterkum cylinder (>4,00)

til viðbótar kr. 1.500,- á hvert gler

Prismagler

til viðbótar kr. 2.000 á hvert gler

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2006, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

2. gr.

Allar veiðar á Norðurishafsporski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsporski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðurishafsporski, á árinu 2006, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Aflamark einstaks skips á hvoru svæði fyrir sig ræðst af aflahlutdeild þess.

4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínunum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 4.237 tonn af þorski, auk 1.271 tonna aukaafra af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínunum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.648 tonn af þorski, auk 794 tonna aukaafra af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafra, miðað við afla upp úr sjó.

5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögu Noregs og efnahagslögsögu Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir og möskvastærðir. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs. Íslenskum skipum er óheimilt að hefja veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en að fenginni staðfestingu Fiskistofu um að þeim sé það heimilt og frá hvaða tíma.

Skip þau, sem stunda veiðar í lögsögu Noregs og Rússlands skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark í Norðurishafsborski.

7. gr.

Afli útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest heimildina.

8. gr.

Aðeins er heimilt í sömu veiðiferð að stunda veiðar á Norðurishafsborski og veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi að öllum afla þeirrar veiðiferðar sé landað í íslenskri höfn. Fyrir upphaf hvernar veiðiferðar, samkvæmt reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Eftirlitsstöðvarinnar, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs, Rússlands og Íslands og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsögu Noregs, Rússlands eða Íslands. Loks skal tilkynna um áætlaðan löndunartað og löndunartíma.

Hvern mánudag skal tilkynna Eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs, Rússlands eða Íslands.

9. gr.

Hafi allur afli í veiðiferð fengist innan rússneskrar eða norskrar lögsögu er heimilt að landa honum í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússland, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðurishafsborskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. desember 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Þinghólsbraut 49. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. september 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 49 við Þinghólsbraut. Í tillögunni felst heimild til að byggja 2 hæða parhús auk kjallara á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðar verður að hámarki 0,7 og hámarkshæð í kóta 17,6 m.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Dimmuhvarf, Grundarhvarf, Breiðahvarf og Melahvarf. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 6. október 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Dimmuhvarf, Grundarhvarf, Breiðahvarf og Melahvarf. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 5 nýjum íbúðarlóðum fyrir einnar til tveggja hæða einbýlishús við Dimmuhvarf 5, 13, 17, 19 og 19a; fyrirhuguðu tveggja hæða sambýli við Breiðahvarf 1 er breytt í tveggja hæða fjölbýli með 4 íbúðum; skilgreindir eru nýir byggingarreitir og breytt afmörkun lóða við Dimmuhvarf 3, 7, 15 og við Melahvarf 14 og Grundarhvarf 22. Við Grundarhvarf 22 (áður Vatnsenda-blettur 72) er jafnframt gert ráð fyrir að núverandi hesthús og gerði standi áfram. Á fundi skipulagsnefndar 4. október 2005 var tillagan lögð fram að nýju og samþykkt með þeirri breytingu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 13 við Dimmuhvarf var frestað. Bæjarráð samþykkti tillöguna 6. október 2005 eins og að ofan greinir.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Dalvegur 10-14. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 11. október 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Dalveg 10-14. Í breytingunni felst að lóðirnar nr. 10, 12 og 14 við Dalveg eru sameinaðar og að á þeim verði reist atvinnuhúsnæði (verslun/skrifstofur/lager) á 1-3 hæðum auk kjallara (að hluta) allt að 7.500 m² að grunnfleti og að samanlögðum gólfleti allt að 10.500 m². Nýtingarhlutfall er áætlað 0,6 og fjöldi bílastæða 1 stæði á 35 m² í húsnæði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 22. desember 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2005

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 31. desember nk. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- a. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða og matsverð sumarhúsa og sumarhúsalóða, sbr. þó staflíði b, c, d, e, f, g og h, hækki um 10% og verður framreikningsstuðull þeirra samkvæmt því 1,10.
- b. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnuhúsalóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum og matsverð hlunninda, sbr. þó staflíði e, g og i, hækki um 5% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,05.
- c. Matsverð sérbýlishúsa og sérbýlishúsalóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði, Álftanesi og Mosfellsbæ), í Hveragerði og Þorlákshöfn hækki um 35% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,35.
- d. Matsverð sérbýlishúsa og sérbýlishúsalóða í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Sandgerði, Vatnsleysustrandarhreppi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri, Fellabæ, Egilsstöðum og Selfossi, svo og sérbýlishúsa og sérbýlishúsalóða í þéttbýli í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Skilmannahreppi, Innri-Akraneshreppi, Eyjafjarðarsveit, fv. Glæsibæjarhreppi og Svalbarðsstrandarhreppi, ennfremur matsverð fjölbýlishúsa og fjölbýlishúsalóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði, Álftanesi og Mosfellsbæ), Hveragerði og Þorlákshöfn hækki um 30% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,30.
- e. Matsverð fjölbýlishúsa og fjölbýlishúsalóða í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Sandgerði, Vatnsleysustrandarhreppi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri, Fellabæ, Egilsstöðum og Selfossi, svo og fjölbýlishúsa og fjölbýlishúsalóða í þéttbýli í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Skilmannahreppi, Innri-Akraneshreppi, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppi og fv. Glæsibæjarhreppi, ennfremur matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Garði, á Ísafirði, Súðavík, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði (Búðum), Höfn, Hvolsvelli, Hellu, svo og í þéttbýli í Fjarðabyggð, Hrunamannahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð, ennfremur matsverð atvinnuhúsa og atvinnuhúsalóða í Reykjavík, Kópavogi, Akranesi, Borgarnesi, Fellabæ, Egilsstöðum og Selfossi hækki um 20% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,20.
- f. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Grundarfirði, Stykkishólmi, Bolungarvík, Hnífsdal, Flateyri, Suðureyri, Hólmavík, Siglufirði, Hvammstanga, Blönduósi, Grenivík, Eyrarbakka og Stokkseyri, svo og í þéttbýli í Snæfellsbæ, Dalvíkurbyggð, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi hækki um 15% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,15.
- g. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnuhúsalóða á Seltjarnarnesi og Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Sandgerði, Garði, Vatnsleysustrandarhreppi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Skilmannahreppi, Innri-Akraneshreppi, Grundarfirði, Stykkishólmi, á Akureyri, Hvolsvelli og Hellu, svo og í þéttbýli í Snæfellsbæ, ennfremur matsverð bújarða, ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bú-

jörðum á Suðvesturlandi og Vesturlandi frá og með fv. Austur-Eyjafjallahreppi vestur og norður um að og með Eyja- og Miklaholtshreppi, í Eyjafirði og á Fljótsdalshéraði (að meðtöldum Fljótsdal) hækki um 10% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,10.

- h. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Búðardal, Þingeyri, Tálknafirði, Patreksfirði, Bíldudal, Grímsey, Kópaskeri og Raufarhöfn, ennfremur fjölbýlishúsa og fjölbýlishúsalóða í Vestmannaeyjum hækki um 5% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,05.
- i. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnuhúsalóða á Vestfjörðum, Siglufirði, Húsavík, Raufarhöfn, Vopnafirði, Höfn, Vestmannaeyjum, svo og í þéttbýli í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi verði óbreytt og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,00.

Við framreikning ársins á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins fyrir einstakar tegundir eigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 31. desember 2004 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 31. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppfléttingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 6/2001 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, og tekur gildi 31. desember 2005.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 1059 frá 23. desember 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Dórhallur Arason.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2006.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2006 verður 23,75%. Meðalútsvar á árinu 2006 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,97%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2006 verður því 36,72%.

Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 2005.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Jón Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt.

I. KAFLI

1. gr.

Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt Landskrá fasteigna, sbr. þó 7. og 12. gr. Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Rafrænt yfirlit yfir metnar fasteignir í hverju sveitarfélagi á hverjum tíma skal vera aðgengilegt sveitarstjórnnum í Landskrá fasteigna. Fyrir 15. janúar ár hvert lætur Fasteignamat ríkisins sveitarfélögum í té skrá yfir metnar fasteignir miðað við 31. desember.

2. gr.

Fasteignaskattur skal vera allt að 0,5% af fasteignamati eftirgreindra fasteigna:

- íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum,
- erfðafestulanda í dreifbýli, jarðeigna og allra hlunninda,
- útihúsa og mannvirkja á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, og
- sumarbústaða ásamt lóðarréttindum.

Til landbúnaðar, sbr. c-lið 1. mgr., skal telja grasrækt, garðrækt, ylækt, skógrækt og búfjárrækt aðra en fiskeldi ef lögð er stund á þessar greinar í þeim mæli að talist geti búrekstur eða þáttur í búrekstri.

3. gr.

Fasteignaskattur skal vera 1,32% af fasteignamati eftirgreindra mannvirkja:

Sjúkrastofnana samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

4. gr.

Fasteignaskattur skal vera allt að 1,32% af fasteignamati allra annarra fasteigna, svo sem íbúðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæðis, fiskeldismannvirkja, veiðihúsa og mannvirkja sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka hundraðshluta þá sem tilgreindir eru í 2. og 4. gr. um allt að 25%.

Í sveitarfélagi þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli og sumarbústaði álagi á fasteignaskatt skv. 1. mgr.

6. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru eftirtaldar fasteignir ásamt lóðarréttindum:

- kirkjur og bænahús íslensku þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem hlotið hafa skráningu dóms- og kirkjumálaráðuneytis,
- safnahús, að því leyti sem þau eru ekki rekin í ágóðaskyni, og
- hús erlendra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og hús alþjóðastofnana, eftir því sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og öðlast hafa stjórnskipulegt gildi hér á landi.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf. Skyll er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skyll er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð. Skyll er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

Heimilt er sveitarstjórn að fella niður fasteignaskatt af friðuðum húsum.

Þegar sveitarfélag í dreifbýli og sveitarfélag í þéttbýli sameinast er sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags heimilt að ákveða að um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tíu ár frá sameiningu, megi veita tiltekinn afslátt af fasteignaskatti af eignum í dreifbýli vegna mismunandi þjónustu við fasteignaeigendur í dreifbýli og þéttbýli.

8. gr.

Ef afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, er á þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt fleiri en einum gjaldflokki, sbr. 2.–4. gr., ákveður bygg-ingarfulltrúi skiptingu milli gjaldflokka.

Ef fasteign, sem undanþegin er fasteignaskatti skv. 6. gr., er notuð hluta úr ári til atvinnurekstrar, svo sem gistipjónustu, ber sveitarstjórn að leggja fasteignaskatt á þann hluta eignarinnar sem notaður er við starfsemina, í réttu hlutfalli við notkunartímann.

Nú eru hús þau sem um ræðir í 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og ber sveitarstjórn þá að leggja á fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Til grundvallar skiptingu skv. 1.–3. mgr. skal leggja:

- a. Eignarhlutföll í eignaskiptayfirlýsingu eða rúmmál þess húsnæðis sem er tengt hvorum eða hverjum húshluta. Sveitarstjórn skal þó heimilt að ákvarða hámark lóðarverðs er fylgt geti íbúðarhúsnæði, þegar svo stendur á, að viðskiptaáhrifa gættir í lóðarverði.
- b. Mánaðafjöldi sem viðkomandi afnot eignarinnar standa.

II. KAFLI

9. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts og skal hún fara fram í Landskrá fasteigna. Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðila.

Sveitarstjórn leggur á skatt samkvæmt þessari grein miðað við not undanfarandi árs. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði ef sveitarstjórn telur ljóst að afnot fasteignar verða með öðrum hætti en á undanfögnu ári.

10. gr.

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts fyrir upphaf árs en heimilt er sveitarstjórn að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð sem sveitarstjórn ákveður.

Eindagi fasteignaskatts er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða.

11. gr.

Fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í Landskrá fasteigna í samræmi við upplýsingar sem Fasteignamat ríkisins lætur sveitarstjórnnum mánaðarlega í té.

Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamót eftir að mannvirki er afskráð í Landskrá fasteigna.

12. gr.

Eigandi greiðir skattinn nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

13. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á og gengur hann, ásamt dráttarvöxtum, í tvö ár frá gjalddaga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

14. gr.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 1. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins í samræmi við lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2006. Álagning fasteignaskatts fyrir árið 2006 skal þó fara fram á þann hátt sem sveitarstjórnir ákveða. Reglugerð um fasteignaskatt, nr. 945/2000, fellur úr gildi við birtingu þessarar reglugerðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessarar reglugerðar skal álagningarhlutfall samkvæmt þeirri grein vera 0,44% af fasteignamati árið 2006 og 0,88% árið 2007.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. desember 2005.

F. h. r.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr. 919/2002.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða:

Í stað orðanna: „1. janúar 2006“ komi: 1. júlí 2006 og í stað orðanna: „31. desember 2005“ komi 30. júní 2006.

2. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 23. desember 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

REGLUGERÐ

um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2006.

1. gr.

Daggjöld.

Daggjöldum á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2006:

A. Hjúkrunarheimili.

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
401	113	Grenilundur, Grenivík	13.862
401	113	Hvammur, Húsavík	13.600
401	113	Helgafell, Djúpavogi	13.426
401	113	Blesastaðir, Skeiðum	14.298
401	113	Sólvellir, Eyrarbakka	13.426
401	113	Roðasalur, Kópavogi	13.862
401	113	Sæborg, Skagaströnd	14.036
401	113	Silfurtún, Búðardal	13.862
401	113	Hlévangur, Reykjanesbæ	14.385
401	113	Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	14.385
405	101	Hrafnista, Reykjavík	14.473
406	101	Hrafnista, Hafnarfirði	14.647
407	101	Grund, Reykjavík	14.473
408	101	Sunnuhlíð, Kópavogi	14.473
409	101	Skjól, Reykjavík	14.560
410	101	Eir, Reykjavík	14.473
411	101	Garðvangur, Garði	14.821
412	101	Skógarbær, Reykjavík	14.734
413	101	Droplaugarstaðir, Reykjavík	14.821
414	101	Lundur, Hellu	14.385
415	101	Hulduhlíð, Eskifirði	13.775
416	101	Hornbrekka, Ólafsfirði	14.211
417	101	Naust, Þórshöfn	13.949
418	101	Seljahlíð, Reykjavík	14.385
419	101	Sólvangur, Hafnarfirði	14.560
421	101	Víðines, Reykjavík	13.688
423	101	Höfði, Akranesi	13.949
424	101	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	14.036
425	101	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	13.688
426	101	Fellaskjól, Grundarfirði	13.775
427	101	Jaðar, Ólafsvík	13.513
428	101	Fellsendi, Búðardal	13.339
429	101	Barmahlíð, Reykhólum	13.513
433	101	Dalbær, Dalvík	14.036
434	101	Öldrunarstofnun Akureyrar	14.298
436	101	Uppsali, Fáskrúðsfirði	13.949

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
437	101	Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, Hornafirði	14.124
438	101	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	14.124
439	101	Hjallatún, Vík	13.513
440	101	Kumbaravogur, Stokkseyri	14.124
441	101	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	14.124
442	101	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	14.734
443	101	Holtsbúð, Garðabæ	13.862
444	101	Vífilsstaðir, Garðabæ	14.560

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að vistmaður hverfi af stofnun í stuttan tíma svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar enda hafi heilbrigðisyfirvöld ekki aukakostnað af dvölinni. Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 30 daga. Ef vistmaður dvelur lengur en 30 daga á sjúkrahúsi ber að sækja um heimild til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir greiðslu daggjalds umfram 30 daga. Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fyrir fullt og allt af stofnun skal greiða fullt daggjald í allt að 7 daga.

Daggjald skal greitt stofnun vegna krónískra nýrnasjúklinga þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á Landspítala-háskólasjúkrahús. Landspítali-háskólasjúkrahús greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á sjúkrahúsið.

Greiða skal 890 kr. á dag til viðbótar daggjaldi stofnunar fyrir hvern krónískan nýrnasjúkling sem dvelst á stofnun og þarf blóðskilun á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt A-lið 1. gr.

B. Aðrar stofnanir.

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
441	117	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	8.619
470	110	Vesturhlíð, Reykjavík	8.420
472	110	Hlíðarbær, Reykjavík	8.104
473	110	Lindargata, Reykjavík	8.104
474	110	MS-félag Íslands, Reykjavík	7.390
475	110	Múlabær, Reykjavík	5.052
476	110	Fríðuhús, Reykjavík	8.104
410	115	Eir, Reykjavík	8.104
434	115	Samn. Akureyrarbæjar v/minnissjúkra	8.104
415	115	Hulduhlíð, Eskifirði v/MS	7.390
412	171	Skógarbær, endurhæfingardeild, Reykjavík	20.390
477	115	Roðasalir, Kópavogi	8.104
477	115	Dagvistun Reykjanesbæjar v/minnissjúkra	8.104
477	115	Dagvistun Hafnarfjarðar v/minnissjúkra	8.104

Tryggingastofnun skal greiða daggjöld samkvæmt B-lið 1. gr.

2. gr.

Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.

Daggjöldum vegna dvalarheimila fyrir aldraða og vegna dagvistunar aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2006:

	kr.
1. Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða	6.213
2. Gjald á dagvistun fyrir aldraða	3.766

Innifalið í dagvistunargjaldi er nauðsynlegur flutningskostnaður vistmanna. Þeir sem þjónustu dagvistar njóta skulu greiða 630 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari er hvers konar þjónusta, sem vistmönnum er látin í té á stofnunum, innifalin í daggjöldum.

4. gr.

Húsnæðisgjald vegna viðhalds.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á dagvistunar-, dvalar- og hjúkrunarrýmum. Gjaldið árið 2006 er 2.226 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 60 m² á hvert hjúkrunar- og vistrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m² á dagvistunarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2006. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1032/2004 um daggjöld stofnana sem ekki eru á fóstum fjárlögum árið 2005.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. desember 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Gjaldið er lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir	sorphirðugjald, kr.	10.350	
B) Fyrirtæki	urðunargjald, kr.	sorphreinsigjald, kr.	samtals, kr.
Flokkur 1	187.450	432.400	619.850
Flokkur 2	158.700	172.500	331.200
Flokkur 3		115.000	115.000
Flokkur 4		87.400	87.400
Flokkur 5		36.800	36.800
Flokkur 6		20.700	20.700
Flokkur 7		10.350	10.350

Jarðir með greiðslumark 100 – 700 ærgildi greiði samkvæmt 7. fl.

Jarðir með greiðslumark yfir 700 ærgildi greiði samkvæmt 6. fl.

Bæjarstjórn skípar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphreinsigjalds á fyrirtæki sem annast alla hirðingu og flutning sorps á förgunarstað.

Þeir bændur sem gera samning um hirðingu á baggaplasti við viðurkennda endurvinnslu- aðila fá 50% afslátt af sorphirðugjaldi vegna búrekstrar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem saminn er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Samþykkt á fundi umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar 2. nóvember 2005.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Dalvíkurbyggðar 24. nóvember 2005.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar 6. desember 2005

Dalvík, 6. desember 2005.

Valdimar Bragason bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

Norðurorku fyrir heitt vatn.

Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæðinu.

1. gr.

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn.

2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heitavatnsins skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.

Grunnverð kr. 89

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða vatnsmælir bilar, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fast gjald fyrir hvern mæli:

<i>Mælir</i>	<i>Grunnverð kr./dag</i>
15 mm	37,82
20 mm	81,05
25 mm	156,70
32 mm	302,59
40 mm	615,98
50 mm	1188,7304

Ólafsfjarðarveita.

Fast gjald og heimæðagjald er innheimt samkvæmt almennri verðskrá Norðuroku.

Heitt vatn er selt eftir mínútulítrum og vatnsmælum.

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 1.230,00.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 54,20.

Aðalheimæðar fyrir hitaveitu:

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	185.423
25 mm heimæð	241.049
32 mm heimæð	325.416
40 mm heimæð	455.584
50 mm heimæð	660.595

65 mm heimæð	990.894
80 mm heimæð	1.535.886

Tengigrind kr. 27.478

Tengigrind er ekki innifalin í heimæðagjaldi.

Í fullfrágengnu hverfi er heimæðagjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð greitt samkvæmt kostnaðaráætlun.

Lengdargjald:

1. Lengdargjald í dreifbýli skal vera samkvæmt kostnaði.

2. Lengdargjald í þéttbýli kr./metri 4.279.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

Á sumarbústaði er settur skápur á útvegg fyrir heimlögn.

Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

Grunnverð fyrir sumarhús og sambærileg hús er fast gjald og minnsta notkun á heitu vatni er 300 m³.

Bráðabirgðaheimæð:

<i>Hitaveita</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm	18.577
25 mm	23.275
32 mm	24.155

Lengdargjald

20 mm kr. m	2.593
25 mm kr. m	3.242
32 mm kr. m	3.242

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra í heimæð til bráðabirgðatengingar.

Ef bráðabirgðaheimæð verður síðar notuð sem aðalheimæð fyrir hús, greiðist ekkert lengdargjald.

Bráðabirgðaheimæðar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 159, 20. desember 2002 um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 173, 13. febrúar 2004, með síðari breytingum. Einnig er úr gildi felld frá og með 1. janúar 2006 gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 185, 1. febrúar 2005.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 2005.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að hafnarsjóður Djúpavogshrepps geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa (BRT) samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 7,70 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 1,90 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 50 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.471 á mánuði. Bátar minni en 20 BRT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.580 á mánuði.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöli á land eða úr landi á skipsfjöli, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar

eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftrögjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fulltrögjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá:

1. fl.: Gjald kr. 143,70 fyrir hvert tonn:
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 276,60 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 298,60 fyrir hvert tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald 1,40%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er kr. 3.105 fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 113.

Leiga á gámasvæði, geymsla veiðarfæra.

11. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi (fyrir gáma og báta) pr. mánuð:

Geymsla á malarsvæði pr. m² kr. 8,10.

Geymsla á malbikuðu svæði pr. m² kr.17,35.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna síðan 2.070 kr. pr. m³ fyrir hvern sólarhring.

Sorphirða.

12. gr.

Mánaðargjald smábáta kr. 207.

Sérferð á flokkunarstöð er greidd af viðkomandi. Kílógjald kr. 10,85.

Gjald fyrir sorphirðu er kr. 3.105 fyrir hverja afgreiðslu.

Hafnsögugjöld.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fyrir leiðsögu til hafnarinnar er greitt skv. reikningi frá lóðs og lóðsbát.

Festargjöld.

14. gr.

Festargjald fyrir hverja afgreiðslu er kr. 5.175. Sé fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 5.175.

Vatnssala.

15. gr.

Vatnsgjöld:

Vatn afgreitt frá bryggju:

Kalt vatn kr./m³, kr. 207 / lágmark 10 m³

Afgreiðsla utan dagvinnutíma, pr. klst. kr. 3.312 til viðbótar gjaldskrá.

Vigtargjald.

16. gr.

Almenn vigtun kr. 78,35 á tonn.

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 452.

Vigtun flutningabifreiða, fast gjald kr. 809.

Gjald vegna yfirvinnu við vigtun kr. 2.287. pr. klst.

Rafmagnssala.

17. gr.

Gámar kr. 9,21 á kwst.

Til skipa kr. 9,21 á kwst.

Tengigjald:

Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald kr. 3.312.

Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.

18. gr.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu 18.000 kr.

Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu 1.760 kr.

Öryggisgjald pr. öryggisvörð í yfirvinnu 3.209 kr.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

19. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Heimilt er að leita samþykkis skrifstofunnar til notkunar greiðslumiðlunar við uppgjör skulda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Djúpa-vogshafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Djúpavogshöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

23. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Djúpavogshrepps er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps er samþykkt af hafnarnefnd þann 18. desember 2005, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. janúar 2006 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps frá 19. nóvember 2004.

Djúpavogi, 19. desember 2005.

Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Lækjargata norður, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 29. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Lækjargata norður, Hafnarfirði. Breytingin felur m.a. í sér að göngustigur er færður sunnan við læk og á nýjum uppdrætti hafa verið færðar inn stærðir lóða. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 14. desember 2005.

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

GJALDSKRÁ

um fráveitu- og rotþróargjald í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2006.

1. gr.

Bæjarstjórn Ölfus er heimilt að leggja á sérstakt holræsagjald (fráveitu- og rotþróargjald) skv. samþykkt um fráveitur fyrir Sveitarfélagið Ölfus nr. 60/2004.

2. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Ölfuss eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs. Holræsagjaldi skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu Sveitarfélagsins Ölfuss.

Álagningarstofn holræsagjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,17% af fasteignamati samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekkert holræsagjald.

3. gr.

Holræsagjald greiðist af skráðum hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni gjaldskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjalddagar holræsagjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn Ölfuss ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimta holræsagjaldið með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss, staðfestist hér með samkvæmt 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ölfusi, 15. desember 2005.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2006.

1. gr.

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um sorphirðu í Ölfusi dagsetta 27. janúar 2000.

2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- | | |
|--|-------------------------|
| a) Sorphreinsigjald á íbúðarhús | kr. 8.200 pr./ári |
| Sorpeyðingargjald á íbúðarhús | kr. 4.600 pr./ári |
| Tunnuleiga | kr. 350 pr./tunnu á ári |
| Flutningur á tunnu (fyrsta tunna frítt) | kr. 1.300 pr./ferð |
| Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótar pokaeyningu | kr. 7.500 |
- b) Atvinnuhúsnaði pokaeyning kr. 16.200 fyrir hvern poka.
- c) Öll fyrirtæki lögaðila og annarra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja á sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	<i>Sorpeyðingargjald</i>	<i>Sorphreinsunargjald</i>
1. flokkur	10.965	43.820
2. flokkur	21.925	87.635
3. flokkur	43.840	175.277
4. flokkur	87.675	350.555
5. flokkur	175.340	701.100
6. flokkur	263.000	1.051.640

Bæjarstjórn raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs. Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Sveitarfélagið Ölfus samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á sorpmóttökustað sveitarfélagsins í Þorlákshöfn skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.

Gjaldskrá er árleg sem hér segir:

Flokkur A (Efni með úrvinnslugjaldi og önnur efni sem ekki hafa kostnað í för með sér)

Rúlluplast	0 kr./m ³
Hjólbarðar	0 kr./m ³
Spilliefni	0 kr./m ³
Fernur	0 kr./m ³
Skilagjaldsskyldar umbúðir	0 kr./m ³
Föt	0 kr./m ³
Bílar	Skilagjald samkvæmt reglugerð

Flokkur B (Endurvinnanlegt efni) 9 kr./kg eða 2.100 kr./m ³	
Málmar	2.100 kr./m ³
Pappír	2.100 kr./m ³
Timbur	2.100 kr./m ³
Garðaúrgangur	2.100 kr./m ³
Veiðarfæri	2.100 kr./m ³
Kaðlar	2.100 kr./m ³

Flokkur C (Blandaður óendurvinnanlegur) 17 kr./kg eða 4.200 kr./m ³	
Heimilisúrgangur	4.200 kr./m ³
Rekstrarúrgangur	4.200 kr./m ³
Byggingarúrgangur	4.200 kr./m ³

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss er hér með staðfest samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að gilda fyrir árið 2006.

Ölfusi, 15. desember 2005.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Sveitarfélaginu Ölfusi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 14. gr. samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi nr. 60/2004. Gjaldi þessu er ætlað að standa undir kostnaði við hreinsun og losun rotþróa.

2. gr.

Gjald fyrir hreinsun rotþróa fyrir árið 2006 skal vera eftirfarandi:

Rotþró 2000-2999 lítra	kr. 8.800 pr. þró
Rotþró 3000-4000 lítra	kr. 10.800 pr. þró
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 12.800 pr. þró
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 2.200 pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé minni en 10 metrar, fyrir hverja 10 metra umfram það skal eigandi greiða kr. 1.600.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss 24. nóvember 2005, og er í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. ákvæði samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi, nr. 60/2004.

Ölfusi, 15. desember 2005.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Vatnsgjald fyrir vatnsveitur í eigu Sveitarfélagsins Ölfuss skal vera 0,15 hundraðshlutar af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og 0,15 hundraðshlutar af fasteignamati fyrir annað húsnæði.

2. gr.

Aukavatnsskattur, samkvæmt 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, skal vera 3,70 krónur fyrir hvern mældan rúmmetra.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla samanber 11. gr. ofangreindrar reglugerðar fer eftir sverleika heimæðar.

Árleg leiga fyrir mæli skal vera:

<i>Sverleiki í mm</i>	<i>kr.</i>
20-50 mm	4.185
50-100 mm	10.755
100 mm og yfir	21.510

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

4. gr.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð, stærð og lengd heimæðar samkvæmt heimild í lögum nr. 32/2004. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Sveitarfélagsins Ölfuss.

Gjaldskrá fyrir heimæðar er eftirfarandi:

Fastagjald er samkvæmt 20. gr. samþykktar um gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Ölfusi nr. 503 frá 28. maí 2004.

Til viðbótar fastagjaldi skal greitt gjald pr./metra sem er eftirfarandi:

Þvermál inntaks	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm	110 mm
Kr. pr. / metra	752	752	752	1.381	1.381	1.381	1.381

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 110 mm er reiknað sérstaklega út hjá tæknideild Sveitarfélagsins Ölfuss og skal miðast við útlagðan kostnað við verkið.

Ef sótt er um að setja upp byggingarvatnskrana um leið og sótt er um heimæð, er gjaldið fyrir byggingarvatnskrana kr. 7.900. Ef sótt er eingöngu um byggingarvatnskrana fyrir tengingu heimaæðar greiðast kr. 12.900.

5. gr.

Aðilar sem hafa aðgang að vatni gegnum borholu í landi Sveitarfélagsins Ölfuss, sem er utan vatnstökusvæði vatnsveitna Sveitarfélagsins Ölfuss, skulu greiða gjald fyrir afnot og

aðgang að vatni úr iðrum eignarlands sveitarfélagsins. Gjaldið fyrir íbúðarhúsnæði skal vera 0,15 hundraðshlutar af fasteignamati fyrir annað húsnæði, kr. 3,70 krónur fyrir hvern mældan rúmmetra.

6. gr.

Gjaldskráin miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í júlí 2005, 313 stig og tekur breytingum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar um hver áramót.

7. gr.

Gjaldskrá fyrir vatnsveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi er samin á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, með síðari breytingum. Samhliða fellur úr gildi samþykkt hreppsnefndar Ölfushrepps frá 18. desember 1997 um gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Þorlákshafnar.

Ölfusi, 15. desember 2005.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2006.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Sveitarfélaginu Ölfusi sbr. b-lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi skal vera kr. 8.204 á árinu 2006.

Gjaldið greiðist á gjalddaga, 1. maí en eindagi er 31. maí.

2. gr.

Handsömunargjald skv. b-lið 2. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.508 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 5.160 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Ölfusi nr. 772/1999 og gildir fyrir árið 2006.

Ölfusi, 15. desember 2005.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (III. áfanga), í landi Hálsa, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 12. október 2005 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (III. áfanga) í landi Hálsa, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið er um 6 ha að stærð og gerir ráð fyrir 12 lóðum fyrir frístundahús (merkt 18-29) og er leyfilegt að reisa eitt frístundahús allt að 150 m² að grunnfleti á hverri lóð ásamt 15 m² geymslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 8. desember 2005.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík fallist á að heimila almenna umferð í báðar áttir um gatnamót Túngötu og Aðalstrætis.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. desember 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 547, 27. maí 2005, um togveiðar á kolmunna 2005.

1. gr.

Í stað „590 þús. lestir“ í 2. málslíð 1. gr. komi: 270 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

REGLUGERÐ

um veiðar á samningssvæði

Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2006.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilivæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilivæði (hlutar deilivæðis tilgreindir með litlum bókstaf). Veiðar á samningssvæðinu eru óheimilar íslenskum skipum, án sérstaks leyfis Fiskistofu. Skulu þau leyfi bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands á grundvelli framangreinds samnings.

2. gr.

Þeim íslenskum fiskiskipum er einum heimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

3. gr.

Heimilt er að framselja úthlutaða aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er samkvæmt þessari reglugerð.

Heimilt er Fiskistofu að afturkalla fyrirvaralaust leyfi skipa til veiða, stundi þau veiðar úr öðrum stofnum en leyfið miðast við.

4. gr.

Skipstjóri skips skal tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á samningssvæðið. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess inn á svæðið svo og afla um borð. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Á meðan skip er á samningssvæðinu skal skipstjóri tilkynna Eftirlitsstöðinni daglega um afla, tilgreindum í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum. Á sama hátt skal tilkynna um brottkast- og undirmálsafla.

Þegar skip yfirgefur samningssvæðið skal skipstjóri þess tilkynna Eftirlitsstöðinni það með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara. Skal í tilkynningu tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla um borð í skipinu sem veiddur hefur verið á samningssvæðinu. Enn fremur skal koma fram væntanleg löndunarhöfn og áætlaður komutími til hafnar. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Ef afla skips skal umskipað á meðan það er stutt á samningssvæðinu skal skipstjóri þess tilkynna það Eftirlitsstöðinni með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara. Skal í tilkynningu greina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins auk áætlaðrar staðsetningar, kallmerki beggja skipanna og tíma þar sem umskipun mun fara fram svo og afla þann sem umskipa skal. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum. Hafi skip tekið við afla af öðru skipi á samningssvæði NAFO, skal senda sérstaka tilkynningu a.m.k. 24 klst. áður en komið er til hafnar þar sem fram kemur nafn og land löndunarhafnar, áætlaðan komutíma og sundurliðað magn þess afla sem á að landa auk sundurliðunar á heildarafla. Óheimilt er að skipa um borð í íslensk fiskiskip hvers konar afla af samningssvæðinu sem veiddur er af skipum er sigla undir fána ríkis sem ekki er aðili að NAFO.

Ofangreindar upplýsingar skal skrá á rafrænt eyðublað sem Eftirlitsstöðin leggur til og senda í gegnum fjarskiptabúnað skipsins. Að lokinni umskipun skal Fiskistofu sent ígildi vigtarnótu. Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. málslíð 2. gr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar og tilkynna áður en skip fer af einu deilivæði til annars.

Um innihald skeyta sem fjallað er um í þessari grein er vísað til reglna sem NAFO setur.

5. gr.

Skylt er þeim er veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrila sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

Um borð í hverju skipi skal vera stigi sem uppfyllir kröfur NAFO og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti. Þrep stigans skulu gerð úr harðviði eða öðru sambærilegu efni. Þau skulu vera a.m.k. 480 mm breið, 115 mm djúp og 25 mm þykk og vera með jöfnu millibil sem ekki má vera minna en 300 mm og ekki meira en 380 mm.

Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að reglur NAFO séu ekki brotnar. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

6. gr.

Hverju skipi er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu, nema eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu sé um borð. Þó er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá skilyrði 1. málslíð 1. málslíð enda séu eftirlitsmenn um borð í a.m.k. 50% íslenskra skipa sem stunda veiðar á samningssvæðinu. Skipstjóra er óheimilt að halda skipinu til veiða á samningssvæðinu án eftirlitsmanns um borð án skriflegrar heimildar Fiskistofu þar að lútandi.

Útgerð skips skal greiða eftirlitskostnað sem nemur 50% af fjárhæð gjalds skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 33, 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, fyrir hvern dag sem skipið stundar veiðar á samningssvæðinu, án tillits til hvort eftirlitsmaður sé um borð eða ekki. Útgerð skips með eftirlitsmann á vegum Fiskistofu um borð skal sjá honum fyrir fæði og aðstöðu án endurgjalds.

Fyrir hverja veiðiferð skal útgerð skips tilkynna Fiskistofu ósk sína um að veiðieftirlitsmaður verði um borð í skipinu a.m.k. 7 dögum fyrir brottför þess frá Íslandi en a.m.k. 10 dögum fyrir brottför sé um að ræða brottför frá höfn utan Íslands.

7. gr.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til, nákvæmar skýrslur um veiðarnar. Einnig skulu skipstjórar skrá upplýsingar í Veiðidagbók NAFO og skal að lokinni veiðiferð afhenda Fiskistofu afrit af færslum fyrir viðkomandi veiðiferð (eyðublað b).

8. gr.

Gerð og búnaður veiðarfæra skal vera skv. reglum þeim er NAFO hefur sett.

II. KAFLI

Rækjuveiðar á Flæmingjagrunni.

9. gr.

Þeim íslenskum fiskiskipum er einum heimilt að stunda rækjuveiðar á Flæmingjagrunni, sem hafa fengið úthlutað aflamarki í rækju á því svæði. Í reglugerð þessari kallast eftirfarandi hafsvæði Flæmingjagrunn: Allt deilissvæði 3M ásamt þeim hluta deilissvæðis 3L sem er austan 46°40'V og sunnan 47°20'N.

Á árinu 2006 er íslenskum skipum sem veiðileyfi fá á Flæmingjagrunni, sbr. 2. gr., heimilt að veiða samtals 4.500 lestir af rækju á því hafsvæði. Af umræddu heildarmagni skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki í rækju á Flæmingjagrunni á grundvelli aflahlutdeildar þess í þessum stofni. Ákvörðun um leyfilegt heildarmagn verður endurskoðuð á árinu.

Þegar rækja veidd á Flæmingjagrunni er reiknuð til þorskígilda skal á árinu 2006 miðað við verðmætastuðulinn 0,84.

10. gr.

Skipstjóri skips sem heldur til rækjuveiða á Flæmingjagrunni skal tilkynna það Eftirlitsstöðinni við upphaf hverrar veiðiferðar. Einnig skal skipstjóri tilkynna Eftirlitsstöðinni þegar rækjuveiðum á Flæmingjagrunni lýkur. Að öðru leyti fer um tilkynningar samkvæmt 4. gr.

11. gr.

Ef samanlagður aukaafli allra tegunda sem eru undir stjórn NAFO verður meiri en 5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

12. gr.

Við ákvörðun aflamagns af rækju, sem veidd er á Flæmingjagrunni, til aflamarks skal fara samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Skipstjóri skal tryggja að a.m.k. tvisvar á sólarhring þá daga sem skip er að veiðum, sé valið af handahófi og vigtað úrtak hvernar afurðar þannig að það gefi sem réttasta mynd af magni afurða. Skal meðalþyngd úrtaka ásamt fjölda eininga lögð til grundvallar ákvörðunar til aflamarks. Skal fjöldi eininga í úrtaki vera samtals 20 af fjölda unninna eininga hvernar afurðar sem unnin er á sólarhring en þó þarf fjöldi eininga í úrtaki aldrei að vera meiri en 5% af fjölda eininga í hverri afurð á sólarhring.

Við vigtun á forsoðinni rækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða frá vigtuðu magni.

Við vigtun á hrárækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða auk 10% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Við vigtun á iðnaðarrækju sem lausfryst er í pokum eða fryst í blokkir, er heimilt að draga þunga umbúða auk 9% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Í veiðidagbók skal daglega skrá heildarmagn hvernar afurðar að frádregnum þunga umbúða og vatns. Þegar að lokinni veiðiferð og vigtun aflans skal senda Eftirlitsstöðinni upplýsingar um aflamagn í veiðiferðinni á því formi sem Fiskistofa leggur til. Útreikningum og öllum öðrum gögnum sem notuð eru til að ákvarða aflamagnið skal haldið til haga og afhent Fiskistofu óski hún eftir gögnunum.

Landi fiskiskip eigin afla á Íslandi skal hann endanlega veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafila sbr. 22. og 23. gr. Sé rækjuafli fluttur til vinnslu á Íslandi með flutningaskipi eða öðrum hætti skal hann á sama hátt endurvigtaður á ákvörðunarstað og Fiskistofu sendar endurvigtunarnótur strax að vigtun lokinni.

13. gr.

Við útreikning á afla til aflamarks fyrir rækju á Flæmingjagrunni fer eftir reglugerð þessari, hvort sem landað er úr veiðiskipi á Íslandi eða erlendis.

14. gr.

Rækjusýni skulu tekin úr afla og skal Hafrannsóknastofnunin segja til um magn sýnanna og hversu oft þau skuli tekin. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt og send Haf-rannsóknastofnuninni í Reykjavík að lokinni veiðiferð.

15. gr.

Óheimilt er að nota vörpu með minni möskva en 40 mm, mælt með tveggja mm þykkri stiku með 5 kg átaki á þann hátt sem reglur NAFO kveða á um. Þá er óheimilt að hafa um borð slík veiðarfæri án leyfis Fiskistofu. Gerð og búnaður veiðarfæra skal að öðru leyti vera skv. reglum þeim er NAFO hefur sett.

16. gr.

Skyllt er að nota seiðaskilju við veiðarnar og má bil milli rimla ekki vera meira en 22 mm.

III. KAFLI

Rækjuveiðar á deilissvæði 3L.

17. gr.

Rækjuveiðar eru heimilar á þeim hluta deilissvæðis 3L sem er austan línu sem liggur milli 46°00'N/47°53'V, 46°40'N/47°20'V og 47°19'N/47°43'V á tímabilunum 1. janúar - 31. mars, 1. júlí - 14. september og 1. desember - 31. desember 2006. Veiðar á svæðinu mega aðeins fara fram á meira en 200 metra dýpi. Veiðar á svæðinu eru aðeins heimilar þeim íslensku skipum sem hafa aflamark í rækju á svæðinu. Einungis eitt íslenskt fiskiskip má vera á veiðum á

svæðinu hverju sinni. Hafi íslenskt skip tilkynnt sig inn á svæðið, sbr. 19. gr., er öðru íslensku skipi óheimilt að hefja veiðar á svæðinu án samþykkis Eftirlitsstöðvarinnar.

18. gr.

Á árinu 2006 er íslenskum skipum sem fá veiðileyfi á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr., heimilt að veiða 245 lestir af rækju á því hafsvæði. Fiskistofa skal úthluta aflamarki vegna ársins 2006 milli skipa í samræmi við aflahlutdeild þeirra í rækju á Flæmingjagrunni. Þegar rækja veidd á deilissvæði 3L er reiknuð til þorskígilda skal á árinu 2006 miðað við verðmæta-
stuðulinn 0,84.

19. gr.

Skip sem hyggst stunda veiðar á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr., skal tilkynna Eftirlitsstöðinni með a.m.k. 24 klukkustunda og í mesta lagi 48 klukkustunda fyrirvara um siglingu inn á svæðið og með sama fyrirvara tilkynna Eftirlitsstöðinni þegar siglt er út af svæðinu eftir veiðar á því. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess eða brottför af svæðinu og magn rækjuafla um borð. Tilkynna skal Eftirlitsstöðinni þegar veiðum er lokið á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr. Að öðru leyti fer um tilkynningar sam-
kvæmt 4. gr.

20. gr.

Ef samanlagður aukaafli, í veiðum á rækju á deilissvæði 3L, allra tegunda sem eru undir stjórn NAFO verður meiri en 2,5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

21. gr.

Allur rækjuafli sem veiddur er á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr., skal greinilega auðkenndur.

22. gr.

Við veiðar á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr., skal lengd keðju sem festir bobbinga eða sam-
bærilegan búnað við troll vera a.m.k. 72 cm.

IV. KAFLI

Karfaveiðar á svæðum 1F, 2G, 2H, 2J og 3K.

23. gr.

Reglugerðin tekur til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæðum 1F, 2G, 2H, 2J og 3K og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips. Fiskistofu er heimilt að stöðva veiðar íslenskra skipa á ofangreindum svæðum þegar heildarafli skipa frá aðildarríkjum NEAFC nær því marki sem ákveðið er í reglugerð um veiðar úr úthafskarfastofninum 2006.

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

REGLUGERÐ

um togveiðar á kolmunna 2006.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á kolmunna á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í fiskveiðilögsögu Íslands og í lög-sögu þeirra landa, þar sem íslensk skip hafa rétt til að veiða samkvæmt samningum. Á árinu 2006 er íslenskum skipum heimilt að veiða 352.600 þús. lestir af kolmunna og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar þeirra.

Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 10% yfir aflamark í kolmunna á árinu 2006 og dregst sá umframafli frá aflamarki þess á árinu 2007. Þá er heimilt að flytja allt að 10% af ónýttu aflamarki fiskiskips frá árinu 2006 til ársins 2007.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu. Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda flotvörpu-veiðar á kolmunna, sem hafa aflamark í kolmunna.

3. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05,90 N - 20°30,00 V | 11. 63°33,60 N - 14°41,70 V |
| 2. 63°11,40 N - 19°07,30 V | 12. 63°43,40 N - 13°53,00 V |
| 3. 63°07,50 N - 18°38,00 V | 13. 64°00,00 N - 13°07,00 V |
| 4. 63°09,00 N - 18°27,00 V | 14. 64°21,70 N - 12°17,30 V |
| 5. 63°07,00 N - 18°02,00 V | 15. 64°32,30 N - 11°41,00 V |
| 6. 63°12,50 N - 17°00,00 V | 16. 65°00,00 N - 11°28,00 V |
| 7. 63°20,00 N - 16°03,00 V | 17. 65°27,00 N - 11°24,00 V |
| 8. 63°22,50 N - 15°51,00 V | 18. 66°06,00 N - 11°33,00 V |
| 9. 63°26,00 N - 15°29,00 V | 19. 66°42,00 N - 12°50,00 V |
| 10. 63°30,70 N - 15°00,00 V | |

og þaðan í rv. 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

4. gr.

Íslenskum skipum sem leyfi hafa fengið til kolmunnaveiða með flotvörpu er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sbr. reglugerð nr. 303/1999 um afladagbækur. Þar skal fram koma m.a. veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Þegar kolmunni er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,05.

5. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stykki af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

6. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

7. gr.

Um tilkynningar við kolmunnaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 477/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) með síðari breytingum og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu. Um tilkynningar til Færeyja vegna veiða innan færeysku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan kolmunnaafli í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram kolmunnaafli skipsins sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Færeyja.

9. gr.

Kolmunnaafli skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa kolmunnaafli til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda liggja fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Um vigtun á kolmunna gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafli með síðari breytingum.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2006.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókun við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs.

2. gr.

Veiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu. Ekki skulu fleiri en þrjú norsk skip hafa leyfi til línuveiða samtímis.

Norsk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til línuveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

3. gr.

Norskum skipum sem hafa leyfi til línuveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð, er heimilt að veiða samtals 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu m.v. afla upp úr sjó. Auk þess er þeim heimilt að veiða alls 125 tonn af öðrum tegundum, þó ekki meira en 25 tonn af lúðu, 50 tonn af grálúðu og 50 tonn af karfa miðað við afla upp úr sjó.

Í veiðiferð skal afli í öðrum tegundum en keilu, löngu og blálöngu ekki vera meiri, en sem nemur 25% af samtals afla skipsins í keilu, löngu og blálöngu. Lúðuafla skal ekki vera meiri en sem nemur 5%, og afli af grálúðu og karfa ekki meiri en sem nemur 10% í hvorri tegund.

Fari afli í einhverri einstakri tegund, annarri en keilu, löngu eða blálöngu, yfir 50% af heildarafla þegar lína er dregin, er óheimilt að leggja línuna aftur nær þeim stað en 5 sjómílur.

Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í skipinu.

Leyfi norskra skipa til línuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem ákveðinn er í þessari grein.

4. gr.

Norskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða er einungis heimilt að stunda veiðar sunnan 64°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975.

Óheimilt er, í sömu veiðiferð, að stunda jafnframt línuveiðar utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

5. gr.

Norsk skip sem leyfi hafa fengið til línuveiða skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar, Landhelgisgæslu og Fiskistofu samkvæmt ákvæðum í fjareftirlitssamningi Fiskistofu Íslands og Fiskistofu Noregs sem kom til framkvæmda 1. ágúst 2000.

6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um eina af eftirfarandi athugunarstöðvum:

a) 66°00'N - 08°00'V

- b) 65°00'N - 11°00'V
- c) 64°00'N - 12°00'V
- d) 63°30'N - 16°00'V
- e) 63°00'N - 20°00'V
- f) 63°30'N - 25°00'V
- g) 65°00'N - 27°00'V

Athugunarstöðvum, sbr. 1. mgr., verður breytt með sérstakri reglugerð ef þróun veiða gefur tilefni til.

Skip geta í samráði við og með samþykki Landhelgisgæslunnar, haldið til annarra athugunarstöðva eða íslenskrar hafnar í stað athugunarstöðvar, sbr. 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstöð áður en tilkynntur komutími er liðinn, sbr. 7. gr., 10. gr. og 11. gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

7. gr.

Áður en skip kemur inn í fiskveiðilandhelgi Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 6. gr., og fyrirhugaður komutími í athugunarstöðina.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr. Þó þarf ekki að tilgreina athugunarstöð sbr. síðasta lið.

8. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

9. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokartilkyning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

10. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og áætlaður komutími í athugunarstöð.

Löndunarhöfn.

Landi skip afla sínum í íslenski höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstöðvar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

11. gr.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða sbr. 9. gr. og um komu í athugunarstöð sbr. 10. gr. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga ákvæði 10. gr. við að öðru leyti en því að í stað orðsins „athugunartilkynning“ (control report), koma orðin „loka- og athugunartilkynning“ (exit and control report).

12. gr.

Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

13. gr.

Skipstjórum norskra skipa sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í skipunum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi athugun geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun geti farið fram.

Norskum skipum er skylt að halda afladagbók, skv. íslenskum reglum og skal hún sýnd eftirlitsaðilum þegar óskað er. Jafnframt skulu Hafrannsóknastofnuninni send afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Leyfisbréf og reglur um veiðar skulu geymdar um borð í skipinu.

Tilkynningar samkvæmt 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku og skulu tímasetningar vera samkvæmt íslenskum tíma.

14. gr.

Heimilt er að frysta hausaðan og slægðan afla um borð. Frekari vinnsla á afla um borð er óheimil.

Við útreikning á afla um borð í afla upp úr sjó skal margfalda með eftirtöldum umreiknistuðlum:

	Úr hausuðum og slægðum í fisk upp úr sjó		Úr slægðum í fisk upp úr sjó
	með klumbubeini	án klumbubeins	
Keila	1,47	1,56	1,11
Langa	1,41	1,50	1,19
Blálanga	1,41	1,50	1,19
Steinbítur/hlýri	1,45	1,59	1,11
Grálúða	1,39	1,42	1,09
Lúða	1,36	1,39	1,09
Karfi	1,61	1,82	1,06
Þorskur	1,55	1,70	1,19
Ýsa	1,47	1,61	1,19
Ufsi	1,39	1,49	1,19
Aðrar tegundir	1,30	1,40	1,10

15. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum samnings ríkjanna, sbr. 1. gr.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 419, 2. maí 2005, um friðunarsvæði í Arnarfirði vegna fóðrunar- og eldisrannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar.

1. gr.

Í stað orðanna „31 desember 2005“ í 1. mgr. 1. gr. komi: 1. maí 2006.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Neytendastofa að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. janúar 2006 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
gasolía	0,72 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,05 kr. á kg
flugvélabensín	0,30 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,02 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 1146/2005.

Neytendastofu, 29. desember 2005.

Tryggvi Axelsson forstjóri.

Gunnar G. Þorsteinsson,
formaður stjórnar flutnings-
jöfnunarsjóðs olíuvara.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um varasjóð húsnæðismála, nr. 656/2002.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. másl. 5. tölul. bætist: og taka ákvörðun um þátttöku varasjóðsins í greiðslu áhvílandi lána, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 32. gr.
- b. Í stað orðanna „III., IV. og VI. kafla“ í 4. mgr. kemur: III.–VI. kafla.
- c. Við 4. mgr. bætist: Á sama hátt getur ráðgjafarnefnd fært raunvexti af varasjóði viðbótarlána, sbr. 3. tölul. 1. mgr., til annarra verkefna varasjóðs húsnæðismála.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Síðari másl. 1. tölul. 1. mgr. fellur brott.
- b. Fyrsti másl. 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.
- c. Við fyrri másl. 3. tölul. 1. mgr. bætist: og viðauka við það samkomulag frá desember 2005. Lokamálsliður sama tölul. fellur brott.
- d. Við fyrri másl. 4. tölul. 1. mgr. bætist: og viðauka við það samkomulag frá desember 2005. Annar málsliður sama tölul. fellur brott.
- e. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verður 6. tölul. og orðast hann svo: 280 milljónir króna á ári af eigin fé varasjóðs viðbótarlána á árunum 2005–2007, sbr. VIII. kafla.

3. gr.

Orðin „árin 2002–2006“ í 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar falla brott.

4. gr.

Við 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður er hljóðar svo:

Einungis skal reikna rekstrarframlag samkvæmt þessari grein til sveitarfélaga sem fullnýta heimild til útsvarsálagningar fyrir yfirstandandi tekjuár.

5. gr.

Orðin „fyrir árin 2002–2006“ í 3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar falla brott.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „vegna áranna 2002–2006“ í 3. mgr. falla brott.

7. gr.

17. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Varasjóður húsnæðismála bætir einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánnum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán.

8. gr.

Á eftir VII. kafla reglugerðarinnar bætist nýr kafli er nefnist **Sértækar aðgerðir á árunum 2005–2007** og hljóðar svo:

(32. gr.)

Á árunum 2005–2007 ráðstafar ráðgjafarnefnd varasjóðsins allt að 280 milljónum króna árlega af eigin fé varasjóðs viðbótarlána, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 5. gr., til eftirtalinna verkefna:

1. Aukinna rekstrarframlaga, sbr. III. kafla.
2. Aukinna sölufamlaga, sbr. IV. kafla.
3. Þátttöku í greiðslu áhvílandi lána vegna úreldingar íbúða í eigu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Við ráðstöfun fjármuna skv. 1. tölul. 1. mgr. er ráðgjafarnefnd heimilt að leggja til að framlög til sveitarfélaga verði umfram hámarkshlutfall af útreiknuðum mismun, sbr. 9. og 10. gr. Einungis skal greiða rekstrarframlag samkvæmt þessari grein til sveitarfélaga sem fullnýta heimild til útsvarsálagningar fyrir það tekjuár sem framlag reiknast vegna.

Þegar ráðgjafarnefnd tekur ákvörðun um greiðsluþátttöku, sbr. 3. tölul. 1. mgr., skal miða við að stuðningur varasjóðsins nemi að hámarki tilteknu hlutfalli af áhvílandi lánum. Ráðgjafarnefnd er heimilt að taka tillit til fjárhagsstöðu hlutaðeigandi sveitarfélags þegar hlutfallið er ákveðið.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 44., 45. og 50. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en við úthlutun rekstrarframlaga, sbr. III. kafla, fyrir árið 2006.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 2005.

F. h. r.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um hámark ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa.

1. gr.

Hámarksábyrgð á kröfum launamanna skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, skal vera 288.000 kr. miðað við hvern mánuð. Hámarksábyrgð á kröfum skv. c-lið 5. gr. laganna skal vera 461.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, öðlast gildi 1. janúar 2006. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1042/2004, um hámark ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. desember 2005.

Árni Magnússon.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 20. desember 2005 staðfest aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003-2015.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Flúða 1992-2012 frá 24. apríl 1994, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 20. desember 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2006

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um verðbreytingarstuðla orkufyrirtækja við upphaf skattskyldu þeirra samkvæmt lögum nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 3. gr. laga nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja hefur ríkisskattstjóri reiknað út verðbreytingarstuðla fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast fram til 2001 á sama grunni og verðbreytingarstuðull var reiknaðar á árunum 1980 til 2001. Til frádráttar framreiknuðu kostnaðarverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af kostnaðarverðinu sem um getur í 4. gr. laganna fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 2005, sbr. og 34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, varðandi upphaf fyrningartíma.

Verðbreytingarstuðlarnir verða fyrir hvert ár frá og með 1938 til og með 2000 þessir:

Kaupverði eigna, sem keyptar voru á árinu 1980 og fyrr, skal breyta úr gömlum krónum í nýkrónur.

<i>Kaupár eignar</i>	<i>Framtal 2007</i>	<i>Kaupár eignar</i>	<i>Framtal 2007</i>	<i>Kaupár eignar</i>	<i>Framtal 2007</i>
1938	23582,6478	1959	1834,4517	1980	26,3379
1939	21785,3408	1960	1734,2706	1981	17,1593
1940	15827,2300	1961	1573,4840	1982	11,1580
1941	10756,0449	1962	1398,6803	1983	6,4998
1942	7873,9825	1963	1319,0803	1984	5,1291
1943	6855,4135	1964	1143,4985	1985	3,9858
1944	6619,6802	1965	1002,2263	1986	3,1039
1945	6465,4148	1966	852,4393	1987	2,6315
1946	5903,0279	1967	816,6809	1988	2,2209
1947	5368,8418	1968	754,6361	1989	1,8167
1948	5118,3300	1969	613,2879	1990	1,5247
1949	4810,3242	1970	523,3820	1991	1,4362
1950	4183,1703	1971	456,1771	1992	1,4193
1951	3354,5704	1972	383,8643	1993	1,3764
1952	2974,7935	1973	309,1067	1994	1,3518
1953	2913,2333	1974	210,2847	1995	1,3096
1954	2767,1168	1975	141,3697	1996	1,2347
1955	2562,6323	1976	112,7102	1997	1,2101
1956	2433,7056	1977	87,9550	1998	1,1949
1957	2163,2926	1978	59,3680	1999	1,1315
1958	1997,6254	1979	40,7990	2000	1,0861

Reykjavík, 20. desember 2005.

Indriði Þorláksson ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 6/2005.

Flugmálastjórn hefur ákveðið að þann 1. janúar 2006 skulu reglur JAR-OPS 3, breyting 3 (Amendment 3, Corrected) um flugrekstur með þyrlum sem gefnar voru út þann 1. júlí 2004 taka gildi gagnvart íslenskum flugrekendum. Reglur þessar hafa verið unnar á vettvangi Flugöryggissamtaka Evrópu, JAA. Munu þær taka gildi í heild sinni að Q-kafla, um vinnu- og hvíldartíma, undanskildum. Samhliða falla úr gildi ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000, nr. 3/2000 og 1/2001 sama efnis.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. desember 2005.

Borgeir Pálsson flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2016, Bjarnarflag.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1979-1999, frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Iðnaðarsvæði í Bjarnarflagi stækkar til austurs og suðurs. Svæðið nær yfir núverandi jarðhitavinnslusvæði, mannvirki hitaveitu Mývatnssveitar og tengist núverandi iðnaðarsvæði sem nær yfir lóð Kísiliðjunnar.
- Gert er ráð fyrir 132 kV jarðstreng frá Bjarnarflagsstöð að Kröflulínu 1 við Langhóla. Þaðan er gert ráð fyrir loftlínu meðfram núverandi Reykjahlíðarlínu að Kröflustöð.
- Austurhlíð Dalbjalls, Dalborg, Námafjall, Krummaskarðsmisgengi og Hrossaborg eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgangið erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 19. desember 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðarinnar að Tangagötu 26, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. nóvember 2005 var samþykkt breyting á deiliskipulagi lóðarinnar að Tangagötu 26 á Ísafirði.

Breytingin felur í sér að heimilt verður að byggja bilgeymslu aftast á lóðinni, þó ekki nær lóðarmörkum að Sundstræti 41 en sem nemur 1,3 metrum.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag frá 16. október 1997 um lóðina að Tangagötu 26.

Ísafirði, 20. desember 2005.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð bensinstöðvar við Hafnarstræti 21, Ísafirði.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðar bensinstöðvar við Hafnarstræti 21 á Ísafirði.

Breytingin tekur til breytinga á tengingum lóðarinnar við gatnakerfi, lóðin stækkar og verður 2671 m² og heimilt verður að byggja allt að 350 m² hús innan byggingarreits. Hámarkshæð skyggnis verður 6 m.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 22. desember 2005.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra, nr. 513/2002, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „9“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 2006.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Borgerður Benediktsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2006.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur ársins 2005 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu og jöfnunargjald vegna alþjónustu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2006. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar.

Við skiptingu greiðslu skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2006 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 8,5% af þinggjöldum ársins 2005 að frátöldum eignarskatti og 8,5% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu sem greiða bar á árinu 2005.

Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda eða jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2006 skv. 2. gr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra til úrskurðar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra en úrskurður ríkisskattstjóra er endanlegur.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um ræðir fyrir tekjuárið 2005 séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2004. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2006 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, og 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnir Hafna Ísafjarðarbæjar eru eftirtaldar hafnaraðstöður:

Ísafirði: Bátahöfn, Ásgeirsbakki, við dráttarbraut, Sundahöfn, Harðviðarbryggja, Olsenbryggja, staura flotbryggja, og flotbryggjur fyrir farþega- og skemmtibáta.

Suðureyri: Löndunarbryggja og flotbryggja fyrir fiskibáta.

Flateyri: Löndunarbryggja og flotbryggja fyrir fiskibáta.

Þingeyri: Löndunarbryggja, hafskipabryggja og flotbryggja fyrir fiskibáta.

Einnig eru á starfssvæði Hafna Ísafjarðarbæjar bryggjurnar í Bæjum ferjubryggja, Æðey ferjubryggja, Mjólka ferjubryggja, Gemlufallsbryggja ferjubryggja, Hnífsdalsbryggja og bryggjan í Holti í Önundarfirði.

Stærð og takmörk hafnarsvæðis fyrir Ísafjarðarbæ eru:

Á sjó: Lína dregin úr Skarfaskeri á Óshlíð í Arnarnesvita lína þessi afmarkar Skutulsfjörð og telst svæðið innan hennar vera hafnarsvæði Ísafjarðarhafnar.

Á landi: Í samræmi við aðalskipulag fyrir Ísafjarðarbæ á hverjum tíma.

Stærð og takmörk hafnarsvæðis fyrir Suðureyrahöfn eru:

Á sjó: Innan við línu dregna frá Brjót í Norðureyri.

Á landi: Í samræmi við aðalskipulag fyrir Suðureyri á hverjum tíma.

Stærð og takmörk hafnarsvæðis fyrir Flateyrahöfn eru:

Á sjó: Að norðan af línu sem dregin er þvert fyrir fjörðin út Ytri bót.

Á landi: Í samræmi við aðalskipulag fyrir Flateyri á hverjum tíma.

Stærð og takmörk hafnarsvæðis fyrir Þingeyrahöfn eru:

Á sjó: Lína dregin frá Oddatá á Þingeyrarodda í Gemlufallsá handan fjarðarins.

Á landi: Í samræmi við aðalskipulag fyrir Þingeyri á hverjum tíma.

Leggja hafnarsvæða er einnig sýnd á viðfestum kortum sem eru hluti af reglugerð þessari.

Landsvæði hafnanna skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Ísafjarðarbær, er eigandi Hafna Ísafjarðarbæjar. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Stjórn Hafna Ísafjarðarbæjar kýs sér formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er ráðinn af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnanna í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktu hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjáreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllum hafnarsvæðum hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Starfsmenn hafnarinnar sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipapjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna samlagsins getur hann kært það til hafnarstjórnar.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Öllum skipum sem koma til Ísafjarðar ber að taka hafnsögumann þar sem undantekningarlaust er hafnsöguskylda. Hafnarstjórn getur þó gefið undanþágu frá því sé viðkomandi skipstjóri kunnugur staðháttum og kemur eigi sjaldnar en 12 sinnum á ári til hafnarinnar.

Sérhvert skip, sem ætlar til Ísafjarðar eða einhverrar af öðrum höfnum Hafna Ísafjarðarbæjar og óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 4ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu út fyrir ystu mörk viðkomandi hafnar, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöli. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náð taltstöðvar-samband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáts, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátur hafnarinnar er í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Um hafnagjöld.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrár er settar skulu í samræmi við ákvæði gildandi hafnalaga, laga um siglingavernd og þjónustugjaldskrá sem hafnarstjórn setur.

8. gr.

Löggæsla á hafnarsvæðum.

Lögreglan á Ísafirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðum Hafna Ísafjarðarbæjar.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæði er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðum. Fólk sem fer um hafnarsvæði er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæði án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðum án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðum mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á eðlilegar siglingaleiðir innan hafnarmarkna og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er úr höfnum bæjarins en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

9. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að álitu hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og

kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæði og/eða veldur óþrífnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

10. gr.

Varnir gegn mengun og óþrífnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í hafnir, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrífnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfnunum nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í hafnirnar olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluáðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

11. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

12. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

13. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um hafnir og hafnsvæði Ísafjarðarbæjar, vegna skemmda á höfn, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, sem dómkvaddir eru af héraðsdómi Vestfjarða. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

14. gr.

Kæruheimild.

Notendum Hafna Ísafjarðarbæjar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

15. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 417/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi hafnarreglugerðir fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 56/1989, Suðureyrarhrepp nr. 124/1973, Flateyrarhrepp nr. 77/1947 og Þingeyrarkauptún nr. 178/1976.


Samgönguráðuneytinu, 20. desember 2005.


Sturla Böðvarsson.


Ragnhildur Hjaltadóttir.


Fylgiskjal 1.

Á meðfylgjandi kortum er sýnd lega hafnarsvæðanna.









B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Þórshafnarhöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Takmörk á sjó eru: Bein lína sem hugsast dregin úr Bakkahorni og þaðan beina línu í Laxártanga. Innan nefndrar línu takmarkast hafnarsvæðið af fjöruborði.

Á landi nær hafnarsvæðið að norðanverðu að Bakkavegi og Hafnarvegi auk þess að liggja sunnan Fjarðarvegar til og með suðurgarði.

Helstu hafnarsvæði eru: Smábátaaðstaða, Nýja bryggja, loðnulöndunarkantur, togarakantur og hafskipabryggja.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgangslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Þórshafnarhreppur, er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 3 fulltrúar og 2 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Þórshafnarhrepps kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn ákvarðar gjaldskrá hafnarinnar í samræmi við ákvæði hafnalaga.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af sveitarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Skip sem er lengra en 60 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um, innri höfnina í Þórshöfn.

Sérhvert skip, sem ætlar til Þórshafnarhafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 24 klst. fyrirvara. Hafnsögumaður skal fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan mynni Þórshafnarhafnar, sé þess þörf.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúti hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar án athugasemda. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og fellur undanþágan þá niður.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náð talstöðvar-samband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust.

Höfnin sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan á Húsavík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaudsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónaudsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að álitni hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Eigi má draga eða flytja á annan hátt, inn í höfnina skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, sem dómkvaddir eru af héraðsdómi Norðurlands eystra. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Þórshafnarhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarhöfn nr. 306/1986.

Samgönguráðuneytinu, 20. desember 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

REGLUGERÐ

um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl.

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum þeim sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé, nema hann hafi fengið undanþágu frá skyldum skv. 1. mgr. 12. gr. laga um lögmenn. Honum er jafnframt skylt að veita stjórn Lögmannafélags Íslands upplýsingar um vörslufé, svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Reglur þessar taka til lögmanna með eigin rekstur og lögmanna sem starfa hjá lögaðilum nema þeir hafi fengið undanþágu samkvæmt 1. mgr. 12. gr. lögmanna laga.

Þar sem í reglum þessum er fjallað um lögmenn er einnig átt við lögaðila skv. 1. mgr., eftir því sem við á.

II. KAFLI Vörslufé.

3. gr.

Lögmaður, sem varðveitir fé umbjóðanda síns, skal færa sérstakan viðskiptareikning í bókhaldi sínu, sem sýnir inneign umbjóðandans á hverjum tíma. Á reikninginn skal færa allt fé, sem lögmaðurinn tekur við til varðveislu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu kostnaðar og tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og þóknunar lögmannsins. Lögmanni er ekki skylt að færa á reikninginn fé, sem hann tekur við og skilar samdægurs.

Þá skal lögmaður færa sérstakan, sameiginlegan viðskiptareikning, fjárvörslureikning, sem sýni á hverjum tíma samanlagðar innstæður allra umbjóðenda hans á viðskiptareikningum skv. 1. mgr. Þegar sérstakar aðstæður mæla með því er heimilt að færa fjárvörslureikninga vegna einstakra umbjóðenda.

4. gr.

Fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skal varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi.

Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi skv. þessari grein og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

5. gr.

Fjárvörslureikninga er einungis heimilt að stofna í viðskiptabönkum eða sparisjóðum, sem með tilkynningu til stjórnar Lögmannafélags Íslands, sem hún metur fullnægjandi, hafa skuldbundið sig til þess að fylgja eftirfarandi reglum:

- a) Banka eða sparisjóði skal óheimilt að skuldfæra á fjárvörslureikning nokkurn kostnað vegna viðskipta við lögmann eða nota innstæðuna til skuldajöfnunar krafna gegn honum eða einstökum umbjóðendum hans.

- b) Banka eða sparisjóði skal óheimilt að taka peninga af fjárvörslureikningi nema gegn skriflegum eða rafrænum fyrirmælum frá lögmanni. Skulu slík fyrirmæli varðveitt hjá viðkomandi innlánsstofnun eins og bókhaldsgögn.
- c) Banka eða sparisjóði er skylt að senda stjórn Lögmannafélags Íslands staðfest yfirlit yfir stöðu og hreyfingar á fjárvörslureikningi hvenær sem stjórnin kallar eftir slíku yfirliti.
- d) Banka eða sparisjóði er skylt að sæta því að stjórn Lögmannafélags Íslands stöðvi notkun fjárvörslureiknings. Hafi notkun verið stöðvuð er óheimilt að greiða af reikningnum án heimildar trúnaðarmanns, sem stjórn Lögmannafélags Íslands tilnefnir.

6. gr.

Lögmaður skal, án ástæðulauss dráttar, leggja allt fé, sem hann tekur við og honum ber að færa á fjárvörslureikning í bókhaldi sínu skv. 3. gr., á fjárvörslureikning í banka eða sparisjóði.

7. gr.

Út af fjárvörslureikningi má aðeins taka ef og þegar:

- a) fé greiðist til umbjóðanda eða er notað til greiðslu fyrir hans hönd;
- b) lögmaður á fé hjá umbjóðanda samkvæmt rétt bókfærðri stöðu viðskiptareiknings hans, enda sé fullnægt skilyrðum til skuldajöfnunar;
- c) rétt uppgjör og afstemming fjárvörslureiknings hefur farið fram og sannreynt er að á honum er fé, sem er umfram skuldbindingar.

8. gr.

Lögmaður skal á minnst þriggja mánaða fresti bera saman og staðreyna að innstæða á fjárvörslureikningi samsvari bókfærðri stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Á sama hátt skal hann bera saman og staðreyna að samtala viðskiptareikninga umbjóðanda hans samsvari stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Komi í ljós, að innstæða á fjárvörslureikningi er lægri en nemur heildarskuldbindingum lögmanns skv. fjárvörslureikningi í bókhaldi hans, skal hann tafarlaust bæta úr því. Gögn, sem sýna afstemmingu fjárvörslureiknings í banka og bókhaldi, skal lögmaður varðveita eins og önnur bókhaldsgögn.

III. KAFLI

Verðbréf í vörslu lögmannna.

9. gr.

Lögmaður, sem varðveitir og hefur umsýslu með verðbréfum fyrir umbjóðendur sína eða hefur heimild til að ráðstafa verðbréfum, innstæðum á bankareikningum o.þ.h. í eigu þriðja aðila, skal halda skrá um verðmæti þessi. Skráningarskyldan nær til verðbréfa og inn- og útlánsreikninga í hvers kyns inn- og útlánastofnunum og nær því m.a. til skuldabréfa, hlutabréfa, hlutdeildarskírteina, svo og banka-, sparisjóða- og gíróreikninga, þ.m.t. yfirdráttar-reikninga.

Skrá skv. 1. mgr. skal vera nákvæm og í henni skýr sundurgreining verðmætanna, þar sem glöggt megi sannreyna frá hverjum þau stafa og hver sé eigandi þeirra. Verðmæti þessi skulu aðgreind frá eigin fé lögmanns.

10. gr.

Fyrir 1. mars ár hvert skal lögmaður senda þeim umbjóðendum sínum, sem hann annast umsýslu fyrir skv. 9. gr., skrá og upplýsingar um verðbréf þessi og fjármunahreyfingar vegna

þeirra. Gögnin skulu vera fyrir síðastliðið almanaksár og staðfest með dagsetningu og nafnritun lögmanns. Lögmaður skal varðveita afrit af útsendum upplýsingum skv. þessari grein eins og önnur bókhaldsgögn.

IV. KAFLI

Eftirlit.

11. gr.

Lögmaður, sem reglur þessar taka til, skal fyrir 1. október ár hvert senda stjórn Lögmannafélags Íslands, á þar til gerðu eyðublaði, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um að staða fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á umliðnu ári sé ekki lægri en staða vörslufjár skv. bókhaldi. Samtímis skal lögmaður senda stjórn Lögmannafélags Íslands samantekt og niðurstöðutölur skrár skv. 9. gr., staðfestar af löggiltum endurskoðanda.

12. gr.

Lögmaður sem opnar nýja lögmannsskrifstofu eða tekur við lögmannsskrifstofu sem annar lögmaður hefur rekið, skal tilkynna það stjórn Lögmannafélags Íslands innan mánaðar.

Áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að lögmaður hefur rekstur lögmannsskrifstofu skal hann senda stjórn Lögmannafélags Íslands yfirlýsingu um heildarfjárhæð vörslufjár fyrir umbjóðendur sína, miðað við dagsetningu sem stjórnin ákveður.

Lögmaður sem tekur við lögmannsskrifstofu sem annar lögmaður hefur rekið skal auk framangreinds tilkynna stjórn Lögmannafélags Íslands innan mánaðar að hann hafi yfirfarið og sannreynt rétta stöðu fjárvörslureikninga og verðbréfa skv. III. kafla sem hann tók við en ella tilkynna um frávik.

Tilkynningar skv. þessari grein skulu útbúnar og staðfestar með sama hætti og tilkynningar skv. 11. gr.

13. gr.

Stjórn Lögmannafélags Íslands getur hvenær sem er krafist þess að lögmaður láti henni í té, með fyrirvara sem stjórnin ákveður, yfirlýsingu og fylgigögn, sem getið er í 11. og 12. gr.

14. gr.

Ef færslu og meðferð lögmanns á fjárvörslureikningi eða verðbréfum er ábótavant eða brjótí lögmaður á annan hátt í bága við reglur þessar um meðferð vörslufjár og verðbréfa getur stjórn Lögmannafélags Íslands krafist þess af lögmanni að hann sendi stjórninni ársfjórðungslega eða oftar yfirlýsingu og nauðsynleg fylgigögn um vörslufé fyrir umbjóðendur sína.

15. gr.

Þegar svo stendur á, sem lýst er í 14. gr., eða stjórn Lögmannafélags Íslands telur sérstaka ástæðu til, getur hún ákveðið að fela trúnaðarendurskoðanda sínum að rannsaka hvort lögmaður fari eftir reglum þessum og fullnægi bókhaldslögum að öðru leyti. Gefi rannsókn tilefni til getur stjórn Lögmannafélags Íslands ákveðið að honum sé óheimilt að ráðstafa innstæðum á fjárvörslureikningum eða verðbréfum, nema með leyfi trúnaðarmanns, sem stjórnin tilnefnir.

16. gr.

Lögmanni, sem stjórn Lögmannafélags Íslands hefur ákveðið að beina rannsókn að eða tilkynningum til, er skylt að láta stjórninni eða trúnaðarmanni hennar í té allar upplýsingar um rekstur sinn og efnahag, sem krafist kann að verða, svo og að veita aðgang að öllum bókhalds-

gögnum og öðrum gögnum, sem sá, sem rannsókn annast, telur hafa þýðingu fyrir rannsóknina.

17. gr.

Lögmannafélag Íslands ber kostnað við rannsókn skv. 15. og 16. gr. Heimilt er félaginu að krefja lögmann þann er rannsóknin beinist að um greiðslu kostnaðar við rannsóknina enda sé hún yfirgripsmikil og leiði í ljós misfellur í starfi lögmannsins.

18. gr.

Gerist lögmaður brotlegur við ákvæði reglna þessara og sinnir ekki áskorun um að starfa í samræmi við þær ber stjórn Lögmannafélags Íslands að leggja til við dómsmálaráðherra að hann felli úr gildi réttindi lögmannsins skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 77/1998, um lögmennt.

19. gr.

Reglur um fjárvörslureikninga og verðbréf gilda þar til innstæðu á reikningi skv. 4. gr. og verðbréfum hefur að fullu verið ráðstafað í samræmi við reglur þessar.

V. KAFLI

Gildistaka.

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 23. gr. laga um lögmennt, nr. 77 15. júní 1998 sbr. 14. gr. laga nr. 93/2004, öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um fjárvörslureikninga lögmannna o.fl. nr. 201/1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 2005.

Björn Bjarnason.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um gjald vegna þátttöku á fyrri hluta prófraunar til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 1095/2005 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður er gjald vegna fyrri hluta námskeiðs sem haldið verður í byrjun árs 2006 ákveðið kr. 150.000. Prófgjald er innifalið í námskeiðsgjaldi.

Gjald fyrir þátttöku í seinni hluta prófraunar verður ákveðið síðar.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. desember 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að leyfilegur hámarkshraði á neðangreindum götum í eftirtöldum hverfum Reykjavíkur skuli vera 30 km/klst.:

Foldahverfi:

1. Austurfold
2. Vesturfold

Háskólahverfi:

1. Aragata
2. Eggertsgata, frá stíg suðaustan Eggertsgötu nr. 34 að Suðurgötu
3. Oddagata

Húsahverfi:

1. Baughús
2. Brekkuhús
3. Dalhús
4. Garðhús
5. Grundarhús
6. Hlíðarhús
7. Meðalvegur
8. Miðhús
9. Suðurhús
10. Sveighús
11. Vallarhús
12. Veghús
13. Vesturhús

Rimahverfi:

1. Smárarími
2. Sóleyjarrími
3. Stararími
4. Viðarrími

Seljahverfi:

1. Staðarsel
2. Stafnasel
3. Stallasel
4. Stapasel
5. Steinasel
6. Stekkjarsel

7. Stokkasel

8. Strýtusel
9. Stuðlasel
10. Stúfsel
11. Teigasel
12. Tindasel
13. Tjarnarsel
14. Tungusel
15. Vaðlasel
16. Vaglasel
17. Vatnasel
18. Vogasel
19. Ystasel
20. Þingasel
21. Þjóttusel
22. Þrándarsel
23. Þúfusel
24. Þverársel
25. Öldusel.

Staðarhverfi:

1. Bakkastaðir
2. Barðastaðir nr. 25 til 89
3. Barðastaðir nr. 7 til 23
4. Brúnastaðir
5. Garðsstaðir

Stekkir:

1. Brúnastekkur
2. Fornistekkur
3. Fremristekkur
4. Geitastekkur
5. Gilsárstekkur
6. Grænistekkur, frá stíg ofan beygju þegar komið er frá hringtorgi við Stekkjarbakka.
7. Hamrastekkur, frá stað

um 30 m sunnan
gatnamóta við
Stekkjarbakka.
8. Hólastekkur

9. Lambastekkur
10. Skriðustekkur
11. Urðarstekkur.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. desember 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006

REGLUR

um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2006.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um mat á hlunnindum til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna tekjuársins 2006, sbr. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt með áorðnum breytingum, sbr. og A-lið 1. mgr. 30. gr. og ákvæði í c-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Skattmat þetta gildir einnig við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2006 nema um sé að ræða tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Skattmatið tekur til hvers þess sem nýtur hlunninda eða er aðnjótandi gæða, sem telja ber til tekna skv. 7. gr. laga nr. 90/2003, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem þeirra nýtur. Skiptir ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða er tilkomið með öðrum hætti. Þegar talað er um launamann eða starfsmann í reglum þessum skal það eftir því sem við á einnig taka til maka hans og barna, svo og hvers þess aðila sem nýtur viðkomandi hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar eða vensla eða tengsla við þann sem hlunnindin lætur í té.

1. Almenn um mat á hlunnindum.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, hvers konar fríðindi, greiðslur í vörum eða afurðum svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir.

Þau gæði og hlunnindi, sem ekki hafa verið í krónum talin, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat, sbr. kafla 2 hér á eftir.

Séu hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

2. Sérstakt tekjumat.

2.1 Ýmis starfstengd hlunnindi.

Allur viðurgjörningur launagreiðanda við starfsmenn í öðru en reiðufé er lagður að jöfnu við laun til þeirra og ber að telja til tekna. Með viðurgjörningi við starfsmenn er átt við fríðindi tengd starfinu, sem þeir njóta án þess að greiða fyrir það fullt verð, hvort sem um er að ræða að launþeginn fái eitthvað til eignar, afnota, láns eða neyslu. Viðurgjörningur við starfsmenn telst til tekna miðað við markaðsverð eða gangverð, þ.e. það verð sem það hefði kostað launþegann að kaupa, leigja eða greiða fyrir afnot af því sem féll til hans.

Tiltekinn viðurgjörningur við starfsmenn, sem er í mjög nánnum tengslum við störf þeirra, almennur og aðgengilegur öllum, þarf ekki að telja til tekna, enda sé kostnaður hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á árinu. Til þessa viðurgjörnings teljast árshátíðir starfsmanna, jólagleði og sambærilegar samkomur, svo og starfsmannaferðir, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta, afnot af heilsubótaraðstöðu á starfsstað, kaffiveitingar í vinnutíma og námskeið sem tengjast starfinu beint. Til hans teljast ennfremur framlög til starfsmannafélaga vegna þessara liða.

Sé kostnaður á starfsmann samtals ekki hærri en 50.000 krónur á árinu skal hann ekki talinn til skattskyldra tekna hjá starfsmanninum. Sé kostnaðurinn í heild hærri en að framan greinir telst heildarfjárhæðin viðkomandi starfsmanni að fullu til tekna.

Hlunnindi sem sæta sérstöku skattmati í samræmi við eftirfarandi, og viðurgjörningur sem eingöngu eða fyrst og fremst er vegna einkaþarfa teljast alltaf til skattskyldra tekna.

2.2 Fatnaður.

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna að fjárhæð 25.000 kr.

Nái kostnaðarverð fatnaðar ekki framangreindu mati skal miða við kostnaðarverðið. Við mat á því hvað telst til einkennisfatnaðar skal tekið tillit til fjölda starfsmanna sem fær slíkan fatnað afhentan, útlits fatnaðarins, t.d. þess hvort hann ber lit eða önnur ytri sérkenni sem einkennandi eru fyrir viðkomandi atvinnurekanda. Gera skal ráð fyrir að einkennisfatnaður aðgreini viðkomandi starfsmann frá hinum almenna borgara og að um sé að ræða fatnað sem ekki er fallinn til afnota utan vinnutíma og almennt ekki ætlaður til slíkra nota.

Ef lög eða stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um að launþegi skuli klæðast ákveðnum einkennisfatnaði við störf sín skulu slík afnot ekki metin launþega til tekna.

Annar fatnaður en einkennisfatnaður sem starfsmanni er látinn í té skal talinn honum til tekna á kostnaðarverði.

Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað við störf hans sem launagreiðandi afhendir honum til afnota þ.m.t. er sá öryggis- og hlífðarfatnaður sem launagreiðendum er skylt skv. lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum að afhenda launþegum án endurgjalds.

2.3 Bifreiðahlunnindi.

Full og ótakmörkuð umráð.

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) eða jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af, til fullra umráða skal meta umráðin starfsmanni til tekna án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.

Ársumráð bifreiðar skulu metin til tekna sem hlutfall af verði þeirra sem hér segir:

Bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2004, 2005 eða 2006	20%
Bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2001, 2002 eða 2003	15%
Bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2000 eða fyrr	12%

Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara hluta úr ári.

Verð bifreiða eru í þessu sambandi skilgreind í bæklingnum Bifreiðaskrá RSK 6.03, sem gefinn er út árlega og fæst hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra www.rsk.is. Verð bifreiðar skal ætíð miða við staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri bifreið frá bifreiðaumboði ár hvert með breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar á milli ára. Sé bifreið eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Hafi launagreiðandi bifreið á rekstrarleigu eða leigu og láti launþega hana í té til umráða skulu afnot af henni metin launþeganum til tekna á sama hátt og ef bifreiðin væri í eigu launagreiðandans sbr. framangreint.

Greiði launagreiðandi enn fremur rekstrarkostnað bifreiðar sem starfsmaður hans hefur umráð yfir skulu þau hlunnindi metin til verðs sem 6% af verði bifreiðarinnar skv. Bifreiðaskrá RSK.

Greiði launamaður launagreiðanda sínum fyrir afnot og/eða rekstur bifreiðarinnar koma slíkar greiðslur til frádráttar tekjumatinu.

Takmörkuð afnot.

Hafi starfsmaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og honum er einungis heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota telst hann hafa takmörkuð afnot af bifreiðinni, enda sé hún að öðru leyti notuð í daglegum rekstri launagreiðanda. Takmörkuð afnot skulu metin til tekna miðað við 62 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattýfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá starfsmanni. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan.

Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum og stjórnarmenn félaga teljast hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum sem þeir hafa til einkanota.

2.4 Fæði.

Fæði, sem launagreiðandi lætur starfsmanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, skal metið starfsmanninum til tekna sem hér segir:

	kr.
Morgunverður	250
Hádegisverður eða kvöldverður	365
Fullt fæði á dag	980

2.5 Íbúðarhúsnæði og orlofshús.

Endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsnæði, þar með talið af sumarbústað sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té skulu metin starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Árleg afnot skulu metin til tekna sem jafngildir 5% af fasteignamatí íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar og margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnæðið er sbr. eftirfarandi:

Gildistala	Staðsetning
1,0	Reykjavík (þar með talið Kjalarnes), Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Bessastaðahreppur, Hafnarfjörður.
0,80	Grindavík, Sandgerði, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Akranes, Akureyri, Árborg, Hveragerði, Ölfus.
0,70	Önnur sveitarfélög.

Endurgjaldslaus orkunotkun (rafmagn og hita) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launamanns kvöð um búsetu í húsnæði, sem launagreiðandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði allt að 150 m² að viðbættum 5 m² fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt.

Eigi skal meta til tekna afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Hafi launþegi tilfallandi endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum skal telja launþeganum til tekna 1.500 kr. fyrir hvern dag sem hann eða aðrir fjölskyldumeðlimir hans hafa húsnæðið til afnota. Með orlofshúsnæði er í þessu sambandi átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar.

2.6 Lán.

Sá sem fær vaxtalaust lán hjá launagreiðanda sínum eða fyrir milligöngu hans skal telja sér vaxtahagræðið til tekna. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Fyrir árið 2006 miðast tekjumatíð við 11,0% ársvexti af höfuðstól með verðbótum. Séu vextir af fengnu láni lægri en framangreindir vextir skal telja mismuninn til tekna.

3. Frádráttur frá tekjum.

3.1 Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk.

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan rekstrarkostnað sem starfsmaður hefur borið vegna rekstrar ökutækis. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattfyrirvöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður við rekstur ökutækis telst því aðeins sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

- 1) Á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sé gerð sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift mest einnar bifreiðar, sem reiknast 370.000 kr. Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
- 2) Á eyðublaði RSK 3.04 komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins í a) akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu, b) annan akstur í eigin þágu og c) akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki 62 kr. á hvern ekinn km í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Fái launþegi greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 2006 fyrir akstur við erfiðar aðstæður má hækka hámarksfrádrátt fyrir hvern ekinn km sem hann fær greiddan samkvæmt „sérstöku gjaldi“ í 71,30 kr. og/eða samkvæmt „torfærugjaldi“ í 89,90 kr., enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Fái starfsmaður greiðslu fyrir almenn afnot af bifreið sinni og endurgreiðsla á kostnaði hafi verið miðuð við 2000 km eða minna er ekki krafist sundurliðunar á rekstrarkostnaði, sbr. tölulið 1 hér að framan. Skilyrði er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla eða fyrir liggja skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er lýst og að eyðublað RSK 3.04 hafi verið útfyllt, sbr. tölulið 2 hér að framan.

3.2 Frádráttur á móti dagpeningum.

Frádráttur á móti dagpeningum sem launþegi hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill, enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað, svo sem fargjöld að og frá flugvöllum. Frádrátturinn er jafnframt háður því skilyrði að fyrir liggja í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launþega.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum á árinu 2006 sem hér segir:

Frádráttur á móti dagpeningum innanlands.

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	14.300
Fyrir gistingu í eina nótt	8.300
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	6.000
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.000

Frádráttur vegna dagpeninga erlendis í SDR.

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
London, New York borg, Washington DC og Tókýó	145	110	93	70
Annars staðar	110	100	70	64

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi „Annað“ frá fengnum dagpeningum.

Hafi starfsmaður fengið greidda dagpeninga fyrir samtals 30 daga eða fleiri á árinu 2006 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um 1000 kr. fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er 500 kr.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað þess að ferðakostnaður annar en gisti- og fæðiskostnaður erlendis sé dreginn frá samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð, sem hæst getur orðið 30% af þeim hluta dagpeninga, sbr. framangreint, sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

3.3 Vinna erlendis.

Sé dvöl launþega erlendis vegna tímabundinna starfa þar á vegum íslensks launagreiðanda eiga reglur í tölulið 3.2. um frádrátt á móti dagpeningum vegna ferðalaga ekki við en honum er þá heimilt að draga frá sérgreindum greiðslum, sem hann kann að hafa fengið vegna upphalds, í allt að 3 ár fjárhæð sem hæst getur orðið 30 SDR á dag. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þó launþegi komi í stuttar heimsóknir hingað til lands á umræddu tímabili.

3.4 Frádráttur vegna fóstunar barna.

Ef framteljandi hefur fengið greiðslur vegna barna sem sett eru í fóstur hjá honum af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum ber að tekjufæra þær greiðslur. Færa má til frádráttar sannanlegan kostnað sem beint tengist þessum greiðslum. Þegar um er að ræða vistun eins eða tveggja barna má færa í stað sannanlegs kostnaðar, vegna hvers barns, frádrátt sem svarar til tvöfalds barnalífeyris, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur.

3.5 Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.

Í stað frádráttar sem byggist á sannanlegum kostnaði er í slíkum rekstri heimilt að færa til frádráttar 90 kr. fyrir hvern veittan morgunverð eða síðdegishressingu og 200 kr. fyrir hvern veittan hádegis- eða kvöldverð. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir fæði samkvæmt gjaldskrá.

Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka, bifreiðakostnaðar, gæsluvallagjalda o.þ.h. má færa til frádráttar á móti öðrum tekjum en vegna fæðissölu 25% af þeim tekjum. Ef um sumardvöl er að ræða má færa til frádráttar 20% af tekjum án fæðissölu, enda sé um gistingu að ræða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri fjárhæð en innheimt er vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

Hjá stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna eru sömu skilyrði og að framan greinir fyrir frádrætti í stað sannanlegs kostnaðar. Þá eru sömu reglur um fæðiskostnað og um frádrátt frá tekjum eftir því hvort viðkomandi barn er í dag- eða sólarhringsvistun. Sé um kostnað að ræða sem leiðir af sérþörfum barnsins vegna fötlunar má færa þann kostnað til frádráttar auk frádráttar samkvæmt mati ríkisskattstjóra, enda sé gerð sérstök grein fyrir honum.

3.6 Frádráttur vegna vistunar aldraðra og öryrkja.

Ef um er að ræða greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum er heimilt í stað sannanlegs kostnaðar að færa til frádráttar á móti greiðslum sem svarar til tvöfalds elli- lífeyris (grunnlífeyris), en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur greiðslunum.

3.7 Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 830 kr. fyrir hvern heilan fæðis- dag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launa- greiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUR

um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2006.

Eftirfarandi reglur um reiknað endurgjald eru settar skv. 3. málsl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt með síðari breytingum vegna starfa á árinu 2006 og fyrir álagningu gjalda á árinu 2007. Reglur þessar eru til viðmiðunar fyrir reiknað endurgjald fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða á vegum tengdra félaga (dótturfélaga, hlutdeildarfélaga) þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar ef launatekjur af því starfi teljast vera lægri en hann hefði haft ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila.

1. Almenn.

Samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi reikna sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns og barna þeirra fyrir vinnu sem þau inna af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans.

Á sama hátt skal maður reikna sér til tekna sem reiknað endurgjald mismun á greiddum launum fyrir vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila og reiknuðu endurgjaldi sem honum hefði borið að reikna sér hefði starfið verið innt af hendi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eins og greinir hér að framan, enda teljist hann hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem maki manns, barn hans, venslamaður hans eða nákominn ættingi innir af hendi fyrir framangreinda aðila.

Samkvæmt ákvæðum 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt með síðari breytingum skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra setja við upphaf árs reglur um reiknað endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur og ákveða viðmiðunarfjárhæðir fyrir lágmark þess með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf. Reglur um reiknað endurgjald og viðmiðunarfjárhæðirnar gilda einnig ef laun sem greidd eru vegna vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi, sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila, eru lægri en ætla mætti að þau væru ef vinnan væri innt af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.

Tengsl milli launþegans og vinnuveitandans til þess að reikna skuli endurgjald samkvæmt reglum þessum teljast vera fyrir hendi þegar sá sem launin tekur eða ætti að taka telst vera ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Maður telst ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, venslamaður eða annar nátengdur aðili er í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða samstarfsmönnum, á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna. Tengsl þessi teljast á sama hátt vera fyrir hendi ef um er að ræða óbeina eignar- eða stjórnunaraðild svo sem starfi maður hjá dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi félags sem hann hefur ráðandi stöðu í.

Endurgjald, sem manni ber að reikna sér, sbr. framangreint, skal hann ákveða þannig að það sé eigi lægra en hann hefði haft sem laun fyrir sama starf hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Skal sú fjárhæð að jafnaði ekki vera lægri en viðmiðunarfjárhæð sú sem ákveðin er í reglum þessum en getur verið hærri eða lægri eftir því sem tilefni er til með hliðsjón af raun-

verulega greiddum launum fyrir sambærileg störf hjá óskyldum eða ótengdum aðila, umfangi og eðli starfseminnar og starfs hans, taxta fyrir útselda vinnu í starfsgreininni, afkomu rekstrarins og fé sem bundið var í rekstrinum í ársbyrjun.

Reiknað endurgjald manns, sem selur út eigin vinnu eða vinnu starfsmanna sinna, skal aldrei vera lægra en sem svarar til launa starfsmanns hans við reksturinn, með sambærilega menntun, reynslu og vinnuframlag.

Viðmiðunarfjárhæðir eru miðaðar við þá tegund atvinnurekstrar eða starfsemi sem framteljandi stendur fyrir og eru lágmarksfjárhæðir sé viðkomandi ekki í öðru launuðu föstu starfi eða starfi sem reikna skal endurgjald fyrir. Sé svo er heimilt að lækka viðmiðunarfjárhæðirnar um þá fjárhæð sem laun eða reiknað endurgjald fyrir hitt starfið er umfram 50% af viðmiðunarfjárhæðinni þó þannig að það verði aldrei lægra en 25% af viðmiðunarfjárhæðinni að viðbætti þeirri hækkun sem leiða kann af næstu málsgrein hér á undan.

Þegar hjón eða samskattað sambúðarfólk standa saman að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skal hvort hjóna um sig ákvarða sér reiknað endurgjald í samræmi við reglur þessar og skiptist rekstrarhagnaður milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir atvinnurekstrinum, með maka sínum skal meta því reiknað endurgjald eins og það hafi verið unnið af óskyldum eða ótengdum aðila og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir atvinnurekstrinum.

2. Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi.

Samkvæmt 6. gr. laga 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda ber manni, sem reikna skal sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að tilkynna skattstjóra í skattumdæmi sínu um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur fjármálaráðherra um reiknað endurgjald og standa skil á staðgreiðslu af þeirri fjárhæð eins og um greidd laun hafi verið að ræða. Sama á við ef maki eða annar sá sem fellur undir reglur þessar vinnur við atvinnureksturinn.

Samkvæmt sömu lagagrein skal lögaðili ákveða manni, sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar, endurgjald fyrir vinnu hans ef þau laun, sem honum eru greidd eru lægri en reiknað endurgjald samkvæmt reglunum og standa skil á staðgreiðslu af þeirri fjárhæð.

Telji skattstjóri að áætlun manns, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða ákvörðun lögaðila um endurgjald manns sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar séu á staðgreiðsluári lægri en lágmark viðmiðunarfjárhæða samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skal hann ákveða endurgjaldið og staðgreiðslu af því í samræmi við reglurnar. Skattstjóri má aðeins víkja frá lágmarki reiknaðs endurgjalds samkvæmt reglum fjármálaráðherra á grundvelli skriflegra skýringa og nauðsynlegra gagna frá framteljanda og/eða launagreiðanda.

Í upplýsingum manns sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfjárhæða samkvæmt reglum þessum skulu koma fram upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, upplýsingar um önnur launuð störf og eftir því sem við á upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans eða starfsmanna sem vinna í þjónustu hans. Hann skal ennfremur gera grein fyrir afkomu rekstrarins á síðastliðnu ári og leggja fram áætlun um rekstur og tekjur hans á staðgreiðsluárinu, svo og gera grein fyrir hvaða fjármagn sé bundið í rekstrinum.

Maður sem starfar hjá félagi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfjárhæða samkvæmt 4. kafla í reglum þessum skal leggja fram hliðstæðar upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, um önnur launuð störf sín og eftir því sem við á upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans og annarra starfsmanna sem vinna hjá félaginu.

Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars á tekjuári. Endanleg ákvörðun reiknaðs endurgjalds fer fram við endurskoðun skattframtala og skal skattstjóri þá hækka reiknað endurgjald frá ákvörðun þess vegna staðgreiðslu á tekjuárinu, komi þá í ljós að það hafi ekki verið í samræmi við reglur þessar.

Hafi maður svo lágt reiknað endurgjald af starfsemi samkvæmt samþykktri áætlun að staðgreiðsla hans sjálfs eða vegna hans og maka hans verði engin á árinu getur hann sótt um til skattstjóra að skila „Skilagrein vegna reiknaðs endurgjalds“ einu sinni á ári. Sé umsóknin samþykkt þarf að leggja skattkortin inn hjá skattstjóra. Sé áætlað reiknað endurgjald af starfseminni innan við 215.000 krónur á árinu 2006 fellur það utan staðgreiðslu.

3. Reiknað endurgjald við álagningu.

Framteljandi, sem reglur þessar taka til, skal á framtali sínu reikna sér endurgjald eigi lægra en viðmiðunarfrjárhæðir í 4. kafla og að teknu tilliti til afkomu rekstrar, eigin fjár í rekstri og taxta fyrir útselda vinnu og launa eða reiknaðs endurgjalds í öðru starfi, sbr. 1. kafla.

Telji framteljandi á framtali sínu að reiknað endurgjald, og eftir atvikum laun hans, eigi að vera lægra en sú frjárhæð sem staðgreiðsla var greidd af eða lægra en viðmiðunarfrjárhæð skv. 4. kafla í reglum þessum eða lægra en endurgjald sem ákveðið er skv. 1. kafla þeirra með hliðsjón af taxta fyrir útselda vinnu, afkomu rekstrar og eigin fé í rekstri, skal hann láta fylgja skattframtali sínu gögn og rökstuðning fyrir mati sínu ásamt upplýsingum, sbr. 2. kafla hér að framan.

Að móttæknu framtali og öðrum framtalsgögnum skal skattstjóri endurskoða reiknað endurgjald framteljanda, maka hans og barna eftir því sem tilefni er til.

Skattstjóra er heimilt að fallast á að reiknað endurgjald sé lægra en viðmiðunarfrjárhæðir fjármálaráðherra kveða á um ef rökstuðningur og gögn framteljanda og eftir atvikum þess lögaðila, sem hann tekur eða á að taka laun hjá, réttlæta slíka ákvörðun. Fallist skattstjóri ekki á rök framteljanda um lægra reiknað endurgjald skal hann hækka það til samræmis við viðmiðunarfrjárhæðir í reglum þessum.

Sé um að ræða endurgjald manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hækkun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi ekki leiða til þess að tap á rekstrinum verði meira en almennar fyrningar ársins. Sé um að ræða elli- eða örorkulífeyrisþega með eigin atvinnurekstur skal þess gætt að ekki verði tap á rekstrinum. Ákvæði þessi taka ekki til félaga og þeirra sem reikna ber sér endurgjald vegna starfa hjá þeim.

4. Starfaflokkar og viðmiðunarfrjárhæðir.

Þær frjárhæðir sem fara hér á eftir eru lágmarksviðmiðun fyrir reiknað endurgjald manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfa í hvers kyns stjórnunarstörfum og/eða almennum störfum hjá einkahlutafélagi, hlutafélagi eða sameignarfélagi eða tengdum félögum sem þeir sjálfir, makar þeirra, venslamenn eða aðrir þeim nátengdir eða þeir ásamt samstarfsmönnum hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar.

Flokkur A. Sérfræðiþjónusta.

Til flokks A teljast sérmenntaðir menn vegna starfa í sérgrein sinni og/eða stjórnunarstarfa á þeim vettvangi, svo sem lyfjafræðingar, læknar, tannlæknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, verkfræðingar, ráðgjafar og aðrir sérfræðingar, m.a. á tölvusviði, í fjármála-ráðgjöf og verðbréfavíðskiptum.

Flokkur A skiptist í fimm undirflokka:

A(1) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtán manna.

Mánaðarlaun	661.000 kr.
Árslaun	7.932.000 kr.

A(2) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmtán manna.

Mánaðarlaun	614.000 kr.
Árslaun	7.368.000 kr.

A(3) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna.

Mánaðarlaun	590.000 kr.
Árslaun	7.080.000 kr.

A(4) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna. Læknar og tannlæknar falla undir þennan flokk ef þeir starfa einir eða með fimm starfsmenn eða færri.

Mánaðarlaun	543.000 kr.
Árslaun	6.516.000 kr.

A(5) Sérfræðingur, þó ekki læknir eða tannlæknir sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	472.000 kr.
Árslaun	5.664.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki A(1) til A(4) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt niður á þá.

Flokkur B. Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta.

Til flokks B teljast menn sem vinna við iðnaðar- og iðjurekstur, hvers konar verslun og viðskipti, veitingastarfsemi, útgerð og fiskvinnslu, framleiðslu landbúnaðarvara, verktaka-starfsemi hvers konar og þjónustu, sem ekki heyrir undir flokk A eða C. Stjórnun rekstrarins eða félagsins er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk B(1), B(2), B(3) og B(4), þótt þeir vinni einnig önnur almenn störf við reksturinn.

Flokkur B skiptist í fimm undirflokka:

B(1) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtán manna.

Mánaðarlaun	625.000 kr.
Árslaun	7.500.000 kr.

B(2) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmtán manna.

Mánaðarlaun	562.000 kr.
Árslaun	6.744.000 kr.

B(3) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna.

Mánaðarlaun	469.000 kr.
Árslaun	5.628.000 kr.

B(4) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	391.000 kr.
Árslaun	4.692.000 kr.

B(5) Maður, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	312.000 kr.
Árslaun	3.744.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki B(1), B(2), B(3) eða lægst B(4) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.

Flokkur C. Fjölmíðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur, sérhæfð sölustarfsemi eða þjónusta o.fl.

Til flokks C teljast menn, sem vinna við framangreinda starfsemi, svo sem blaðamenn, fréttamenn og dagskrárgerðarmenn, þeir sem starfa við bóka- og blaðaútgáfu, kvikmyndagerð, listamenn, skemmtikraftar o.fl. Ennfremur sérhæfð sölustarfsemi, svo sem fasteignasala, bifreiðasala, bókhaldsþjónusta, kennslustarfsemi, skólarekstur og námskeiðahald. Einnig háskólamenntaðar heilbrigðisstéttir, s.s. hjúkrunarfræðingar, sjúkráþjálfarar, iðjuþjálfarar og nuddarar og aðrir með sérmenntun sem ekki falla undir flokka A eða B. Stjórnun starfseminnar er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk C(1), C(2), C(3) og C(4), þótt þeir vinni einnig önnur almenn störf við reksturinn.

Flokkur C skiptist í fimm undirflokka:

C(1) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtán manna.

Mánaðarlaun	605.000 kr.
Árslaun	7.260.000 kr.

C(2) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmtán manna.

Mánaðarlaun	567.000 kr.
Árslaun	6.804.000 kr.

C(3) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna.

Mánaðarlaun	530.000 kr.
Árslaun	6.360.000 kr.

C(4) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	453.000 kr.
Árslaun	5.436.000 kr.

C(5) Maður, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	378.000 kr.
Árslaun	4.536.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki C(1), C(2), C(3) eða lægst C(4) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.

Flokkur D. Iðnaðarmenn.

Til flokks D teljast iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum. Ef stjórnun svo sem framkvæmdastjórn félags er aðalþáttur starfsins þar sem starfa með honum fleiri en fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimm starfsmanna skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1), B(2) eða B(3) hér að framan.

Flokkur D skiptist í tvo undirflokk:

D(1) Iðnaðarmaður sem hefur tvo til fimm starfsmenn með sér eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	302.000 kr.
Árslaun	3.624.000 kr.

D(2) Iðnaðarmaður sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	252.000 kr.
Árslaun	3.024.000 kr.

Flokkur E. Ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda.

Til flokks E teljast menn sem vinna í störfum sem enga fagmenntun þarf til en sem geta þurft að hafa réttindapróf til að sinna starfinu, s.s. réttindi til að stjórna bifreiðum eða vinnuvélum o.s.frv. og falla ekki undir flokka A til D. Ef stjórnun svo sem framkvæmdastjórn félags er aðalþáttur starfsins og starfsmenn með honum eru fleiri en fimm eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimm starfsmanna skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1), B(2) eða B(3) hér að framan. Til þessa flokks teljast t.d. bifreiðastjórar, stjórnendur vinnuvéla, svo og starfsgreinar sem ekki krefjast sérstakrar starfsmenntunar svo sem hreingermingarmenn.

Flokkur E skiptist annars vegar í stjórnendur vinnuvéla og hins vegar í önnur störf sem enga fagmenntun þarf til. Hvor flokkurinn skiptist svo aftur í tvo undirflokka:

E(1) Stjórnandi vinnuvéla, sem réttindi þarf til að stjórna, þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	275.000 kr.
Árslaun	3.300.000 kr.

E(2) Stjórnandi vinnuvéla, sem réttindi þarf til að stjórna, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	219.000 kr.
Árslaun	2.628.000 kr.

E(3) Aðrir menn í störfum sem falla ekki undir skilgreiningu annarra flokka þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	254.000 kr.
Árslaun	3.048.000 kr.

E(4) Aðrir menn sem falla ekki undir skilgreiningu annarra flokka sem starfa einir eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	203.000 kr.
Árslaun	2.436.000 kr.

Flokkur F. Sjómennska.

Til þessa flokks teljast sjómenn, sem starfa sem skipverjar við útgerð og njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, af þeim launum sem þeir hafa fyrir sjómansstörf. Um önnur störf við útgerð fer eftir flokki B.

Flokkur F skiptist í fimm undirflokka:

F(1) Skipstjóri

Mánaðarlaun	378.000 kr.
Árslaun	4.536.000 kr.

F(2) Stýrimaður og vélstjóri.

Mánaðarlaun	352.000 kr.
Árslaun	4.224.000 kr.

F(3) Matsveinn og bátsmaður.

Mánaðarlaun	314.000 kr.
Árslaun	3.768.000 kr.

F(4) Háseti.

Mánaðarlaun	252.000 kr.
Árslaun	3.024.000 kr.

Reiknað endurgjald í flokkum F(1) – F(4) skal að lágmarki miðast við aflahlut skv. kjarasamningi og hliðstæðar greiðslur til annarra skipverja á sama skipi eða hliðstæðu.

F(5) Skipverji á smábátum, sem kjarasamningar taka ekki til.

Mánaðarlaun	252.000 kr.
Árslaun	3.024.000 kr.

Reiknað endurgjald og greidd laun af aflahlut samtals skulu ekki vera lægra en 40% af aflaverðmæti bátsins.

Við skil á staðgreiðslu er heimilt að miða við fjárhæðir í framangreindum flokkum en á framtali skal reiknað endurgjald ekki vera lægra en viðmiðun við aflaverðmæti tilgreinir.

Flokkur G. Landbúnaður.

Til flokks G teljast bændur sem einir eða með öðrum standa fyrir búrekstri, með eða án aðkeypts vinnuafsls. Standi hjón bæði fyrir búrekstrinum skal reiknað endurgjald hvors hjónanna um sig metið miðað við vinnuframlag hvors um sig við búreksturinn og skiptist rekstrarhagnaður jafnframt á milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir búrekstri með maka sínum, við reksturinn skal meta því endurgjald með hliðsjón af vinnuframlagi þess, metið á sama verði og endurgjald makans, og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir búrekstrinum. Sé búrekstur umfangsmikill og tveir eða fleiri starfsmenn eru á launum auk bóndans og maka hans og barna innan 16 ára skal flokka starfið í flokka B(1) til B(4).

Flokkur G skiptist í þrjá undirflokka:

G(1) Bóndi með sauðfjárrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.

Mánaðarlaun	93.000 kr.
Árslaun	1.116.000 kr.

G(2) Bóndi með kúabú sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.

Mánaðarlaun	121.000 kr.
Árslaun	1.452.000 kr.

G(3) Bóndi sem stendur fyrir öðrum búrekstri, svo sem svínarækt, alifuglarækt, hrossarækt, loðdýrabú, grænmetisrækt og garðplönturækt.

Mánaðarlaun	186.000 kr.
Árslaun	2.232.000 kr.

Flokkur H. Makar og börn.

Maður sem starfar við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi maka síns eða starfar hjá félagi sem maki hans eða nákomnir venslamenn hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar svo og barn sem starfar með sama hætti við atvinnurekstur foreldris.

H(1) Sérfræðingur, sbr. flokk A, sem vinna í sérgrein sinni en standa ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun	379.000 kr.
Árslaun	4.548.000 kr.

H(2) Iðnaðarmaður, sbr. flokk D, sem vinna í iðngrein sinni en standa ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun	203.000 kr.
Árslaun	2.436.000 kr.

H(3) Ófaglærður starfsmaður.

Mánaðarlaun	126.000 kr.
Árslaun	1.512.000 kr.

H(4) Barn, 15 ára.

Mánaðarlaun	88.000 kr.
Árslaun	1.056.000 kr.

H(5) Barn, 13 eða 14 ára.

Mánaðarlaun	76.000 kr.
Árslaun	912.000 kr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 3. málsl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2006.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2006 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2006.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afraksturs eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir, sem falla undir reglur þessar, afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl.vegna tekjuársins 2006 er sem hér segir:

Mjólk	44 kr. hver lítri
Egg	280 kr. hvert kg
Kartöflur	35 kr. hvert kg
Rófur	75 kr. hvert kg
Lambakjöt	320 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé	290 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé	135 kr. hvert kg
Ungnautakjöt	370 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum	240 kr. hvert kg
Folaldakjöt	215 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum	90 kr. hvert kg
Grísakjöt	240 kr. hvert kg
Annað svínakjöt	175 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir	415 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt	230 kr. hvert kg
Fiskur	200 kr. hvert kg

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar.

1. gr.

Stofnun.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar (KÍM) er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn og starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Stofnunin er ekki háð neinum lög- aðilum og mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur í skilningi laga nr. 33/1999.

Stofnendur Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar eru:

Hafnarborg menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, Listasafnið á Akureyri, Listasafn ASÍ, Listasafn Íslands, Listasafn Kópavogs, Listasafn Reykjavíkur, Myndstef, Nýlistasafnið, Samband íslenskra myndlistarmanna og Utflutningsráð. Hver framangreindra stofnenda tilnefnir einn fulltrúa í fulltrúaráð og annan til vara nema Samband íslenskra myndlistarmanna sem tilnefnir fimm fulltrúa og jafn marga til vara.

Stofnfé Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar eru 621.000 kr. sem lagt er fram af menntamálaráðuneyti. Af stofnfé varðveitist á núgildandi verðlagi kr. 621.000 sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtað með tryggilegum hætti. Fjárhagslegar skuldbindingar stofnunarinnar umfram stofnframlag eru stofnendum óviðkomandi.

2. gr.

Markmið.

Markmið Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar er að kynna íslenska myndlist erlendis og auka þátttöku íslenskra myndlistarmanna í alþjóðlegu myndlistarstarfi. Það gerir miðstöðin m.a. með því að:

- a. Eiga frumkvæði að og efna til samstarfs um sýningar á íslenskri myndlist á alþjóðlegum vettvangi.
- b. Þjóða blaðamönnum, sýningarstjórum og öðrum erlendum aðilum til Íslands í því skyni að efla tengsl við alþjóðlegt listaumhverfi.
- c. Taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um vinnustofur og kynningum á listamönnum sem þar dvelja.
- d. Taka þátt í öðru alþjóðlegu samstarfi sem forstöðumaður og stjórn telja að þjóni markmiði starfseminnar.
- e. Eiga frumkvæði að og taka þátt í skipulagningu alþjóðlegra myndlistarviðburða á Íslandi.
- f. Hafa forgöngu um að fyrir hendi sé listamannatal á vefnum í samvinnu við listamenn og samtök þeirra.
- g. Veita ráðgjöf um kynningu á íslenskri myndlist erlendis, t.d. til utanríkisþjónustunnar og annarra er þess óska.
- h. koma upp vef þar sem upplýsingum og kynningum er komið á framfæri og annarri upplýsingastarfsemi sem best þykir hæfa hverju sinni. Ritstjórn og ábyrgð á efni vefsins er á hendi forstöðumanns.

3. gr.

Ársfundur fulltrúaráðs.

Fulltrúaráð Kynningarmiðstöðvarinnar kemur saman til ársfundar, sem skal haldinn fyrir lok maí mánaðar ár hvert. Stjórn boðar til ársfundar bréflaga með minnst 14 daga fyrirvara. Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðið. Rétt til setu á ársfundi fulltrúaráðs hefur einn fulltrúi frá hverjum stofnanda en Samband íslenskra myndlistarmanna hefur rétt á fimm fulltrúum, sbr. 1. gr.

Formaður stjórnar stýrir ársfundum en fundurinn kýs ritara til að rita fundargerðir og skulu þær sendar fundarmönnum. Hverjum fundarmanni er heimilt að fá bókaða stutta greinargerð um afstöðu sína til einstakra mála.

Á ársfundi er tilkynnt um skipun stjórnar sbr. 5. gr.

4. gr.

Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Skýrsla um starfsemi síðasta starfsárs.
- 2) Reikningar liðins árs kynntir.
- 3) Fjárhagsáætlun kynnt.
- 4) Tekin afstaða til aðildargjalda.
- 5) Önnur mál.

Til þess að mál nái fram að ganga á ársfundi þarf að minnsta kosti helmingur fulltrúa að vera á fundi og meiri hluti þeirra að greiða atkvæði með málinu.

5. gr.

Stjórn.

Starfsemi Kynningarmiðstöðvarinnar er á ábyrgð stjórnar og forstöðumanns, sem hún ræður. Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Sambandi íslenskra myndlistarmanna, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu og einn af utanríkisráðuneytinu. Einn fulltrúi skal kosinn á fundi forstöðumanna listasafna, sem aðild eiga að stofnuninni, með einfaldri atkvæðagreiðslu. Forstöðumaður Listasafns Íslands boðar skriflega til fundarins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórnarmenn eru tilnefndir til þriggja ára í senn og mega ekki sitja meira en tvö tímabil. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann, varaformann, ritara og meðstjórnendur til eins árs í senn.

Stjórnin setur reglur sem miða að því að tryggja hæfilega endurnýjun innan hennar. Reglur þessar skulu lagðar fyrir ársfund til samþykktar.

6. gr.

Stjórn Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Hún ræður forstöðumann og þarf samþykki allra stjórnarmanna fyrir þeirri ráðningu.

Stjórnarfundur er ályktunarbær ef formaður og a.m.k. 2 aðrir stjórnarmenn sækja hann. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Halda skal fundargerðir um stjórnarfundum.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárreiðum og fjárvörslu stofnunarinnar og samþykkir fjárhagsáætlun. Allar meiri háttar fjárskuldbindingar eru háðar samþykki stjórnarinnar.

7. gr.

Fagrád.

Í fagráði sitja forstöðumaður, annar tveggja fulltrúa SÍM í stjórn KÍM, skv. tilnefningu stjórnar SÍM og einn úr stjórn KÍM skv. ákvörðun hennar. Fagrád tekur ákvarðanir, f.h. stjórnar, um veitingu styrkja, velur listamenn til þátttöku í alþjóðlegum myndlistarsýningum og öðrum verkefnum sem eru á vegum miðstöðvarinnar. Fagrád skal skipað til tveggja ára í senn.

Forstöðumaður stýrir fundum fagráðs og leggur fyrir það erindi. Fulltrúar í fagráði eru í störfum sínum bundnir fullum trúnaði gagnvart stjórn KÍM.

Verði ágreiningur um afgreiðslu málefnis í fagráði skal skjóta þeim ágreiningi til stjórnar KÍM sem afgreiðir málið endanlega.

Fagrád tilnefnir tvo fulltrúa fyrir hönd stjórnar til ráðgjafar við úthlutun styrkja aldrei þó undir kr. 50.000. Fulltrúarnir hafa atkvæðarétt til jafns við skipaða meðlimi fagnefndar. Fulltrúi má ekki vera í fagnefnd oftari en einu sinni á ári hverju.

8. gr.

Forstöðumaður.

Forstöðumaður er yfirmaður stofnunarinnar í fullu starfi, ráðinn af stjórn hennar til fimm ára í senn. Hann mótar starfsemi stofnunarinnar og er ábyrgur fyrir henni gagnvart stjórn. Hann sér um daglegan rekstur og stjórn fjármála KÍM í umboði stjórnar, vinnur að fjáröflun og undirbýr gerð fjárhagsáætlunar og annast reikningsskil. Hann leggur fjárhagsáætlun fyrir stjórn til samþykktar og er ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórn. Hann ræður annað starfsfólk stofnunarinnar. Í ráðningarsamningi forstöðumanns skal kveðið á um starfstíma og starfskjör að öðru leyti. Ráðning hans skal tilkynnt á ársfundi. Starf forstöðumanns skal auglýst laust til umsóknar í fjölmíðlum. Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfræslis- og tillögurétt nema sérstakar ástæður mæli gegn því, s.s. þegar fjallað er um starfskjör hans.

9. gr.

Um fjárhag og reikningsskil.

Tekjur KÍM, auk vaxta af stofnframlagi, eru framlög frá ríki og öðrum aðilum, sbr. og 11. gr., tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár. Fé stofnunarinnar skal einvörðungu varið til að standa straum af þeim kostnaði sem til fellur við að vinna að markmiðum þeim sem skilgreind eru í 2. gr.

Gera skal einstaklingum og öðrum lögaðilum kleift að gerast styrktaraðilar stofnunarinnar, skv. nánari ákvörðun stjórnar um styrktarmannakerfi.

Forstöðumaður undirbýr gerð fjárhagsáætlunar. Stjórnin gengur frá áætluninni í endanlegri gerð og kynnir hana ársfundi fulltrúaráðs til staðfestingar.

10. gr.

Reikningsár KÍM er almanaksárið. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Forstöðumaður skal í fyrstu viku marsmánaðar ár hvert leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn KÍM til afgreiðslu:

1. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar KÍM skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til a.m.k. tveggja ára í senn. Formaður stjórnar skal sjá til þess að ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti ár hvert.

11. gr.

Stjórnin gerir samning við menntamálaráðuneytið um fjárframlag til rekstrar KÍM. Þá gerir stjórnin samkomulag við ráðuneytið um verkefni sem KÍM tekur að sér fyrir það. Stjórninni er heimilt að gera viðlíka samninga við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir, félag og stofnanir svo fremi sem verkefnin falla að markmiðum KÍM.

12. gr.

Um úrsögn aðila, slit stofnunar og breytingar á skipulagsskrá.

Stofnunin verður einungis lögð niður ef ársfundur fulltrúaráðs samþykkir það með $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða. Verði samþykkt að leggja stofnunina niður skal menntamálaráðuneytið ákveða í samráði við síðustu stjórn KÍM hvernig fara skuli með eigur hennar.

13. gr.

Skipulagsskrá Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar verður því aðeins breytt að $\frac{3}{4}$ fulltrúa á ársfundi fulltrúaráðs samþykki slíkt, enda hafi þess verið getið í fundarboði að tillaga um breytingu á henni verði lögð fram á fundinum. Tillögur um breytingar þurfa að berast stjórn fjórum vikum fyrir aðalfund.

Ef tilskilinn fjöldi fulltrúa er ekki á ársfundi fulltrúaráðs við afgreiðslu á breytingum á skipulagsskrá, skal senda tillögurnar til aðila stofnunarinnar og boða til framhaldsfundar innan mánaðar og ræður þá afl atkvæða um samþykkt þeirra.

14. gr.

Ef ágreiningur rís um skilning á skipulagsskrá þessari sker ársfundur fulltrúaráðs úr um þann ágreining að fenginni umsögn ágreiningsaðila og stjórnar.

15. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og breytingar á henni skulu einnig hljóta staðfestingu sama ráðherra.

16. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlaðist gildi á framhaldsstofnfundi Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar 16. febrúar 2004.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. desember 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hvanneyrar, Ásvegi, Borgarfjarðarsveit. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að í stað einnar íbúðarhúsalóðar og opins svæðis norðvestan Ásvegar verða íbúðarhúsalóðirnar tvær.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar, 27. desember 2005.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Skagafjarðar er skipuð níu sveitarstjórnarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. einnig 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins, vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin með lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúana sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

4. gr.

Önnur verkefni.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta sveitarstjórnar, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og helstu starfsmenn sveitarfélagsins skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga og V. kafla þessarar samþykktar.
5. Að upplýsa íbúa sveitarfélagsins um störf sveitarstjórnar og málefni sveitarfélagsins, svo sem með útgáfu fréttabréfs og bæklinga og almennum borgarafundum. Þá skulu íbúar eiga þess kost að gerast áskrifendur að fundargerðum sveitarstjórnar gegn hæfilegu gjaldi.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnar.

5. gr.

Fundartími sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í mánuði ef mál eru fyrir hendi. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Skal byggðarráð hafa heimild til fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi sveitarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða sveitarstjóra um slíka afgreiðslu, sbr. 44. gr.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati sveitarstjóra og forseta sveitarstjórnar og skylt er að halda aukafundi í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

6. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórninni kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr 2. gr., þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr. Sá sem kveður sveitarstjórn saman til fyrsta fundar getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar.

7. gr.

Boðun sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri, sbr. þó 6. gr., boðar sveitarstjórnarfundu og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki ákveðið það. Íbúum sveitarfélagsins skal kunnngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir.

Dagskrá sveitarstjórnarfunda skal vera aðgengileg, svo sem á heimasíðu sveitarfélagsins, á auglýsingatöflum á þéttbýlisstöðum í sveitarfélaginu, á skrifstofu sveitarfélagsins á afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

8. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við forseta sveitarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 52. gr.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

9. gr.

Hæfi sveitarstjórnarfulltrúa.

Sveitarstjórnarmanni ber að vikja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfs á vegum sveitarstjórnar eða ákvæða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélags.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við þegar sveitarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

10. gr.

Útsending fundarboða.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund hafa sent sveitarstjórnarfulltrúum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

11. gr.

Boðun aukafunda.

Sveitarstjóri skal boða til aukafundar í sveitarstjórn með dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

12. gr.

Kosning forseta og varaforseta sveitarstjórnar.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórninni setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns forseti sveitarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta fulltrúa í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá réttkjörinn forseti sveitarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti sveitarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan forseta.

Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni skal hann víkja og forsetakjör fara fram á ný.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

13. gr.

Kosning skrifara.

Sveitarstjórn kys tvo skrifara og tvo til vara úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórn.

14. gr.

Fundarstaður.

Sveitarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði og almennungi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingar- og skipulagsreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt skal sveitarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á sveitarstjórnarfund.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

15. gr.

Lögmæti sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa er á fundi. Sveitarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

16. gr.

Fundarstjórn.

Forseti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Forseti skal kveðja til varaforseta vilji hann taka þátt í almennum umræðum.

Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að utanaðkomandi aðilar fái að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðun forseta til úrlausnar sveitarstjórnar.

17. gr.

Afgreiðsla dagskrármála á fundi.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

18. gr.

Afgreiðsla mála, tvær umræður.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikning sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára fjárhagsáætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr sveitarstjórnarlaga.

19. gr.

Fundarsókn, varamenn.

Sveitarstjórnarfulltrúa er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföll til sveitarstjóra. Sveitarstjórnarfulltrúi boðar eða lætur sveitarstjóra boða varamann á sveitarstjórnarfund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast í burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir frá því að sitja í sveitarstjórn. Að öðru leyti vísast til 24. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn sveitarstjórnarfulltrúi.

Sveitarstjórn getur heimilað að maður utan sveitarstjórnar kveðji sér hljóðs á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Málfrelsi á sveitarstjórnarfundi.

Sveitarstjórnarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarfulltrúi sem vill taka til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustóli nema forseti leyfi annað.

21. gr.

Takmarkanir á málfrelsi.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ef sveitarstjórnarfulltrúi vill beina fyrirspurn til sveitarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda hana með sama fyrirvara og um tillögu væri að ræða, sbr. 8. gr.

Ekki má sveitarstjórnarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi forseta.

22. gr.

Fundarsköp, vitar á sveitarstjórnarfulltrúa.

Beri sveitarstjórnarfulltrúi aðra menn brigsalum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarfulltrúi sem viltur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Takmarkanir á ræðutíma.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

24. gr.

Meðferð tillagna.

Sveitarstjórnarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

25. gr.

Afgreiðsla mál.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

26. gr.

Atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá sveitarstjórnarfulltrúa sem samþykka mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarfulltrúi greiðir atkvæði fyrstur við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarfulltrúi þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei, eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er sveitarstjórnarfulltrúa að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarfulltrúi óskar og sveitarstjórn samþykkir.

27. gr.

Úrslit atkvæðagreiðslu.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og forsetakjör.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar.

28. gr.

Fundarritun, fundargerð.

Fundargerðir sveitarstjórnarfundum skal rita í gerðabók í samræmi við fundarsköp sveitarstjórnarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að ráða sér fundarritara.

Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu undirrita fundargerðir sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Fundargerðir skulu skráðar í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar.

Sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fulltrúi hvers framboðs setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók sveitarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 3. mgr. 14. gr., skal skrá sem trúnaðarmál.

Sveitarstjórnarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í sveitarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir sveitarstjórnarfulltrúar undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Umræður á sveitarstjórnarfundum skulu hljóðritaðar. Sveitarstjóri skal sjá til þess að fundir séu hljóðritaðir og að hljóðrit séu geymd með tryggilegum hætti. Aðgangur að hljóðritunum sveitarstjórnarfunda er öllum heimill á opnunartíma skrifstofu sveitarfélagsins.

Fundargerðir sveitarstjórnar, ráða og nefnda skulu færðar á heimasíðu sveitarfélagsins að loknum fundi.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa.

29. gr.

Fundarseta.

Sveitarstjórnarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 19. gr. Hver sveitarstjórnarfulltrúi er skyldur að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í byggðarráði eða öðrum nefndum á vegum sveitarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í byggðarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

30. gr.

Hagsmunir sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarfulltrúa ber að gegna sveitarstjórnarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

31. gr.

Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur.

Sveitarstjórnarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er samkvæmt lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhags-áætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

32. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal eiga aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

33. gr.

Þagnarskylda.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar.

34. gr.

Lausn úr sveitarstjórn.

Nú telur sveitarstjórnarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Verði sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

35. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn setur reglur skv. 1. mgr. ásamt reglum um ferðakostnað fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og nefndamenn.

36. gr.

Orlof og fundartími.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 5. gr.

37. gr.

Fjarvera vegna veikinda, varamenn.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast um stundarsakir frá því að sitja í sveitarstjórn.

38. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna eiga einnig við um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórn.

IV. KAFLI

Byggðarráð, aðrar nefndir og stjórnir.

39. gr.

Kosning í ráð, nefndir og stjórnir.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í ráð, nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar þess. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

40. gr.

Kosning í byggðarráð.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í byggðarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í byggðarráð. Hafi framboð sem fær mann kjörinn í byggðarráð aðeins einn aðalmann í sveitarstjórn er þó heimilt að kjósa 1. varamann þess framboðs sem varamann í byggðarráði.

Sveitarstjóri á sæti í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarfulltrúi og kjörinn í byggðarráð.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en hefur ekki fengið kjörinn byggðarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Skylt er sveitarstjórn að gefa fulltrúum flokks/framboðsaðila sem sæti á í sveitarstjórn kost á setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 44. gr.

41. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fundi vikulega. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

42. gr.

Undirbúningur og boðun byggðarráðsfunda.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra forföll og boðar hann þá varamann hans á fund.

Geti hvorki aðalmaður eða varamaður sótt fundi í byggðarráði er þeim kjörna fulltrúa af sama framboðslista heimilt að taka sæti í byggðarráði í þeirri röð sem þeir voru kjörnir, þrátt fyrir ákvæði 40. gr. um kjörgengi í byggðarráð.

43. gr.

Kosning formanns og varaformanns byggðarráðs.

Á fyrsta fundi nýkjörins byggðarráðs skal kjósa formann og varaformann byggðarráðs. Formaður skal valinn úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna. Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðs.

44. gr.

Byggðarráð.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála- stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur umsjón með stjórn- sýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélagsins að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna, ráða og nefnda og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér

byggðarráðið um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir, ásamt ársreikningum stofnana sveitarfélagsins, lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Byggðarráð fer jafnframt með stjórn eignasjóðs og málefni hans.

Formaður byggðarráðs tekur ákvörðun um hvaða mál frá nefndum þurfi umfjöllunar við í byggðarráði áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Í sumarleyfi sveitarstjórnar er byggðarráði þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, sbr. 5. gr., enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þó ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmaður óskar þess.

Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar.

Heimilt er að bóka afgreiðslur viðkvæmra mála í sérstaka trúnaðarbók.

45. gr.

Starfsmenn á fundi byggðarráðs.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað.

46. gr.

Boðun nefndarfunda.

Sveitarstjóri boðar nefndir saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema ákvörðun sveitarstjórnar eða lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. Heimilt er þó að boða til fundar með styttri fyrirvara ef brýna nauðsyn ber til.

Fundir skulu að jafnaði boðaðir með dagskrá.

47. gr.

Fundarseta.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá er tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

48. gr.

Lokaðir fundir.

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

49. gr.

Fundarstjórn.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

50. gr.

Hlutverk og valdsvið ráða, stjórna og nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn.

51. gr.

Fundargerðarbækur.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í tölvu eða gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundurinn er haldinn og hverjir sitja hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

52. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Fundargerðir sem innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðs og sveitarstjórnar eru lagðar fram til kynningar.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér aukin útgjöld eða tekjur umfram áður veittar heimildir skal ætíð lögð fyrir byggðarráð og síðan sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

53. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir. Tilnefningar og kosningar.

Sveitarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Forseti sveitarstjórnar.* Kjörinn skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Fyrsti varaforseti sveitarstjórnar.*
3. *Annar varaforseti sveitarstjórnar.*
4. *Skrifarar sveitarstjórnar.* Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa.
5. *Byggðarráð.* Þrír aðalfulltrúar úr sveitarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, hefur á hendi alla fjármálalega umsýslu og ber ábyrgð á stjórnarsýslu og áætlanagerð sveitarfélagsins.
6. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

7. *Undirkjörstjórnir*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórn hveftrar kjördeildar sem eru á Hofsósi, Hólum, Sauðárkróki, í Skagaseli, Fljótum, á Steinsstöðum, í Varmahlíð og á Heilbrigðisstofnun Skagafjarðar.
- B. Fastanefndir kosnar **til fjögurra ára**. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Skoðunarmenn skulu þó kosnir á fyrsta fundi skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga.
 1. Fjölskyldu- og þjónustusvið:
 - 1.1. *Fræðslu- og menningarnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina. Skulu þeir allir vera aðalmenn eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með verkefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1997, verkefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994, verkefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, verkefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 80/1996 auk samstarfs við menntastofnanir, fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Nefndin fer og með málefni bókasafna samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997, málefni skjalasafna samkvæmt lögum nr. 66/1985 og verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum nr. 88/1989. Nefndin fer með málefni félagsheimila og almennt með menningarmál í sveitarfélaginu. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
 - 1.2. *Félagsmála- og tómstundanefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðalmenn eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og skal hún halda a.m.k. þrjá fundi á ári þar sem jafnréttismál eru aðalmál, verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, málefni félagsþjónustu eins og þau eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, málefnum fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og með öldrunarmálum samkvæmt lögum um málefni aldtraða nr. 125/1999. Nefndin fer með íþrótt- og æskulýðsmál, auk þess með vinnumál og heilbrigðismál. Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um afgreiðslur félagsmálastjóra sem ekki þurfa staðfestingu nefndarinnar. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
 - 1.3. *Barnaverndarnefnd*. Skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn Skagafjarðar kýs fjóra en hreppsnefnd Akrahrepps kýs einn fulltrúa skv C-lið þessarar greinar. Verkefni barnaverndarnefndar eru samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.
 2. Umhverfis- og tæknisvið:
 - 2.1. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með byggingar- og skipulagsmál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um afgreiðslur byggingarfulltrúa sem ekki þurfa staðfestingu nefndarinnar. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
 - 2.2. *Landbúnaðarnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Verkefni nefndarinnar eru m.a. að sjá um framkvæmd laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og hafa yfirumsjón með fjallskilamálum í samræmi við ákvæði fjallskilareglugerðar Skagafjarðarsýslu nr.

488/1998. Undir starfssvið nefndarinnar falla lög um landgræðslu nr. 17/1965. Nefndin hefur umsjón með eyðingu refa og minka samkvæmt lögum nr. 64/1994. Nefndin hefur umsjón með þeim jarðeignum sveitarfélagsins sem nýttar eru til landbúnaðar. Nefndin gerir tillögu um kosningu í Skarðsárnefnd samkvæmt samningi þar um. Einnig hefur nefndin eftirlit með girðingum skv. 37. og 39. gr. vegalaga nr. 45/1994. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfum.

2.3. *Samgöngunefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með hafnamál samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 og samgöngumál almennt í sveitarfélaginu. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

2.4. *Umhverfisnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með málefni sem varða náttúruverndarlög nr. 44/1999 og heilbrigðismál samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Umhverfisnefnd vinnur að mótun umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið. Við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana skal leita eftir umsögn nefndarinnar í þeim málum sem hana varðar. Þá skal skipulags- og byggingarnefnd hafa samráð við nefndina um aðra deiliskipulagsvinnu varðandi málefni sem heyra undir umhverfisnefnd í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 441/1998. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

3. Markaðs- og þróunarsvið:

3.1. *Atvinnu- og ferðamálanefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fjallar um atvinnu- og ferðamál í Skagafirði og skal móta stefnu í þeim málaflokkum og forgangsraða aðgerðum sem nefndin telur brýnast á hverjum tíma. Einnig skal nefndin hafa yfirsýn yfir atvinnulíf í Skagafirði, fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum sveitarfélagsins og taka þátt í umræðu um atvinnumál af hálfu sveitarfélagsins og stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun í Skagafirði. Ennfremur skal nefndin greina leiðir til þess að efla atvinnulíf á svæðinu og skal í því skyni hafa náðið samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem hafa með atvinnumál að gera svo og við mennta- og rannsóknarstofnanir. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

Fundargerðir fastanefnda skal afgreiða á fundum sveitarstjórnar.

C. Kosningar í stjórnir, samstarfsnefndir og ráð **til fjögurra ára:**

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Aðal- og varamenn samkvæmt lögum Sambandsins.
2. *Ársþing SSNV*. Aðal- og varamenn samkvæmt lögum samtakanna.
3. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
4. *Aðal- og hluthafafundir Húseigna Skagafjarðar*. Þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. *Aðal- og hluthafafundir Skagafjarðarveitna*. Níu aðalmenn og níu til vara.
6. *Húsnæðissamvinnufélag Skagafjarðar*. Einn fulltrúi og annar til vara.
7. *Kjaranefnd*. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
8. *Starfskjaranefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt kjarasamningi frá 1. maí 1992.

9. *Starfsmenntunarsjóður*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt kjarasamningi frá 1. maí 1992.
10. *Almannavarnanefnd*. Sveitarstjórn kýs tvo aðalfulltrúa og tvo til vara.
11. *Stjórn Dvalarheimilis á Saudá*. Tveir fulltrúar.
12. *Þjómustuhópur aldraðra*. Tveir fulltrúar.
13. *Úttektarmenn*. Tveir úttektarmenn og tveir til vara.
14. *Stjórn Hestamiðstöðvar Íslands*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
15. *Fulltrúaráð Hestamiðstöðvar Íslands*. Einn fulltrúi.
16. *Framkvæmdastjórn Byggðasögu*. Einn aðalmaður og annar til vara.
17. *Utanfararsjóður sjúkra í Skagafirði*. Þrír fulltrúar.
18. *Stjórn Minningarsjóðs Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
19. *Styrktarsjóður Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur*. Tveir fulltrúar.
20. *Stjórn Skógræktarsjóðs Skagfirðinga*. Þrír fulltrúar.
21. *Samstarfsnefnd með Akrahreppi*. Tveir fulltrúar.
22. *Stjórn Menningarseturs Skagafjarðar í Varmahlíð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
23. *Samvinnunefnd svæðisskipulags miðhálandis Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara.
24. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
25. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara (sjá B-lið tölul. 1.3).

Nefndir tilgreindar í 22.–25. tölul. þessarar greinar eru sameiginlegar fyrir Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð í samræmi við samkomulag við Akrahrepp um hvernig að kosningum skuli staðið.

Fundargerðir framantalinna nefnda, þ.e. í C-lið, að barnaverndarnefnd undanskilinni, skulu fara til umfjöllunar og afgreiðslu í byggðarráði.

54. gr.

Nefndir er vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum.

Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr ef verkefni þeirra er lokið. Í slíkum nefndum skal ætíð sitja minnst einn aðal- eða varafulltrúi í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjóra og starfslið sveitarfélagsins.

55. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

56. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og æðsti yfirmaður starfsliðs þess, fyrirtækja og stofnana. Sveitarstjóri undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dag-skrá og boðar til funda skv. 7. gr. Hann á sæti á fundum byggðarráðs/sveitarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur eða aðrar skuldbindingar sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Sveitarstjóra er heimilt með samþykki sveitarstjórnar að veita öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórn ákveður hver skuli gegna störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

57. gr.

Ráðning starfsmanna.

Sveitarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, svo sem yfirmenn stofnana og sviða sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum að fengnum tillögum frá viðkomandi nefndum eftir því sem við getur átt.

Yfirmenn sviða og stofnana, í samráði við sveitarstjóra, ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 1. mgr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

Um starfskjör, réttindi og skyldur fastráðinna starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

58. gr.

Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja sveitarfélagsins og stofnana fyrir upphaf viðkomandi fjárhagsárs að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn, sbr. 18. gr.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga sveitarfélagsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Fjárhagsáætlunin skal vera rammaáætlun. Sveitarstjórn setur reglur um vinnslu og framkvæmd fjárhagsáætlana.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

59. gr.

Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórn.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra

útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu í sveitarstjórn, enda hafi breytingartillögur verið sendar sveitarstjórnarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

61. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins og skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Miklar fjárfestingar.

Hyggist sveitarstjórn ráðast í fjárfestingar og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í henni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrrihuguðum verkþíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða. Jafnframt skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

63. gr.

Skil fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

64. gr.

Afgreiðsla ársreikninga.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu fyrir lok aprílmánaðar. Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningi skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

VII. KAFLI

Afbrigði og breytingar á samþykkt.

65. gr.

Afbrigði frá samþykkt.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur sveitarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til ef meirihluti sveitarstjórnarmanna samþykkir það.

66. gr.

Breytingar á samþykkt.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í sveitarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem samin er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar, nr. 344/2002, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. desember 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Lárus Bollason.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Austurbyggð.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í Austurbyggð sbr. 2. gr. stafl. b samþykktu um hunda- og kattahald í Austurbyggð er 8.570 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Handsömunargjald sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera 4.410 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 8.570 kr. ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda kött í Austurbyggð sbr. 8. gr. stafl. b samþykktu um hunda- og kattahald í Austurbyggð er 2.815 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Austurbyggðar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að taka gildi nú þegar.

Framangreind gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn Austurbyggðar, þann 22. desember 2005.

F.h. Austurbyggðar, 23. desember 2005.

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Austurbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Austurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	kr. 8.295 á hvert sorphlát.
Sorpeyðingargjald	kr. 7.140 á hvert sorphlát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Austurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2006. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1087/2004.

F.h. Austurbyggðar, 23. desember 2005.

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur.

Samkvæmt lögum nr. 40 frá 30. maí 2001 og orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur, nr. 683, 25. september 2000, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 5,0%.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. desember 2005.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vísindasjóð samtaka psoriasis- og exemsjúklinga (VSPOEX).

1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið Vísindasjóður Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga (VSPOEX). Heimilisfang og varnarþing sjóðsins eru í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 700.000 kr. sem er 200.000 kr. framlag Bárðar Sigurgeirssonar húðsjúkdómalæknis og 500.000 kr. framlag Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga. Gjafir og önnur framlög í sjóðinn skulu leggjast við höfuðstól. Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt. Við úthlutun styrkja skal höfuðstóll ávallt standa óskertur. Falli úthlutun úr sjóðnum niður, samanber 5. gr., er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa þeirri upphæð við næstu úthlutun eða leggja hana að öðrum kosti við höfuðstól.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á psoriasis og exemsjúkdómum á Íslandi.

4. gr.

Í stjórn sjóðsins sitja 5 menn sem eru skipaðir á eftirfarandi hátt. Einn er formaður stjórnar SPOEX, annar tilnefndur af Félagi íslenskra húðlækna (FÍH), sá þriðji tilnefndur af Landlækni, sá fjórði húðlæknir tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands. Fimmti aðilinn á að öllu jöfnu að vera virtur vísindamaður sem er ekki félagi í FÍH og er tilnefndur af Landspítala-háskólasjúkrahúsi. Þurfi einhver stjórnanna sjóðsins að víkja sæti vegna hagsmunaárekstra eða annarra óviðráðanlegra ástæðna skal stjórn tilnefna varamann í hverju tilviki. Stjórn Vísindasjóðsins situr til fjöggra ára. Hún skiptir sjálf með sér verkum og setur sér starfsreglur. Stjórninni er heimilt að kveðja til utanaðkomandi aðila til að meta umsóknir ef þurfa þykir. Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Stjórn Vísindasjóðsins fer með málefni hans og tekur ákvörðun um úthlutun. Styrkir skulu veittir árlega og er sjóðstjórn heimilt að úthluta allt að 3 styrkjum árlega. Úthlutun skal auglýst í fréttabréfi SPOEX, minnst 6 vikum áður en umsóknarfrestur rennur út. Umsókn skal skilað á eyðublaði Vísindasjóðsins og eru einungis teknar gildar umsóknir þar sem allar umbeðnar upplýsingar liggi fyrir. Styrk úr Vísindasjóðnum geta hlotið allir þeir aðilar sem stunda rannsóknir á psoriasis eða exemsjúkdómum hérlendis og eru meðlimir í FÍH og einnig þeir aðilar sem vinna að samstarfsverkefnum með félagsmönnum í FÍH og skal þá félagi í FÍH vera meðumsækjandi.

Styrkþegar skulu skila framvinduskýrslu árlega og lokaskýrslu að loknu verkefni. Skýrslur þessar skulu birtar í fréttabréfi SPOEX.

Áður en samþykktur styrkur er veittur þarf að liggja fyrir samþykki vísindasiðanefndar, Persónuverndar og Lyfjastofnunar eftir því sem við á.

Veittur styrkur fellur niður hafi umsækjandi ekki leyst hann út innan árs frá veitingu. Stjórn sjóðsins getur í undantekningartilfellum vikið frá þessu ákvæði séu góð rök færð fram þar að lútandi.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður úthlutun að hluta eða öllu leyti, ef ekki berast neinar hæfar umsóknir, enda sé sú ákvörðun rökstudd í gerðabók sjóðsins.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnframlag og aðrar tekjur samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er sama og SPOEX. Löggiltur endurskoðandi fer yfir reikninga og áritar. Endurskoðaðir reikningar og skýrsla um ráðstöfun fjár á árinu skulu send Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður einungis breytt af stjórn Vísindasjóðsins og þurfa fjórir af fimm stjórnarmönnum að samþykkja breytingarnar. Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis á slíkum breytingum.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal stjórnin ráðstafa eignum hans til rannsókna á húðsjúkdómum og til líknarmála er varða húðsjúklinga samkvæmt samþykki dómsmálaráðuneytis.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. desember 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndis Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

**fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu
og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.**

Vatnsgjald.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Gjalddagar.

3. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

Notkunargjald.

4. gr.

Notkunargjald er 16,80 kr./m³ miðað við vísitölu byggingakostnaðar 316,7 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Mælaleiga.

5. gr.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	3.963 kr.
20-24 mm	5.285 kr.
25-31 mm	6.606 kr.
32-39 mm	7.928 kr.
40-49 mm	10.570 kr.
50-74 mm	31.711 kr.
75-99 mm	34.354 kr.
100 mm og stærri	36.996 kr.

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 316,7 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Heimæðargjald.

6. gr.

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	119.195 kr.	2.578 kr./m
40 mm	154.953 kr.	2.721 kr./m
50 mm	209.186 kr.	2.865 kr./m
63 mm	292.861 kr.	3.008 kr./m
75 mm	410.006 kr.	3.151 kr./m
90 mm	495.814 kr.	3.295 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingakostnaðar 316,7 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

7. gr.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 198/2005.

Ísafjarðarbæ, 15. desember 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 14.200
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr. 19.100
Bráðabirgðaleyfi	kr. 2.850

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 14.000
-------------	------------

4. gr.

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr. 7.000
Önnur afhending hunds	kr. 14.400
Þriðja afhending hunds	kr. 21.000
Fyrsta afhending hunds án leyfis	kr. 16.700

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ nr. 64/2005.

Ísafjarðarbæ, 15. desember 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af köttum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um kattahald nr. 925/2003.

2. gr.

Við leyfisveitingu katta skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting kr. 1.650

3. gr.

Af leyfðum köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn köttur kr. 1.650

4. gr.

Greiðslur vegna merkinga og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ nr. 83/2005.

Ísafjarðarbæ, 15. desember 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A)	Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorphreinsigjald	kr. 9.700 á íbúð
		Sorpeyðingargjald	<u>kr. 10.300 á íbúð</u>
		Sorphirðugjöld alls	kr. 20.000 á íbúð

Sumarbústaðir og íbúðarhúsnæði með ákvæði

um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu:

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.
0	0
1	11.000
2	22.000
3	44.000
4	88.000
5	132.000
6	220.000
7	308.000
8	506.000
9	770.000
10	1.012.000
11	19 kr./kíló

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 9 kr. fyrir hvert kíló. Fyrir förgun óbrennanlegs sorps skal greiða sérstaklega 11 kr. fyrir hvert kíló. Fyrir förgun olíumengaðs jarðvegs skal greiða sérstaklega 2.815 kr. fyrir hvert tonn. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajárni á móttökustað í FUNA.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B-lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 89/2005.

Ísafjarðarbæ, 15. desember 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

SAMÞYKKT

um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Kattahald í þéttbýlisstöðunum í Sveitarfélaginu Árborg sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu undanþágu frá 1. gr. samþykktar um kattahald. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

3. gr.

Þeir sem óska eftir leyfi til kattahalds skulu sækja um það á skrifstofu áhaldahússins á Selfossi eða á Þjónustuskrifstofuna á Eyrarbakka og þar fær eigandi hans afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins.

Við skráningu skal eigandi/umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu og spóluormahreinsun kattarins, samanber 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

Greiða skal skráningargjald, sem nemur sannarlegum kostnaði vegna skráningar kattarins.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

4. gr.

Skilyrði fyrir kattahaldi í fjöleignarhúsum, er að hlutaðeigandi íbúðareigendur samþykki í samræmi við ákvæði laga nr. 26/1994, með síðari breytingum, og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu kattarins.

5. gr.

Kettir skulu ekki vera lausir útivið í þéttbýli og er eigendum og/eða forráðamönnum skylt að gæta þess að kötturinn valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Sérstaklega eru kattareigendur beðnir að gæta þeirra með tillit til fuglalífs á varptímanum.

Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

6. gr.

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili.

7. gr.

Eigi er leyfilegt að hafa ketti í opinberum stofnunum, skólahúsum, matvöruverslunum eða öðrum þeim stöðum sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, matvælafyrirtækjum samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og

hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1999, með síðari breytingum, eða vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 7 sólarhringa áður en þeim er lógað. Sé kvartað undan ágangi katta í sveitarfélaginu er dýraeftirlitsmanni heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum köttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

Merktir kettir sem lenda á flækingi skulu handsamaðir af dýraeftirlitsmanni. Hafi kattarsins ekki verið vitjað innan 7 daga af réttum eiganda og hann greitt áfallinn kostnað vegna handsömunar og vörslu dýrsins, skal dýrinu lógað. Við endurtekna handsömun sama kattar skal að auki greiða sekt samkvæmt gjaldskrá.

9. gr.

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast dýraeftirlitsmaður á hennar vegum, framkvæmd og eftirlit með kattahaldi í Sveitarfélaginu Árborg. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef köttur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili kattarsins tálmi starf eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almanna-hagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valdi því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýrið. Að öðru leyti starfar dýraeftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

10. gr.

Gjald samkvæmt 3. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 8. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

11. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

12. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 726/2003.

Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Þingeyjarsveitar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, að jafnaði fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að öllu jöfnu hefjast kl. 11.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem á heimasíðu sveitarfélagsins, í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Fundargerðir sveitarstjórnar skulu ávallt vera aðgengilegar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim að jafnaði í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu eða heimasíðu sveitarfélagsins, á skrifstofu þess á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddvitar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundu skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnaði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigsalum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskráartillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum

tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddviti að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af údrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir sveitarstjórnarmenn sem fundinn sitja undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skulu þeir allir setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmaet forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarstjórninni fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir

innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla samkvæmt lögum nr. 78/1994, 66/1995 og 75/1985. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
2. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um málefni félagsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, málefni aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000, forvarnir, þ.e. áfengis- og vímuvarnir, samkvæmt lögum um Lýðheilsustöð nr. 18/2003 og um húsnæðismál samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
3. *Markaðs- og atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um markaðs-, atvinnu-, ferða- og orkumál. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
4. *Skipulags- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um skipulagsmál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og um umhverfis- og hreinlætismál í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samkvæmt samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra frá árinu 2002. Nefndin fjalli einnig um málefni slökkviliða og brunavarna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
5. *Landbúnaðarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um málefni landbúnaðarins, svo sem um búfjárhald og forðagæslu samkvæmt lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, um fjallskil samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar 1996, um skógrækt og landgræðslu samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og um samgöngur samkvæmt vegalögum nr. 45/1994. Nefndin hefur umsjón með refa- og minkaleyðingu samkvæmt reglugerð um refa- og minkaveiðar nr. 437/1995 og með búfjárgirðingum samkvæmt girðingarlögum nr. 135/2001. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
6. *Æskulýðs- og íþróttanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um æskulýðs- og íþróttamál í sveitarfélaginu, meðal annars samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998 og lögum um æskulýðsmál nr. 24/1970. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
7. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um menningarmál í sveitarfélaginu, meðal annars samkvæmt lögum um félagsheimili nr. 107/1970 og lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.

8. *Fasteignanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um fasteignir í eigu sveitarfélagsins, kaup, viðhald, nýbyggingar, gjaldskrár o.fl. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
 9. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 10. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 11. *Fjallskilastjórar*. Fimm fjallskilastjórar eru í Þingeyjarsveit, einn fyrir hverja deild og einn til vara skv. 40. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
 12. *Búffjäreftirlitsnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 103/2002.
- B. Til fjögurra ára.** Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir samkvæmt sérstökum samningum:
1. *Þjónustuhópur við aldraða*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
 2. *Skipulags- og byggingarnefnd Suður-Þingeyinga*. Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 3. *Héraðsnefnd Þingeyinga*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. samþykktar um héraðsnefnd Þingeyinga, sbr. 81. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
- C.** Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar á aðild að eftirtöldum nefndum sem starfa á vegum héraðsnefndar Þingeyinga og er kosið til þeirra á vettvangi hennar:
1. *Almannavarnarnefnd*, sbr. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 2. *Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
 3. *Náttúruverndarnefnd*, sbr. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
 4. *Skólaþjónustunefnd*, sbr. 5. gr. samþykktar um héraðsnefnd Þingeyinga.
- D.** Sveitarstjórn gerir þegar það á við tillögur um menn í stjórn eða varastjórn í eftirtöldum félögum sem kosnir eru á aðalfundum þeirra:
1. *Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga*.
 2. *Dvalarheimili aldraðra sf. í Þingeyjarsýslu*.
 3. *Eyþing*.
 4. *Fosshóll ehf.*
 5. *Iðnbær ehf.*
 6. *Fasteignafélagið Fosshóli ehf.*
 7. *Sorpsamlag Þingeyinga*.
 8. *Tjarnir hf.*
 9. *Tröllasteinn ehf.*
 10. *Veiðifélag Dalsár*.
 11. *Veiðifélag Fnjóskár*.
 12. *Veiðifélag Reykjadalárs*.
 13. *Þeistareykir ehf.*
 14. *Hrafnabjargavirkjun hf.*
 15. *Greið leið ehf.*

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra Þingeyjarsveitar. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóds. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Sveitarstjóra er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Sveitarstjóri eða sveitarstjórn gerir ráðningarsamninga við lausráðna starfsmenn. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

58. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóds, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir næsta ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammur um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

63. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. desember 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

María Sæmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um deiliskipulag athafnasvæðis á Tungumelum í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir athafnasvæði á Tungumelum í Mosfellsbæ.

Í deiliskipulaginu felst að á 33 ha svæðis á Tungumelum er gert ráð fyrir 22 athafnalóðum. Lóðastærðir eru á bilinu 3.872 m² - 33.179 m². Hámarkshæð bygginga er á bilinu 10 - 18 m. Nýtingarhlutfall er á bilinu 0,3 - 0,5.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 28. desember 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grindavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur þann 14. desember 2005 samþykkt deiliskipulag við Hafnargötu í Grindavík.

Deiliskipulagið afmarkast af Mánagötu, Ránargötu og Hafnargötu. Skipulagið felur í sér stækkun tveggja verslunar- og þjónustulóða og minnkun á almenningsgarði.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkur, 28. desember 2005.

Benedikt Ingi Sigurðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,10% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Í þeim tilvikum sem Garðabær nýtir heimild samkvæmt 14. gr. samþykta um fráveitu sveitarfélagsins til að innheimta stofngjald skal það nema kr. 99.730. Gjaldið skal breytast í janúar ár hvert m.v. byggingarvísitölu og skal grunnvísitala vera byggingarvísitala í janúar 2005 304,7 stig.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 22. desember 2005, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2006.

Garðabæ, 22. desember 2005.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir rotþróargjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ þar sem fráveituvatn frá fráæsum húseigna er leitt í rotþrær skal greiða árlega rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu, sbr. 18. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

2. gr.

Álagningarstofn rotþróargjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Rotþróargjald skal nema 0,10% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki rotþróargjald. Gjald dagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Rotþróargjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur rotþróargjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs rotþróargjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 22. desember 2005, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2006.

Garðabæ, 22. desember 2005.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaðarhlutdeild við rekstur endurvinnslustöðva.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 11.500 á hverja íbúð.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 2006.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 22. desember 2005.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 150.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ frá árinu 1991, gildir frá 1. janúar 2006.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 22. desember 2005.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Skálalæk í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 14. september 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Skálalæk í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Breytingin felst í að hámarksstærð húsa á lóðum undir 4500 m² verði 180 m² að meðtalinni geymslu. Á stærri lóðum verði hámarksstærð 250 m². Byggingarefni verði frjálst, leyfð mænishæð 5 metrar og 3,8 metrar á geymslum. Ekki verður leyft að byggja einhallapök, valmapök, kúlupök eða bogapök.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 16. desember 2005.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um deiliskipulag á svæði 6, lóðir 54 og 55, í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. nóvember 2005 samþykkt deiliskipulag á svæði 6, lóðir 54 og 55, í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið felur í sér að að fjölgað er um tvær lóðir á svæði 6. Á hvorri lóð má reisa 1 - 1½ hæðar hús. Hámarksstærð 150 m² og hámarkshæð 6 metrar. Heimilt að reisa 20 m² gestahús innan byggingareits. Hámarkshæð gestahúss verður 4 metrar. Reisa má bátaskýli með lágum þakhalla á báðum lóðum. Hámarksstærð bátaskýlis verður 50 m². Gert er ráð fyrir 3 bílastæðum á hvorri lóð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 27. desember 2005.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda, 4. áfanga í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. nóvember 2005 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda, 4. áfanga, í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi.

Breytingin felst í að lóð nr. 74 er felld niður og sameinuð opnu svæði vestan hennar. Opið svæði austan lóðar nr. 83 og ofan lóðar nr. 70 er sameinað í eitt opið svæði.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grund, 30. desember 2005.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Suðurnes.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, nr. 451, 20. júní 2003, með síðari breytingum. Allir liðir 3. gr. hækki um 4%.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Guðjón Axel Guðjónsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar, nr. 453, 20. júní 2003, með síðari breytingum. Allir liðir 3. gr. hækki um 4%.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Guðjón Axel Guðjónsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir heitt vatn, nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir viðeigandi gjaldskrárliðir hækka um 4,8%.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Guðjón Axel Guðjónsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Valla 3. áfanga, Kirkjuvellir 7, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 5. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 3. áfanga, Kirkjuvellir 7 í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að á lóðinni nr. 7 við Kirkjuvelli verður heimilt að reisa 6 hæða byggingu í stað 5 hæða. Íbúðafjöldi verður 23 í stað 20. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 21. desember 2005.

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Kirkjuvellir 3 og Einivellir 5, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar þann 24. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Kirkjuvellir 3 og Einivellir 5. Breytingin felst m.a. í, að fyrirhugað hús á lóðinni nr. 3 við Kirkjuvelli verður 7 hæðir í stað 6 og íbúðir verða 27 í stað 24. Fjöldi bílastæða verður a.m.k. 48. Einivellir nr. 5, fyrirhugað hús á lóðinni verður 5 hæðir í stað 3 og íbúðir verða 20 í stað 9 – 12 íbúða. Gert er ráð fyrir 30 bílastæðum, þar af 12 í bílgeymslu neðanjarðar. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 21. desember 2005.

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi, Hellnahraun – athafnasvæði, 1. áfangi, lóðin Íshella 5a í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 12. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Íshella 1-5a í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðinni 5a er skipt í 2 lóðir, lóð nr. 5a og 5b. Kvöð um gegnumakstur er á lóð 5a. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 21. desember 2005.

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Valla 3. áfanga, Eskivellir nr. 1, 3, 7, 9 og Dreka­vellir 26, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 9. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 3. áfanga, Eskivellir 1, 3, 7, 9 og Dreka­vellir 26, Hafnarfirði. Breytingin felur m.a. í sér að hús við Eskivelli 1, 3, 7, 9 og Dreka­velli 26 hækka um eina hæð. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 22. desember 2005.

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

AUGLÝSING

um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 56.000.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 33.500 krónur að lágmarki og 335.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda í aksturskeppni skuli vera 5.600.000 krónur við dauða eða 100% örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem er tekin samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2006.

Samgönguráðuneytinu, 30. desember 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

GJALDSKRÁ

Ferðamálastofu.

1. gr.

Gjöld samkvæmt 27. gr. laga um skipan ferðamála nr. 73/2005.

Fyrir útgáfu starfsleyfa og skráningu á starfsemi skal greiða:

Ferðaskrifstofuleyfi	15.000 kr.
Ferðaskipuleggjandaleyfi	10.000 kr.
Skráning á starfsemi	7.500 kr.

2. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 27. gr. laga um skipan ferðamála nr. 73/2005, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 30. desember 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2004.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtir dráttarvextir	227.813.906
Innheimtuþóknun vegna erlendrar innheimtu	4.567.619
Önnur innheimtuþóknun	6.573.962
Endurkrafinn fjárnámskostnaður	<u>10.579.870</u>
	<u>249.535.357</u>
Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	105.879.387
Annar rekstrarkostnaður	<u>55.175.062</u>
	<u>161.054.449</u>
Afskriftir	490.493
	<u>161.544.942</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	87.990.415
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<u>4.867.769</u>
Rekstrarniðurstaða	92.858.184

Efnahagsreikningur 31. desember 2004.

Eignir:	
Fastafjármunir	18.715.818
<i>Veltufjármunir:</i>	
Meðlagskröfur til innheimtu	9.988.305.237
Óinnheimtar kröfur	4.217.596
Handbært fé	<u>63.857.066</u>
Eignir samtals	10.075.095.717
Eigið fé og skuldir:	
<i>Eigið fé:</i>	
Framlag Jöfnunarsjóðs	7.990.529.358
Annað eigið fé	<u>1.919.919.894</u>
Eigið fé samtals	<u>9.910.449.252</u>

Lífeyrisskuldbinding 97.307.027

Skammtímaskuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	50.000.000
Félagsmálaráðuneytið	13.610.321
Erlendar innheimtur	1.481.595
Ógreiddur kostnaður	<u>2.247.522</u>
	<u>67.339.438</u>

Skuldir og lífeyrisskuldbinding samtals 164.646.465

Eigið fé og skuldir samtals 10.075.095.717

Reykjavík, 18. apríl 2005.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga,

Sigurgeir Sigurðsson,

Gestur Kr. Gestsson,

Stefanía Traustadóttir.

Hilmar Björgvinsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sveitarfélagsins Voga samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunar-fyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 18.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bærarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bærarstjórnar og bærarstjóra og skylt er að halda aukafund í bærarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bærarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá bærarfulltrúi sem á að baki lengstu setu í bærarstjórn kveður bærarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bærarfulltrúar átt jafnlengi setu í bærarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bærarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bærarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bærarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bærarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bærarstjórnar tekur bærarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggunum hætti, svo sem á heimasíðu, í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bærarstjóri semur dagskrá bærarstjórnarfundar í samráði við forseta bærarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bærarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar bærarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bærarstjórnar og bærarstjóri og/eða forseti bærarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bærarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bærarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bærarstjórnarfundar skal tilkynna það bærarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bærarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bærarstjóri telur nauðsynleg til að bærarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bærarstjórnarfundar.

12. gr.

Bærarstjóri skal hafa sent bærarfulltrúum fundarboð bærarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bærarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu á skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta bæjarfulltrúa skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þeir eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

16. gr.

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbragði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að

skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti skv. 24. gr. Sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Varamenn hins kjörna bæjarráðsmanns geta verið þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista. Gilda þá sömu reglur um varamenn áheyrnarfulltrúa skv. 4. mgr. og varamenn aðalmanna í bæjarráði.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjóri varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara. Formaður stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag

bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráðið og/eða bæjarstjórnina.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrír bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Barnaverndarnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í sameiginlega nefnd Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
3. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 73/1997.
4. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Menningarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
6. *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
7. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
8. *Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. samþykktar SSS frá 1986.
9. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, sbr. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
10. *Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, sjá og stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
11. *Stjórn Dvalarheimila aldraðra*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
12. *Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara, samanber stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
13. *Brunavarnir Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara, samkvæmt stofnsamningi.
14. *Félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
15. *Íþrótt- og tómstundanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
16. *Ferlinefnd fatlaðra á Suðurnesjum*. Einn aðalmaður og einn til vara, samanber samþykkt Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá desember 1988.
17. *Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.

18. *Forðagæsla*. Einn búfjárefartilritsmaður og einn til vara skv. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
19. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar).
20. *Vímuvarnanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar frá júlí 1998.
21. *Náttúruverndarnefnd*. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í sameiginlega nefnd sveitarfélaganna, samanber lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
22. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
23. *Þjónustuhópur aldraðra*. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í þjónustuhóp aldraðra samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna þar um, samanber lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindi.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóranum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Bæjarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammur um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhags-áætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

71. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. samþykktarinnar um fjölda bæjarfulltrúa tekur gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum sem fram fara í maí 2006. Til þess tíma er bæjarstjórn skipuð fimm bæjarfulltrúum.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Vatsleysustrandarhrepps nr. 586/2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. desember 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Borgerður Benediktsdóttir.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs á Akranesi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar og gildissvið.

Akraneskaupstaður annast meðhöndlun úrgangs á Akranesi, á þann hátt og með þeim takmörkunum sem leiða af samþykkt þessari, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

Tækni- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar fer með stjórn úrgangsmála á Akranesi. Um eftirlit fer skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og reglugerðum settum skv. þeim. Til sorpsöfnunar telst hirðing almenns húsasorps frá íbúðarhúsnæði.

Til meðhöndlunar úrgangs telst söfnun, geymsla, pressun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting eða urðun.

Móttökustöð er í landi Akraneskaupstaðar við Höfðasel. Þar er tekið á móti úrgangi sem fellur til á Akranesi. Söfnunarstöðvar eru gámaplön sem starfrækt eru af Akraneskaupstað utan aðalstarfsstöðvar (Gámu) og ætlað er að taka á móti flokkuðum úrgangi. Bæjaryfirvöld ákveða í hverju tilfelli hvaða sorpflokkun er tekið á móti í söfnunarstöðvum, innan þeirra marka sem starfsleyfi kveður á um.

2. gr.

Skyldur verktaka.

Verktakar sem annast sorpsöfnun samkvæmt samningi við Akraneskaupstað skulu uppfylla ákvæði samninga um meðhöndlun úrgangs og hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar Vesturlands til starfsemi sinnar, samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi. Sama gildir um verktaka sem sinna hirðingu rekstrarúrgangs hjá fyrirtækjum á Akranesi.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrirkomulag sorphirðu frá íbúðarhúsnæði.

Heimilísúrgangur skal hirtur með reglulegum hætti frá íbúðareigendum. Bæjarstjórn Akraness ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd hvaða ílát og hvaða aðferðir skuli nota til sorpsöfnunar. Eigendum og umráðamönnum íbúðarhúsnæðis á Akranesi er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir við sorpsöfnun sem bæjarstjórn ákveður.

Akraneskaupstaður leggur íbúðum til viðeigandi sorphílát, samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar. Fyrir viðbótarílát greiðist gjald samkvæmt gjaldskrá. Þar sem stærrí ílát henta betur, svo sem við fjölbýlishús, getur bæjarstjórn ákveðið notkun þeirra.

4. gr.

Skyldur húsráðenda.

Sorpgeymslur skulu uppfylla ákvæði byggingar- og hollustuháttareglugerða. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir starfsmenn sorphirðu og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu standa saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Húsráðendur skulu halda sorp-

ílátum hreinum, hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Notkun sorpíláta.

Óheimilt er að láta garðúrgang, jarðefni eða grjót í almenn sorpílát. Jarðefnum, þar með töldu grjóti eða múrbroti, skal komið fyrir á sértilgreindum móttökustað. Óheimilt er að losa í almenn sorpílát spilliefni, hættuleg efni eða efni sem sprengihætta getur stafað af, þunga málmhluti eða tærandi efni.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum endurvinnanlegum úrgangi skal skilað aðgreindum á sorpmóttökustað (Gámu).

6. gr.

Tíðni sorpsöfnunar.

Bæjarstjórn ákveður tíðni sorpsöfnunar í bænum sem skal þó eigi fara fram sjaldnar en á 14 daga fresti. Íbúum skal kynnt tíðni sorpsöfnunar með hæfilegum fyrirvara.

III. KAFLI

Meðferð úrgangs frá fyrirtækjum.

7. gr.

Meðferð rekstrarúrgangs.

Rekstraraðilar bera ábyrgð á söfnun rekstrarúrgangs sem til fellur í starfsemi þeirra og ber að skila rekstrarúrgangi til móttökustöðvar með starfsleyfi. Þeir bera allan kostnað sem af meðhöndlun rekstrarúrgangs hlýst. Söfnun, frágangur og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar Vesturlands. Ákvæði II. kafla samþykktar þessarar um frágang og umgengni um sorpílát gilda einnig um þau ílát sem fyrirtæki nota undir rekstrarúrgang. Gæta skal fyllsta hreinlætis við söfnun og flutning og tryggja að ekkert fjúki eða falli af flutningatækjum sem óþrifnaði getur valdið.

Akraneskaupstaður tekur að sér förgun rekstrarúrgangs hjá þeim fyrirtækjum á Akranesi sem þess óska, samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og auglýsir.

IV. KAFLI

Móttaka úrgangs.

8. gr.

Móttaka úrgangs í söfnunarstöðvum og móttökustöð.

Akraneskaupstaður tekur við öllum úrgangi sem til fellur á Akranesi ýmist í móttökustöð (Gámu) eða í söfnunarstöðvum, eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar. Opnunartími söfnunar- og móttökustöðvar skal auglýstur opinberlega.

Úrgangur skal flokkaður við móttöku samkvæmt flokkunarreglum Gámu. Spilliefni, svo sem úrgangsolía og úrgangsvökvar, skulu aðskilin frá öðrum úrgangi og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Heimilt er að undanþiggja gjaldskyldu minni háttar magn, sem komið er með til móttökustöðvar. Ávallt skal leggja gjald á allan rekstrarúrgang.

V. KAFLI

Gjaldtaka.

9. gr.

Almennt sorpuhirðugjald.

Akraneskaupstaður, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, leggur á almennt sorpuhirðu- og sorpeyðingargjald sem standa skal undir þeim kostnaði sem á sveitarfélagið fellur vegna móttöku úrgangs, sorpsöfnunar, annarrar meðhöndlunar og förgunar úrgangs í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Almennt sorpuhirðugjald skal taka mið af fjölda og stærð íláta, hreinsunartíðni og förgun. Sorpuhirðugjald innheimtist með sama hætti og fasteignagjöld og á sömu gjaldkögum.

Kvörtunum vegna álagningar eða innheimtu gjalda skal beint til forstöðumanns sorpmóttökustöðvar (Gámu) eða tækni- og umhverfissviðs. Til tryggingar greiðslu sorpuhirðugjalda samkvæmt gjaldskrá er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

VI. KAFLI

Viðurlög, brottfall og gildistaka.

10. gr.

Viðurlagaákvæði.

Með brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum 33. og 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 24. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

11. gr.

Brottfall og gildistaka.

Samþykkt þessi er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs til þess að öðlast gildi við birtingu. Með þessari samþykkt fellur úr gildi eldri samþykkt um sorp-hreinsun á Akranesi nr. 728/1997.

Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum lóðum í Mosfellsbæ, hvort sem um eignar- eða leigulóðir er að ræða, skal greiða gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir til um í gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald, nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald, nr. 543/1996.

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í Mosfellsbæ. Skal nota það til greiðslu kostnaðar við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar þar á meðal nauðsynlegar sam- og tengigötur, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða.

Innifalið í fullu gatnagerðargjaldi er ein mæling fyrir staðsetningu og hæðarsetningu byggingar og einnig staðsetningu lóðarmarka.

3. gr.

Grunnur gatnagerðargjalds.

- a. Af hverjum fermetra lóðar greiðist ákveðið gjald eftir nýtingu hennar, þ.e. eftir húsa-gerðum, svo sem hér segir:

	kr. pr. ferm. lóðar
Einbýlishús	5.215
Par-, rað-, tví- og þrúbýlishús	4.808
Fjölbýlishús	4.750
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði	3.500

Ef íbúðarhúsnæði er á lóð ákvarðast gjaldflokkur af því, enda þótt annars konar húsnæði sé einnig á lóð.

- b. Þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um hefðbundnar gatnagerðarframkvæmdir, svo sem í dreifbýli, greiðist grunngjald á hvern m³ nýbyggingar, svo sem hér segir:
- i. Íbúðarhúsnæði kr. 1.014 kr./m³ að hámarki kr. 811.011 fyrir hverja byggingu.
 - ii. Annað húsnæði kr. 315 kr./m³ að hámarki kr. 2.591.718 fyrir hverja byggingu.
- Þegar ráðist er í gatnagerðarframkvæmdir innheimtist viðbótargatnagerðargjald samkvæmt almenntri gjaldskrá sem þá er í gildi, að frádregnu þegar greiddu grunngjaldi verðbættu samkvæmt byggingarvísitölu. Grunngjald, sem greitt hefur verið vegna byggingar, fylgir þeirri lóð sem bygging stendur á við uppgjör.
- Til þess að tryggja síðari innheimtu gjaldsins og koma í veg fyrir grandleysi þeirra er síðar kunna að eignast viðkomandi fasteign skal byggingarleyfisumsækjandi láta þinglýsa sérstakri yfirlýsingu á viðkomandi fasteign/lóð er lýtur að greiðslu hins óinnheimta viðbótargjalds.
- c. Fjárhæð gatnagerðargjalds skv. þessari grein, lágmarksgjald skv. 4. gr. og rúmmetragjald skv. 9. gr., breytist 1. janúar og 1. júlí ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins 316,3 stig í október 2005.
- d. Gatnagerðargjald skal ekki innheimt af sumarbústaðalóðum.

4. gr.

Lágmarksgjald.

Lágmarksgjald samkvæmt gjaldskrá þessari er eftirfarandi, sbr. þó 5. gr.:

Einbýlishús	kr. 4.000.000
Par- rað-, tví- eða þríbýlishús pr. íbúð	kr. 2.500.000
Fjölbýlishús pr. íbúð	kr. 900.000

5. gr.

Frávik frá almennri gjaldskrá.

- Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna tiltekinna svæða eða lóða um allt að 35%.
- Bæjarstjórn er heimilt að veita sérstakan afslátt þar sem lóðarhafar eða eigendur sjá sjálfir um ákveðna þætti framkvæmda skv. 2. gr.

6. gr.

Greiðsluskilmálar.

Gatnagerðargjald skal greiða innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar til umsækjenda um lóðarúthlutun og með þeim skilmálum, sem bæjarstjórn ákveður. Ef ekki er greitt innan tilskilins frests fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um.

Gatnagerðargjald af eignarlóð skal greiða áður en byggingarleyfi er gefið út.

7. gr.

Endurgreiðsluskilmálar.

Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð, eða ef lóðarúthlutunin er afturkölluð, skal gatnagerðargjald endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar á endurgreiðsludegi. Heimilt er að fresta endurgreiðslu uns lóðinni hefur verið úthlutað að nýju, þó ekki lengur en í sex mánuði frá því að lóðinni var skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á byggingar- og skipulagsmálum, svo og úthlutunarskilmálum. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal stuðst við 9. gr. reglugerðar nr. 543/1996.

8. gr.

Lögveðsréttur.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur það einnig til váttyggingafjár hennar.

9. gr.

Breyting húsnæðis.

- Gatnagerðargjald greiðist ekki þegar húsnæði stækkar, hvort heldur það gerist þegar byggt er við eða vegna annarra breytinga sem á því eru gerðar. Þetta á þó einungis við í þeim tilfellum þegar ekki þarf að koma til þess að auka þurfi við eða betrubæta götu eða lagnir sem þegar er fyrir hendi og þjóna því húsnæði sem í hlut á. Þurfi hins vegar að betrubæta götu eða lagnir skal beita rúmmetragjaldi sbr. staflíð c vegna stækkunarinnar.
- Gatnagerðargjald greiðist ekki þegar byggð er ný bygging á lóð í stað annarrar, sem hefur verið rifin, fjarlægð eða hefur brunnið. Sé hins vegar um breytta húsaagerð að ræða þ.e. að bygging sú sem rís í stað hinnar fyrri sé í dýrari gjaldflokki en hin fyrri tilheyrði, sbr. 3. gr. þessarar gjaldskrár, þá greiðist sá mismunur sem er á milli húsaagerða skv. tilvitnaðri

3. gr. Sé bygging sú sem rís í stað hinnar fyrri í ódýrari gjaldflokki kemur ekki til endurgreiðslu af hálfu Mosfellsbæjar.

Greinin á við þegar ein bygging vikur með ofangreindum hætti og önnur rís í hennar stað á sömu og óbreyttri lóð, gildir þá gjaldskrá 3. gr. stafliðar a um gjald pr. fermetra sé nýja byggingin í dýrari gjaldflokki.

- c. Rísi fleiri en ein bygging í stað þeirrar sem vikur, eða víki fleiri byggingar en reistar eru í staðinn, og nái breytingarnar yfir fleiri en eina lóð, er bæjarstjórn heimilt að taka tillit til þeirra bygginga (húsgerða) sem í hlut eiga og beita útreikningum grundvölluðum eftir atvikum á 3. gr. a-liðar og/eða á gjaldi pr. m³ sbr. þennan staflið. Ganga skal frá samkomulagi um greiðslutilhögun áður en framkvæmdir hefjast.

Einbýlishús	kr. 4.445 pr. m ³
Par-, rað-, tví- og þrjúbýlishús	kr. 2.857 pr. m ³
Fjölbýlishús	kr. 1.270 pr. m ³
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði	kr. 1.587 pr. m ³

10. gr.

Áfangaskipting framkvæmda.

Þegar lóðarhafa er heimilað að áfangaskipta byggingu, skal hann greiða gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingaleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í lóðarumsókn að hann óski eftir að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði áfangaskipti heimiluð af bæjarráði, falla gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykkt áfangaskiptingu eða samþykktir bæjarstjórnar.

Þegar áfangaskipting er heimiluð skal umsækjandi þinglýsa yfirlýsingu þess efnis á fasteign/lóð vegna hinna ógreidda áfangaskiptu gatnagerðargjalda.

11. gr.

Eldri sérsamningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.

Sérsamningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Mosfellsbæ fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar skv. lögum um gatnagerðargjöld, nr. 17/1996, og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld, nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Mosfellsbæ, frá 16. febrúar 2005.

Mosfellsbæ, 10. nóvember 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

byggingarleyfisgjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna yfirferðar og samþykktu aðaluppdráttu og fylgiskjala skal byggingarfulltrúi innheimta byggingarleyfisgjöld sem hér segir:

- A) Vegna allra byggingarleyfisumsókna skal greiða lágmarksgjald við móttöku umsóknar kr. 6.200.
- B) Fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu skal greiða byggingarleyfisgjald er nemi 62 kr.
- C) Við endurnýjun byggingarleyfa skal greiða lágmarksgjald.

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt B-lið 2. gr. skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma.

Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald verður ekki endurgreitt sé umsókn synjað, byggingarleyfi fellur úr gildi, eða ef umsókn er dregin til baka.

8. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppdráttum og fylgiskjöllum þeirra fram að byggingarleyfi.

9. gr.

Gjaldskrá þessi sem öðlast þegar gildi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 258 frá 16. febrúar 2005.

Mosfellsbæ, 30. desember 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis, að lágmarki kr. 9.700, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innfalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

	kr.
1. fyrir 240 l tunnu	9.700
2. fyrir 500 l gám	22.773
3. fyrir 660 l gám	26.885

Heimili sem óska eftir aukasorpíláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins að Völuteigi 15.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem gildir frá 1. janúar 2006 er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998 með síðari breytingum og með vísan til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarnáttur, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Við samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldaskrá um sama efni nr. 1022, frá 13. desember 2004.

Mosfellsbæ, 30. desember 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2006

GJALDSKRÁ

byggingarfulltrúans í Mosfellsbæ m.a. vegna úttekta, vottorða o.fl.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð, skjalagerð og yfirlestur ýmiss konar og íbúðaskoðanir sem gerðar eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir neðangreindar úttektir og með tilvísun til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir úttekt vegna byggingarstjórnarskipta, sbr. 36. gr.	10.800
B) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta, sbr. 47. gr.	5.700
C) Fyrir áfangáúttekt, sbr. 48. gr.	5.700
D) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr.	10.800
E) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	10.800

3. gr.

Byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangáúttekta samkvæmt C-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr.

Fyrir neðangreind vottorð, skjalagerð og yfirlestur ýmiss konar og með tilvísun til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og 53. gr. laga nr. 73/1997 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

Sbr. byggingarreglugerð nr. 441/1998:	kr.
A) Lokaúttektarvottorð, sbr. 54. gr.	6.200
B) Fokheldisvottorð, sbr. 55. gr.	17.000
C) Stöðuvottorð, sbr. 55. gr.	6.200
Sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997:	
D) Stofnskjalagerð, stór	10.300
E) Stofnskjalagerð, lítil	3.100
F) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsinga, stór	20.600
G) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsinga, lítil	10.300
H) Samrunaskjalagerð	15.500
I) Útsetning húss og lóðar, með tékkmælingu	56.600
J) Útsetning húss og lóðar, einföld útsetning	30.900

5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir: Fyrir hverja skoðun kr. 8.700.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr. er samhliða beiðni um úttekt.

Gjalddagi vottorða, sbr. 4. gr. er við afhendingu þeirra.

Gjalddagi skoðunargjalds, sbr. 5. gr. er samhliða beiðni um skoðun.

8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

10. gr.

Gjöld innheimt samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar við einstaka verkþætti gjaldskrárinnar.

11. gr.

Gjaldskrá þessi sem öðlast þegar gildi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 256 frá 16. febrúar 2005.

Mosfellsbæ, 30. desember 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2006

REGLUR

um erlenda lektora og sérfræðinga við Háskóla Íslands.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um störf þeirra sem ráðnir eru til Háskóla Íslands með starfsheitið *erlendum lektor* (sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands) eða *erlendum sérfræðingur* og byggjast á samningum við þriðja aðila.

Reglurnar gilda ekki um þá, sem tímabundið sinna kennslu og öðrum starfsþáttum við Háskóla Íslands á grundvelli samkomulags við heimaríki, og án þess að fyrir liggi ráðningarsamningur um starf við Háskóla Íslands.

Ákvæði kjarasamninga Félags háskólakennara og sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands, sbr. einkum III. kafla reglna nr. 458/2000, gilda um erlenda lektora nema kveðið sé sérstaklega á um annað í þessum reglum.

2. gr.

Skilgreining starfs.

Deild eða stofnun skilgreinir starf erlends lektors/sérfræðings í samræmi við stefnumörkun og þróunaráætlun deildar/stofnunar. Skýrt þarf að koma fram í skilgreiningu starfs hvaða sérstöku hæfni- og menntunarkröfur umsækjendur um starfið þurfa að uppfylla, með tilliti til fræðasviðs og prófgráða. Sérhvert starf erlends lektors/sérfræðings tengist tilteknu erlendu ríki (heimaríki) eða heimshluta.

Rektor f.h. viðkomandi háskóladeildar/stofnunar gerir samning við erlenda aðila (ríki eða alþjóðastofnanir) um stuðning við starfið, þar sem kveðið er á um bæði faglega þætti og fjárhagslega.

3. gr.

Nánar um störf erlendra lektora.

Umsækjendur um auglýst starf erlends lektors skulu vera ríkisborgarar þess ríkis sem í hlut á og ekki hafa fasta búsetu á Íslandi þegar þeir sækja fyrst um starfið. Þessi skilyrði þurfa ekki að vera uppfyllt ef kemur til framlengingar á ráðningarsamningi um starfið, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Almennt skal gerð krafa um að umsækjendur hafi tungu heimaríkis að móðurmáli en ekki á hinn bóginn að þeir hafi kunnáttu í íslensku. Heimilt skal þó vera í undantekningartilvikum að áskilja að viðkomandi hafi fullnægjandi íslenskukunnáttu, enda sé þess sérstaklega getið í auglýsingu. Dórnefnd metur hvort umsækjendur uppfylla þessa sérstöku hæfniskröfu.

Starfsskyldur erlendra lektora skiptast milli kennslu, rannsókna og stjórnunar í samræmi við almennar reglur sem háskólaráð setur þar að lútandi að höfðu samráði við Félag háskólakennara. Heimilt er þó með samkomulagi við viðkomandi erlendan lektor að skilgreina starfsskyldur hans þannig að hann sinni menningarmiðlun eða öðrum slíkum þáttum og að aðrir starfsþættir breytist sem því nemur. Sá hluti menningarmiðlunar sem ekki getur fallið undir hefðbundna starfsþætti verður þó mest 10% og takist hlutfallslega jafnt af öllum starfsþáttum. Deild ákveður til hvaða starfa við kennslu og stjórnun kennara er vísað, skv. nánari ákvæðum í þessari grein.

Erlendir lektorar eru hins vegar undanþegnir skyldu til að sækja deildarfundi, nema viðkomandi óski sérstaklega eftir því að hafa slíka skyldu og deildarfundur hefur fallist á það. Ákvörðun deildarfundar þar að lútandi skal bókuð í fundargerð.

Um skyldu til þess að sækja skorarfundi gildir það sama og um deildarfundi. Erlendur lektor getur alla jafna ekki orðið formaður eða varaformaður skorar, sbr. 2. mgr. 22. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, og þá og því aðeins að hann hafi gott vald á íslensku máli.

Miðað skal við að viðvera erlends lektors sé með sama hætti og annarra kennara, bæði innan og utan kennslu- og prófatímabíla, en leitast skal við að koma til móts við óskir um orlofstöku utan kennslutíma, eftir því sem frekast er unnt.

4. gr.

Nánar um störf erlendra sérfræðinga.

Umsækjendur um auglýst starf erlends sérfræðings skulu vera starfandi í þeim heimshluta sem kveðið er á um í samningum um starfið og ekki hafa fasta búsetu á Íslandi þegar þeir sækja fyrst um starfið. Þessi skilyrði þurfa ekki að vera uppfyllt ef kemur til framlengingar á ráðningarsamningi um starfið, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Við ráðningu í störf erlendra sérfræðinga er ekki gerð krafa um ríkisfang eða tungumála-kunnáttu.

Starfsskyldur erlendra sérfræðinga skiptast á milli rannsókna og stjórnunar samkvæmt almennum reglum Háskóla Íslands og/eða tengdra stofnana.

5. gr.

Auglýsing starfs og umsóknir.

Starf erlends lektors/sérfræðings skal auglýst í samræmi við gildandi reglur og verklag innan Háskóla Íslands. Auk þess skal auglýsing birt á viðeigandi vettvangi erlendis. Áður en starf er auglýst skal liggja fyrir staðfesting þess efnis, að nægilegt fé sé fyrir hendi til þess að ráða í það.

Um form umsóknar, umsóknarfrest og önnur slík atriði fer samkvæmt sameiginlegum reglum Háskóla Íslands. Heimilt er þó að víkja frá viðmiðum um umsóknarfrest að teknu tilliti til þess hvar auglýsing hefur birst.

6. gr.

Hæfnismat og tillögugerð um veitingu starfsins.

Um hæfnismat og tillögugerð um veitingu starfsins fer skv. sameiginlegum reglum Háskóla Íslands og sérreglum viðkomandi deildar/stofnunar eftir því sem við getur átt.

Heimilt skal vera að víkja frá ákvæðum sérreglna deildar/stofnunar hvað varðar álitsumleitan og leita umsagnar aðila í heimaríki eða á vegum alþjóðastofnunar varðandi umsóknir um störf erlendra lektora/sérfræðinga og byggja tillögugerð og ákvörðun um ráðningu í starfið m.a. á slíkum gögnum.

7. gr.

Ráðningarsamningur.

Hverju sinni skal gerður tímabundinn ráðningarsamningur til allt að þriggja ára um starf erlends lektors/sérfræðings.

Heimilt er að framlengja tímabundinn ráðningarsamning þannig að heildarráðningartími verði allt að fimm ár.

Heimilt er að binda ráðningarsamning þeirri forsendu að samningur sé í gildi milli Háskólans og heimaríkis/alþjóðastofnunar sbr. 2. mgr. 2. gr.

8. gr.

Önnur starfstengd atriði.

Um aðstöðu erlendra lektora/sérfræðinga gildir það sama og um aðstöðu annarra háskólakennara og sérfræðinga.

Um orlof erlendra lektora/sérfræðinga, greiðslur í lífeyrissjóð og slík lögbundin atriði fer skv. lögum.

Réttur erlendra lektora/sérfræðinga til rannsóknamissera og styrkja úr sjóðum er hinn sami og hvað aðra háskólakennara varðar. Réttur þessi er samkvæmt reglum háskólaráðs og/eða kjarasamningum Félags háskólakennara eftir því sem við á.

Um laun og önnur kjör erlendra lektora/sérfræðinga fer skv. gildandi kjarasamningum hverju sinni, þar á meðal um heimildir til framgangs.

9. gr.

Reglur þessar sem hlotið hafa staðfestingu háskólaráðs, sbr. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 21. desember 2005.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur innheimtir árlega fyrir tæmingu rotþróa samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt sveitarfélagsins um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru nr. 106/2005.

2. gr.

Gjalddagar eru þeir sömu og fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 4.500 kr. sem uppfærist í janúar ár hvert og mun taka mið af vísitölu neysluverðs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 1. desember 2004 með síðari breytingum dags. 7. desember 2005 skv. 25. gr. laga um hollustu-hætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 9. desember 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi 2006.

1. gr.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald), sbr. samþykkt nr. 417/2000, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskráin fyrir sorpeyðingu fyrir árið 2006:

	kr.
Íbúðarhús	6.979
Frístundahús (sumarhús)	4.285
Fyrirtæki/smárekstur	8.448
Lögbýli	8.448
Losun úr gámum	393 pr./kg

Sveitarstjórn tekur tillit til magns og flokkunar úrgangs frá fyrirtækjum og öðrum aðilum er þjónustuna nota. Þeir sem óska eftir aukagámum greiða kostnað vegna gámaflutninga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. samþykkt nr. 417/2000 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi og gildir fyrir árið 2006. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá ársins 2005 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 9. desember 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Sveitarfélaginu Árborg, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda stofngjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur nr. 81/1991, stofngjald holræsa skv. lögum nr. 15/1923 og byggingarleyfisgjald skv. lögum nr. 73/1997.

2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til gatnagerðar og til þess að gera lóðir í einkaeigu byggingarhæfar sem og til að gera sveitarfélaginu kleift að bjóða byggingarhæfar leigulóðir í sveitarfélaginu. Einnig til að standa undir kostnaði við endurbyggingu gatna með tilheyrandi lögnum, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða. Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og tekjum vegna stofngjalds holræsa til holræsaframkvæmda. Byggingarleyfisgjald er til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari taka breytingum mánaðarlega skv. breytingu á byggingarvísitölu. Grunnvísitala miðast við desember 2005, 316,6 stig.

3. gr.

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna lóða sem ekki hefur verið veitt byggingarleyfi á áður við gildistöku þessarar samþykktar, þ.e. nýjar lóðir, og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnaði á þegar byggðum lóðum við gildistöku samþykktarinnar, þ.e. eldri lóðir. Gjaldskráin gildir jafnt fyrir leigulóðir og eignarlóðir.

a) *Gatnagerðargjald vegna nýrra lóða* (ath. verð breytast með byggingarvísitölu).

	kr. pr. m ^{2*}
1. Einbýlishúsalóðir	10.902
2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	8.866
3. Raðhús á 2 hæðum, fjölbýlishús með þremur íbúðum	7.787
4. Fjölbýlishús	4.984
5. Atvinnu- og þjónustuhúsnaði	5.391
6. Hesthús	4.792

* m² er margfeldið af lóðarstærð og leyfðu nýtingarhlutfalli lóðar.

b) *Gatnagerðargjald vegna lóða* (sem úthlutað hefur verið fyrir 8. desember 1999).

Lóðir sem úthlutað hefur verið eftir 9. desember 1999 greiða ekki frekara gatnagerðargjald en það sem þeim hefur verið gert að greiða í upphafi.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra fjölbýlishúsa eins og hann er hverju sinni reiknaður af Rannsóknarstofnun byggingaríðnaðarins og Hagstofu Íslands.

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu, lágmarksgjald reiknað af 450 m ³	6,5%
Sama rými umfram 550 m ³	8,5%
Bifreiðageymslur á einbýlishúsalóðum, sólstofur og garðgeymslur allt að 20 m ²	3,25%
Rað- og parhús	5,5%
Bifreiðageymslur á parhúsalóðum, sólstofur og garðgeymslur allt að 20 m ²	2,25%
Fjölbýlishús	2,25%
Iðnaðarhús í skálabyggingum á einni hæð, stærra en 2000 m ³ + kr. 72,00 pr. m ² lóðar	2,50%
Iðnaðarhús í skálabyggingum á einni hæð, minna en 2000 m ³ + kr. 72,00 pr. m ² lóðar	2,75%
Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús	3,75%
Opinberar byggingar	6,50%
Annað húsnæði	4,75%

Ekki er greitt gatnagerðargjald fyrir lagnakjallara.

Ekki er greitt gatnagerðargjald fyrir garðhús undir 6 m² og heimilisgróðurhús undir 12 m². Fyrir stærri hús er greitt sama fermetragjald og gildir fyrir hesthús.

4. gr.

Stofngjald holræsa kr. 234 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Stofngjald í dreifbýli, eftir því sem við á, er skv. sérreglum sveitarfélagsins um fráveitu í dreifbýli.

5. gr.

Stofngjald vatnsveitu kr. 156 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Semja þarf sérstaklega um vatnsveitu í dreifbýli eða á stöðum fjarri dreifikerfislögnum vatnsveitu, þ.e. yfir 50 m.

6. gr.

Byggingarleyfis - og þjónustugjöld.

a) Byggingarleyfisgjöld.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi/skipulags- og byggingarnefnd samþykkir.

Upphæðir gjaldskrár breytast mánaðarlega í takt við vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Innfalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttu, byggingarleyfi, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fohheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

<i>Íbúðarhúsnæði:</i>		kr.
Einbýlishús	pr. lóð	92.719
Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	pr. íbúð	88.552
Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	pr. íbúð	71.884
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	pr. íbúð	44.961
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	pr. íbúð	37.577

<i>Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir - einnig sama húsnæði með íbúðum:</i>	kr.
Gólfflötur allt að 500 fermetrar	112.513
Gólfflötur yfir 500 fermetrar	154.185

<i>Ýmis húsnæði og hvers konar viðbyggingar:</i>	kr.
Sólstofur, garðhús, heimilisgróðurhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús og viðbyggingar allt að 20 fermetrar	39.067
Viðbyggingar 20 - 100 fermetrar	53.392
Viðbyggingar stærri en 100 fermetrar = Sömu gjöld og af því húsnæði sem byggt er við	
Ekki eru greitt byggingarleyfisgjald fyrir garðhús undir 6 fermetrum	

b) Þjónustugjöld.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi. Upphæðir afgreiðslu- og þjónustugjalda breytast mánaðarlega í takt við byggingarvísitölu, sbr. 2. mgr. 2. gr.

	kr.
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	7.713
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	4.959
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	12.672
Vottorð vegna vinnveitingaleyfa	12.672
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	7.713
Fyrir grenndarkynningu, minniháttar	8.265
Fyrir grenndarkynningu, umfangsmikla	35.815
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	22.040
Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	12.501
Húsaleiguúttektir	4.959
Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	4.959
Stöðuleyfi	4.959
Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; pr. mælingu	11.020
Fyrir gerð nýs deiliskipulags eða vegna breytinga á þegar samþykktu aðal- og/eða deiliskipulagi gildir eftirfarandi: Viðkomandi hagsmunaaðili ber allan kostnað af breytingunum, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.	
Ljósritun, A2, A3, A4 (skv. kostnaði)	

8. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu greidd skv. „Samþykkt um greiðslur og greiðslukjör vegna álagningar og innheimtu álagðra gjalda“.

9. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð. Endurgreiðslunni er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju en þó ekki lengur en í sex mánuði. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógiltar á sannanlegan hátt. Ekki koma til bætur vegna hugsanlegra framkvæmda á lóðinni.

10. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar skv. lögum nr. 17. frá 21. mars 1996 og gildandi reglugerð um gatnagerðargjöld frá 8. október 1996. Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað.

Eldri gjaldskrár byggingarleyfisgjalda falla úr gildi við gildistöku nýrrar.

Bráðabirgðaákvæði.

Ef húseigandi hefur skv. eldri samþykkt um gatnagerðargjöld greitt a-gatnagerðargjald á fullbyggðri lóð og b-gjald hefur ekki enn verið lagt á af hálfu sveitarfélagsins skal það lagt á þegar slitlag hefur verið sett á viðkomandi götu og gatnagerðargjald skv. eldri samþykktum lagt á viðkomandi húseign.

Samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, 14. desember 2005.

Einar Guðni Njálsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2006

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 2005:

I. Íslenskir ríkisborgarar.

1. janúar 2005:

Ásmundur Jónsson framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross, fyrir framlag til nýsköpunar á sviði tónlistar.

Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir prestur, Kópavogi, riddarakross, fyrir störf í þágu trúar og kirkju.

Birgir D. Sveinsson kennari, Mosfellsbæ, riddarakross, fyrir störf í þágu tónlistar.

Björgólfur Guðmundsson athafnamaður, Reykjavík, riddarakross, fyrir framlag til viðskiptalífs og menningar.

Edda Heiðrún Backman leikkona, Reykjavík, riddarakross, fyrir störf í þágu íslenskrar leiklistar.

Eiríkur Smith listmálari, Hafnarfirði, riddarakross, fyrir myndlistarstörf.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Akureyri, riddarakross, fyrir störf í þágu sveitarstjórnar- og byggðamála.

María Th. Jónsdóttir, formaður Félags aðstandenda Alzheimerssjúkra, Garðabæ, riddarakross, fyrir störf í þágu velferðar og málefna minnissjúkra.

Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, Reykjavík, stórriddarakross, fyrir störf í opinbera þágu.

Már Sigurðsson ferðamálafrömuður, Haukadál, riddarakross, fyrir frumkvæði í uppbyggingu ferðaþjónustu.

Ragnar Bjarnason söngvari, Reykjavík, riddarakross, fyrir framlag til íslenskrar tónlistar.

Sigurður Björnsson yfirlæknir, Reykjavík, riddarakross, fyrir störf í þágu krabbameinslækninga.

Sigurveig Guðmundsdóttir, fv. kennari, Hafnarfirði, riddarakross, fyrir störf í þágu mennta- og félagsmála.

Valgerður Sverrisdóttir ráðherra, Eyjafirði, stórriddarakross, fyrir störf í opinbera þágu.

Dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, Reykjavík, riddarakross, fyrir vísindastörf.

Örlygur Kristfinnsson safnstjóri, Siglufirði, riddarakross, fyrir framlag til uppbyggingar Síldarminjasafnsins.

11. mars 2005:

Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, Reykjavík, stórkross.

17. júní 2005:

Dr. Bjarni Guðmundsson prófessor, Hvanneyri, riddarakross, fyrir landbúnaðarannsóknir.

Drífa Kristjánsdóttir, Torfastöðum, riddarakross, fyrir störf að velferðarmálum unglinga.

Eiður Smári Guðjohnsen knattspyrnumaður, Bretlandi, riddarakross, fyrir íþrótttaafrek.

Eyjólfur Sigurðsson framkvæmdastjóri Kiwanis International, Bandaríkjunum, riddarakross, fyrir störf í þágu félagsmála á alþjóðavettvangi.

Guðbjörg Kristjánsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns, Kópavogi, riddarakross, fyrir störf í þágu lista og menningar.

Dr. Haraldur Sigurðsson, jarðfræðingur, Bandaríkjunum, riddarakross, fyrir vísindastörf.

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkflugvelli, Garðabæ, riddarakross, fyrir störf í þágu löggæslu og fíkniefnavarna.

Jónas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Austfars, Seyðisfirði, riddarakross, fyrir framlag til samgangna og ferðamála.

Leifur Breiðfjörð listamaður, Reykjavík, riddarakross, fyrir framlag til glerlistar.

Páll Samúelsson, stjórnarformaður Toyota, Mosfellsbæ, riddarakross, fyrir framlag til viðskiptalífs og menningar.

Páll Steingrímsson kvikmyndagerðarmaður, Reykjavík, riddarakross, fyrir framlag til heimildamyndagerðar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík, riddarakross, fyrir störf í þágu sveitarstjórnarmála.

30. september 2005:

Kristinn Jóhannesson lektor, Svíþjóð, riddarakross.

6. október 2005:

Geir H. Haarde utanríkisráðherra, stórriddarakross með stjörnu, fyrir störf í opinbera þágu.

II. Erlendir ríkisborgarar.

31. janúar 2005:

Brad Leithauser rithöfundur, Bandaríkjunum, riddarakross.

15. apríl 2005:

Gunnar Boman prófessor, Svíþjóð, riddarakross.

15. maí 2005:

Francesca von Habsburg, Austurríki, riddarakross.

24. maí 2005:

Lars Lönnroth prófessor, Svíþjóð, riddarakross.

1. september 2005:

Ellen Marie Mageroy heimspekingur, Noregi, riddarakross.

2. október 2005:

Klaus von See prófessor, Þýskalandi, riddarakross.

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Grundarfirði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í þéttbýli Grundarfjarðar sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu sveitarfélagsins liggja skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Hið sama gildir um fasteignir þar sem rotprær hafa verið settar upp og sveitarfélagið þjónustar.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,18% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar skv. matsskrá Fasteignamats ríkisins ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

4. gr.

Fráveitugjald má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Grundarfjarðar þann 14. desember 2005, sbr. reglugerð um fráveitu í Eyrarsveit nr. 212/2001, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Grundarfirði, 14. desember 2005.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2006

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Grundarfirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps í Grundarfirði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps með fasteignagjöldum ár hvert. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphirðing fer fram kr. 9.200 á íbúð í sorphirðugjald og kr. 7.800 á íbúð í sorpeyðingargjald.
- b) Sumarbústaðir og önnur orlofshús sem njóta ekki sorphirðingar, kr. 4.300 í sorpgjald.

3. gr.

- Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 6.200 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.
- Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 1.400 fyrir hvern rúmmetra.
- Fyrir heil dekk greiðast kr. 6.200 fyrir hvern rúmmetra.
- Fyrir skorin dekk kr. 3.100 fyrir hvern rúmmetra.
- Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 5.000 fyrir tonnið.
- Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 1.200 fyrir rúmmetra.
- Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 6.100 fyrir tonnið.
- Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 800 á rúmmetra.
- Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 9.300 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 12.400 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 15.500 fyrir hvert tonn.
- Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 2.400 fyrir rúmmetra.
- Virðisaukaskattur er innifalinn í verði skv. þessari grein.
- Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði gámasstöðvar er heimilt að innheimta afgreiðslu- og vigtargjald að fjárhæð kr. 500 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

4. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku kæli- og frystiskápa.

5. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

6. gr.

Innheimta samkvæmt 3. gr. er gerð með sérstökum reikningi, eindagi er 15 dögum eftir útskrift reiknings.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar þann 11. desember 2003, með síðari breytingum, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um sorphirðu í Grundarfirði nr. 462/2002 og öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 14. desember 2005.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2006

BÆJANÖFN O.FL.

Árið 2005 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Akrar. Úr landi Kringlu I, Grímsnes- og Grafningshreppi.
 Baugsstaðir III. Úr landi Baugsstaða, Sveitarfélaginu Árborg.
 Björk II. Úr landi Bjarkar, Grímsnes- og Grafningshreppi.
 Bæjarholt. Úr landi Snjallsteinshöfða I, Rangárþingi ytra.
 Dverghamar. Úr landi Hamars I og Hamars II, Gaulverjabæjarhreppi.
 Einholt. Úr landi Syðri-Hofdala, Sveitarfélaginu Skagafirði.
 Grímarsstaðir II. Úr landi Grímarsstaða, Borgarfjarðarsveit.
 Grímstunga II. Úr landi Grímstungu, Öxarfjarðarhreppi.
 Hafragil II. Úr landi Hafragils, Sveitarfélaginu Skagafirði.
 Húnsstaðir II. Úr landi Húnsstaða, Torfalækjarhreppi.
 Kjóastaðir III. Úr landi Kjóastaða II, Bláskógabyggð.
 Krúmýri. Úr landi Glóru, Hraungerðishreppi.
 Laufbrekka. Úr landi Norðurkots, Reykjavík (Kjalarnesi).
 Lindarholt. Úr landi Ölvaldsstaða I, Borgarbyggð.
 Lindtunga. Úr landi Dalsmynniss, Bláskógabyggð.
 Ljónshöfði. Úr landi Lambafells, Rangárþingi eystra.
 Lyngholt. Úr landi Syðri-Hamra I, Ásahreppi.
 Norðurnes. Úr landi Kvíarholts, Rangárþingi ytra.
 Selás. Úr landi Pulu, Rangárþingi ytra.
 Skammilækur. Úr landi Berustaða I, Ásahreppi.
 Skinnhúfa. Úr landi Kvíarholts, Rangárþingi ytra.
 Staður. Úr landi Staðarhúsa, Borgarbyggð.
 Stóragerði. Úr landi Ytri-Grímslækjar, Sveitarfélaginu Ölfusi.
 Varghóll. Úr landi Skammbeinsstaða II, Rangárþingi ytra.
 Vorsabær III. Úr landi Vorsabæjar II, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
 Þrándarholt V. Úr landi Þrándarlundar, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Árið 2005 fjallaði örnefnanefnd ennfremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum, samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:

Galtastaðir út. Áður Ytri-Galtastaðir í Hróarstungu.
 Ósakot. Áður Tjaldbúðir í Staðarsveit.

Örnefnanefnd, 31. desember 2005.

Ari Páll Kristinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, svæði sunnan Hofsjökuls.

Samkvæmt 14. gr. a., sbr. 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 29. desember 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Eftirfarandi breytingar verða á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 á svæðinu sunnan Hofsjökuls:

A. Orkuvinnsla.

1. *Nýting jarðvarma. Hágöngur - Köldukvislarbotnar:* Gert er ráð fyrir nýtingu jarðvarma við Hágöngur.
2. *Háspennulínur. Háspennulína frá jarðvarmavirkjun við Hágöngur:* Gert er ráð fyrir tengingu að Sprengisandslínu.

B. Náttúruvernd.

Breyting verður við Hágöngur vegna nýtingar jarðvarma, gert er ráð fyrir að almenn verndarsvæði við Hágöngulón breytist í fyrirhuguð orkuvinnsla jarðhita.

C. Samgöngur.

1. *Hágönguleið, Vonarskarð - Sveðjuhraun:* Skipulagsuppdráttur er leiðréttur í samræmi við legu núverandi vegar að Hágöngum.
2. Gerðar eru breytingar á skipulagsuppdrætti á legu aðalfjallvegur milli Hágangna og núverandi Sprengisandsleiðar og tengingin færð til suðurs í samræmi við nýjar mælingar.
3. *Kerlingafjöll - Norðlingaalda:* Gert er ráð fyrir að núverandi einkavegur norðan Kerlingafjalla að Norðlingaöldu sunnan Þjórsárvera færist í flokk fjallvega.
4. *Leppistungur - Bjarnalækjarbotnar:* Færður er inn á skipulagsuppdrátt núverandi afréttarvegur um Hrunamannafrétt og breytt lega til suðurs á fyrirhuguðum vegi á milli Bjarnalækjarbotna og Leppistungna með tengingu við afréttarveginn.

D. Ferðamál.

1. *Hálendismiðstöð í Kerlingafjöllum:* Gert er ráð fyrir að skálasvæði í Kerlingafjöllum verði fært upp um flokk og verði hálendismiðstöð.
2. *Heiðará, Fjallasel við Heiðarvatn:* Gert er ráð fyrir fjallaseli við Heiðarvatn sem tengist nýtingu veiðiréttar í Heiðarvatni.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálandisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar hvað ofangreindar breytingar varðar. Synjað er staðfestingar á þeim hluta skipulags-tillögunnar sem varðar Norðlingaölduveitu og gildir því núverandi svæðisskipulag áfram á því svæði.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 29. desember 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2006

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
1142	15. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Grindavík	2612
1143	20. des.	Gjaldskrá vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri	2613
1144	21. des.	Auglýsing (IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta	2614-2616
1145	13. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps	2617
1146	22. des.	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á oliuvörum	2618
1147	20. des.	Auglýsing um hækkun atvinnuleysisbóta	2619
1148	20. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðing-arorlofsjóði og greiðslu fæðingarstyrks	2620
1149	16. des.	Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur	2621-2622
1150	22. des.	Auglýsing um friðland í Guðlaugstungum	2623-2626
1151	9. des.	Reglur um breytingu (26) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands	2627
1152	9. des.	Reglur um breytingu á reglum nr. 134/2005, um doktorsnám og rannsókná-námsnefnd við lagadeild Háskóla Íslands	2628
1153	9. des.	Reglur um breytingu á reglum nr. 573/2005, um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands	2629
1154	21. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 728/2004 um fljótandi eldsneyti	2630-2631
1155	20. des.	Reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við gleraugu	2632-2634
1156	21. des.	Reglugerð um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsborski 2006, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands	2635-2637
1157	22. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	2638
1158	21. des.	Auglýsing um nýtt fasteignamat	2639-2640
1159	20. des.	Auglýsing um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2006	2641
1160	23. des.	Reglugerð um fasteignaskatt	2642-2644
1161	23. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr. 919/2002 ..	2645
1162	20. des.	Reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2006 ...	2646-2648
1163	6. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð	2649
1164	23. des.	Gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn	2650-2651
1165	19. des.	Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps	2652-2656
1166	14. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Lækjargata norður, Hafnarfirði	2657
1167	15. des.	Gjaldskrá um fráveitu- og rotþróargjald í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2006	2658
1168	15. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2006	2659-2660
1169	15. des.	Gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa í Sveitarfélaginu Ölfusi	2661
1170	15. des.	Gjaldskrá fyrir vatnsveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi	2662-2663
1171	15. des.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2006	2664
1172	8. des.	Auglýsing um deiliskipulag fristundabyggðar í Refsási (III. áfanga), í landi Hálsa, Skorradalshreppi	2665
1173	13. des.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2666
1174	29. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 547, 27. maí 2005, um togveiðar á kolmunna 2005	2666
1175	29. des.	Reglugerð um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2006	2667-2672
1176	29. des.	Reglugerð um togveiðar á kolmunna 2006	2673-2674
1177	29. des.	Reglugerð um línuveiðar norskra skipa í íslenski fiskveiðilandhelgi árið 2006	2675-2678
1178	29. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 419, 2. maí 2005, um friðunarsvæði í Arnarfirði vegna fôðrunar- og eldisrannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar	2679
1179	29. des.	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á oliuvörum	2680
1180	29. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um varasjóð húsnæðismála, nr. 656/2002	2681-2682
1181	30. des.	Reglugerð um hámark ábyrgðar Abygðasjóðs launa	2683
1182	20. des.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015	2684
1183	20. des.	Auglýsing frá ríkisskattstjóra um verðbreytingarstuðla orkufyrirtækja við upp-haf skattskyldu þeirra samkvæmt lögum nr. 50/2005, um skattskyldu orku-fyrirtækja	2685
1184	20. des.	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 6/2005	2686
1185	19. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2016, Bjarnarflag	2687
1186	20. des.	Auglýsing deiliskipulag lóðarinnar að Tangagötu 26, Ísafirði, Ísafjarðarbæ	2688
1187	22. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð bensinstöðvar við Hafnarstræti 21, Ísafirði	2688
1188	20. des.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra, nr. 513/2002, með síðari breytingum	2689
1189	20. des.	Reglugerð um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2006	2690-2691
1190	20. des.	Hafnarreglugerð fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar	2692-2700
1191	20. des.	Hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarhöfn	2701-2705
1192	15. des.	Reglugerð um fjárvörslureikninga lögmannna o.fl.	2706-2709

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1193	16. des.	Auglýsing um gjald vegna þátttöku á fyrri hluta prófraunar til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður	2710
1194	15. des.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	2711-2712
1195	28. des.	Reglur um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2006	2713-2718
1196	28. des.	Reglur um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2006	2719-2727
1197	28. des.	Reglur um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2006	2728
1198	27. des.	Skipulagsskrá fyrir Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	2729-2732
1199	27. des.	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit	2733
1200	30. des.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar	2734-2751
1201	23. des.	Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds í Austurbyggð	2752
1202	23. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Austurbyggð	2753
1203	28. des.	Auglýsing um gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur	2754
1204	28. des.	Skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð samtaka psoriasis- og exemsjúklinga (VSPO-EX)	2755-2756
1205	15. des.	Gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ	2757-2758
1206	15. des.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ	2759-2760
1207	15. des.	Gjaldskrá fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ	2761
1208	15. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ	2762-2763
1209	22. des.	Samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg	2764-2765
1210	27. des.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar	2766-2779
1211	28. des.	Auglýsing um deiliskipulag athafnasvæðis á Tungumelum í Mosfellsbæ	2780
1212	28. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Grindavík	2780
1213	22. des.	Gjaldskrá fyrir fráveitugjald í Garðabæ	2781
1214	22. des.	Gjaldskrá fyrir rotþróargjald í Garðabæ	2782
1215	22. des.	Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ	2783
1216	22. des.	Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hestúshverfinu við Kjóavelli	2784
1217	16. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fristundabyggðar við Skálalæk í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi	2785
1218	27. des.	Auglýsing um deiliskipulag á svæði 6, lóðir 54 og 55, í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi	2786
1219	30. des.	Auglýsing um óverulega breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda, 4. áfanga í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi	2786
1220	29. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Suðurnes	2787
1221	29. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar	2787
1222	29. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.	2788
1223	21. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Valla 3. áfanga, Kirkjuvellir 7, Hafnarfirði	2788
1224	21. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Kirkjuvellir 3 og Einvellir 5, Hafnarfirði	2789
1225	21. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi, Hellnahraun – athafnasvæði, 1. áfangi, lóðin Íshella 5a í Hafnarfirði	2789
1226	22. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Valla 3. áfanga, Eskivellir nr. 1, 3, 7, 9 og Drekafellir 26, Hafnarfirði	2790
1227	30. des.	Auglýsing um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni	2790
1228	30. des.	Gjaldskrá Ferðamálastofu	2791
1229		Reikningur Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2004	2792-2793
1230	22. des.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga	2794-2807
1231	22. des.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Akranesi	2808-2810
1232	10. nóv.	Gjaldskrá um gatnagerðargjald í Mosfellsbæ	2811-2813
1233	30. des.	Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda í Mosfellsbæ	2814-2815
1234	30. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ	2816
1235	30. des.	Gjaldskrá byggingarfulltrúans í Mosfellsbæ m.a. vegna úttekta, vottorða o.fl.	2817-2818
1236	21. des.	Reglur um erlenda lektora og sérfræðinga við Háskóla Íslands	2819-2821
1237	9. des.	Gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi ..	2822
1238	9. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi 2006	2823
1239	14. des.	Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Árborg	2824-2827
1240		Heiðursmerki fálkaorðunnar	2828-2829
1241	14. des.	Gjaldskrá fyrir fráveitu í Grundarfirði	2830
1242	14. des.	Gjaldskrá fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Grundarfirði	2831-2832
1243	31. des.	Bæjanöfn o.fl.	2833
1244	29. des.	Auglýsing um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, svæði sunnan Hofsjökuls	2834-2835